



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. september 2005 - 252. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Steingrímur hættur

Eyjapeyinn Steingrímur Jóhannesson er fluttur í bæinn og hættur í fótboltanum. Hann er markahæsti leikmaður ÍBV frá upphafi.

ÍPRÓTTIR 29



Japanar áhugasamir um Ísland

Erna Tönsberg kynnir Ísland á Expo heimssýningunni í Japan og hefur fjórum sinnum komið fram í sjónvarpi til þess að kynna land og þjóð.

FÓLK 38



Björk sigurvegari

Björk Vilhelmsdóttir sigraði á árlegu golfmóti borgarstjórnar Reykjavíkur á dögnum. Hún hefur þrisvar sinnum leikið golf.

TILVERAN 16



Kominn tími til

Halldór Jóhannsson, nýráðinn framkvæmdastjóri KEA, segir tíma til kominn að hann fái að stjórna en hann hefur hingað til verið næstráðandi á vinnustöðum sínum.

TÍMAMÓT 22



VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL SYÐRA Hann er að snúast í norðanátt og þar með léttir til syðra en það verður áfram einhver rigning fyrir norðan. Hitinn er á bilinu 2-10 stig, hlýjast syðra.

VEÐUR 4

Bakland Halldórs ótraust

Halldór Ásgrímsson er sagður hafa misst trúnað flokksmanna með tilkynningu um framboð Íslands til öryggisráðsins. Enn og aftur hafi hann tekið ákvörðun án samþykkis þingflokks Framsóknarflokksins.

FRAMSÓKNARFLOKKURINN Framsóknarmenn, innan sem utan ríkisstjórnarinnar, segja að Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður flokksins, njóti ekki lengur nægilegs trúnaðar og þurfi jafnvel að víkja, eigi að tryggja Framsóknarflokknum gott gengi í næstu þingkosningum.

Með yfirlýsingu sinni á þingi Sameinuðu þjóðanna, þar sem hann lýsti yfir framboði Íslands til öryggisráðsins, hafi Halldór enn og aftur tekið ákvörðun sem

ekki hafi verið samþykkt í þingflokki.

Framsóknarmenn eru ósattir við framgöngu Halldórs af tveimur ástæðum. Annars vegar eru margir í grasrótinni óánægðir með ákvörðunina sjálfa og eru á móti því að Íslendingar taki sæti í ráðinu. Hins vegar er óánægja í þingflokki yfir því að Halldór skuli hafa lýst framboði Íslands yfir og þar með gert Framsóknarflokkinn ábyrgan fyrir ákvörðuninni í stað þess að leita eftir þeirri

þverpólitísku samstöðu sem auðveldlega hefði átt að nást um málið, eða jafnvel að láta Geir H. Haarde, tilvonandi utanríkisráðherra, um yfirlýsinguna eins og Davíð Oddsson, fráfarandi utanríkisráðherra, hafði lagt til.

Heimildarmenn úr þingflokki um óttast að með því að lýsa yfir framboðinu hafi Halldór því gert Framsóknarflokkinn ábyrgan og að öll sú gagnrýni sem upp geti komið, annars vegar vegna kostnaðarins sem af framboðinu hlýst

og hins vegar ef við náum ekki sæti, beinist þá að Framsóknarflokki einum, en hann megi síst við því.

Heimildarmenn Fréttablaðsins, innan sem utan ríkisstjórnarinnar, ganga jafnvel svo langt að segja að öll forysta flokksins þurfi að fara frá því hún hafi gerst sek um að koma flokknum í þau vandræði sem hann er nú í, með því að tryggja ekki að samráð hafi verið um stór mál innan flokksins.

- sda / sjá síðu 6



SMALAD Á LANDMANNAFRÉTTI Olgeir Engilbertsson í Nefsholti í Rangárvallasýslu hefur smalað Landmannafrétt í rúm 40 ár. Dodge Weapon jeppinn hans er ágerð 1953 en Olgeir eignaðist hann 1972 og hefur ferðast á honum um hálendið í leit að ám og lömbum síðan þá.

Níræð kona veiddi níu punda lax í Stöðvará: Heilmikil átök voru að ná honum á land

LAXVEIÐI Guðný Jóna Þorbjörnsdóttir frá bænum Stöð í Stöðvarfirði veiddi níu punda lax í Stöðvará á fimmtudag. Guðný Jóna hélt nýverið upp á níræðisafmæli sitt og er því í hópi elstu laxveiðimanna landsins.

„Ég hafði rennt einu sinni þarna í hylinn þegar hann beit á. Það voru heilmikil átök að ná honum á land og tók dálitinn tíma,“ segir Guðný Jóna sem naut aðstoðar barnabarns síns við að landa laxinum góða.

Þetta var fimmti laxinn sem hún veiðir um ævina og um leið

stærsti lax sem veiðst hefur í Stöðvará. Þar hafa veiðst vænar bleikjur í gegnum árin en laxar verið sjaldsédari. Þó virðist sem breytingar séu að verða þar á því Guðný segir sveitunga sinn hafa veitt sex laxa í ánni í sumar.

Guðný Jóna bjó um árabíl á bænum Stöð en fluttist til Reykjavíkur fyrir tuttugu árum, þá sjötug að aldri, og hóf nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Hún hefur ekki ákveðið hvort laxinn verður grafinn eða reyktur.

- bps



GUÐNÝ JÓNA ÞORBJÖRNSDÓTTIR Veiddi fimmta laxinn um ævina á fimmtudag. Hann vó níu pund og var 76 sentimetrar að lengd.

Slippstöðin á Akureyri:

Bankinn frysti innistæðu

VIÐSKIPTI Landsbanki Íslands frysti 25 milljónir króna inni á reikningi Slippstöðvarinnar og lækkaði yfirdrátt fyrirtækisins um aðrar 25 milljónir. Heimildir Fréttablaðsins herma að þetta hafi komið stjórnendum Slippstöðvarinnar á óvart. Þeir hafi ætlað að nota 50 milljónirnar í rekstur fyrirtækisins sem nú hefur fengið greiðslustöðvun til 4. október.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins veitti Landsbankinn Slippstöðinni verkábyrgð í tengslum við samning Slippstöðvarinnar við þýska fyrirtæki DSD Stahlbau GmbH um samsetningu á þrýstipípum í aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Þjóðverjarnir greiddu 25 milljónir króna inn á samninginn sem Landsbankinn frysti til tryggingar verkábyrgðarinnar en á því áttu stjórnendur Slippstöðvarinnar ekki von á.

Um svipað leyti lækkaði Landsbankinn yfirdrátt Slippstöðvarinnar um aðrar 25 milljónir króna og þar með höfðu stjórnendur félagsins ekki aðgang að 50 milljónum króna sem þeir ætluðu til reksturs Slippstöðvarinnar.

- kk / sjá síðu 18

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

-FLYTJA VÖRUR-

FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagur

Kópavogur / Ísland

591 3000

SUBVESTURHORNID

Lestur á mánuðögum*

77%

Fréttablaðið

77%

Mbl.

52%

Blaðið

36%

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 12-80 ára á mánuðögum.



SPURNING DAGSINS

Ásmundur, ætti Sigur Rós að skipta um stíl?

Á meðan ég upplifi ekki þessa skelfingu tikaninn vil ég meina að Sigur Rós sé á réttri braut.

Tónfælna tikin Týra tryllist þegar hún heyrir lög Sigur Rósa. Ásmundur Jónsson er útgafandi hljómveitarinnar á Íslandi

Starfsmannaekla í skólakerfinu í Reykjavík:

Vantar um 230 starfsmenn

DAGVISTUNARMÁL Alls vantar 228 ófaglærða starfsmenn í grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili Reykjavíkur, samkvæmt upplýsingum frá Menntasviði Reykjavíkurborgar.

Rúmlega 100 starfsmenn vantar á leikskólana, um 85 á frístundaheimilin og 37 starfsmenn vantar í grunnskóla borgarinnar. Í grunnskólunum er um að ræða störf skólaliða í langflestum tilfellum, en einnig vantar fólk í skólaeldhús og stuðningsfulltrúa.

Alls eru 114 börn á biðlista eftir leikskólaplássi vegna starfsmannaekllunnar og 416 börn komast ekki að í frístundaheimilunum.

STARFSMANNAEKLA Í REYKJAVÍK:

Leikskólar:	
Fjöldi starfsmanna sem vantar	106
Fjöldi barna á biðlistum	114
Frístundaheimili:	
Fjöldi starfsmanna sem vantar	85
Fjöldi barna á biðlistum	416
Grunnskólar:	
Fjöldi starfsmanna sem vantar	37
Samtals:	
Fjöldi starfsmanna	128
Fjöldi barna á biðlistum	530

Biðlistar leikskólanna eru lengstir í Vesturbæ Reykjavíkur, þar sem alls 36 börn komast ekki að og 22 starfsmenn vantar. Ástandið er einnig slæmt í Grafarvogi og Kjalarnesi þar sem 33 börn eru á biðlista og Árbæ og Grafarvogi, þar sem 29 börn bíða.

Samkvæmt fréttum RÚV í gærkvöld voru kynntar tillögur í borgarráði síðastliðinn fimmtudag þar sem gert er ráð fyrir því að ófaglærðir starfsmenn leikskóla og frístundaheimila fái tvær eingreiðslur upp á 15 þúsund krónur og að reynt verði að fá fólk á atvinnuleysisbótum til starfa.



LEIKSKÓLABÖRN Á BREKKUBORG Í GRAFARVOGI Alls eru 114 börn á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík vegna starfsmannaeklu og 416 börn komast ekki að í frístundaheimilin.

Ölvaður við Players:

Braut tönn í lögreglumanni

LÖGREGLA Ungur maður sem sparkaði í andlit lögregluþjóns fyrir utan skemmtistaðinn Players í Kópavogi aðfaranótt sunnudags var látinn laus að loknum yfirheyrslum um miðjan dag í gær. Við árásina brotnaði tönn í lögregluþjóninum.

Lögregla hafði verið kölluð til vegna ölvunar mannsins og óláta fyrir utan staðinn, en hann barðist um á hæl og hnakka þegar verið var að handtaka hann. Að sögn lögreglu í Kópavogi var hann látinn sofa úr sér í fangageymslu. Hann má nú búast við að mál hans fari sína leið í réttarkerfinu og hann verði ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni.

Ísafjörður:

Rýma hús út af sprengingum

LÖGREGLA Gera átti litlar prufusprengingar í Gleidrahjalla ofan Ísafjarðar í gær til að undirbúa aðgerðir í dag og á morgun til varnar grjóthruni sem náð gæti ofan í byggð. Að sögn lögreglu á Ísafirði verða hús á Urðarvegi rýmd í dag og á morgun frá nú að morgni og fram til klukkan þrjú síðdegis.

Til stendur að sprengja í fjallinu og losa um grjót sem er þannig að lögun og stærð að við vissar aðstæður væri hætt við að það gæti oltið alla leið niður í byggð. Á miðvikudag og fimmtudag verður svo haldið áfram að sprengja, en þá verða rýmd hús á Hjallavegi.

Erfitt gæti orðið að mynda nýja stjórn

Samsteypa stóru fylkinganna tveggja þykir eftir þýsku kosningarnar í gær líklegri en þriggja flokka stjórn. Nýi Vinstriflokkurinn vill frekar vera í minnihluta en styðja stjórn jafnaðarmanna og græningja.

ÞÝSKALAND Í Þýskalandi óttast menn skammlífa stjórn og erfiðar og langvinnar stjórnarmyndunarviðræður eftir kosningarnar í gær, en ljóst er að stjórn jafnaðarmanna og græningja er fallin. Kjörsoðin var svipuð og síðast, eða undir 80 prósentum, þannig að jöfn staða stóru fylkinganna náði ekki að draga fólk á kjörstað.

Angela Merkel náði ekki meirihlutanum sem hún vonaðist eftir og þó svo að hún fái umboð til stjórnarmyndunar er óvíst að henni gangi vel að fá aðra flokka til samstarfs. Tölur í gær sýndu að bæði meirihlutasamstarf hægri og miðjuflokka og miðju- og vinstriflokka er út úr myndinni. Því þyrfti að fara nýjar leiðir í stjórnarmyndun, eða þá að mynduð yrði minnihlutastjórn, en sú staða hefur ekki komið upp áður á landsvísu í Þýskalandi.

Gerhard Schröder kanslari var í gær ófáanlegur til að játa sig sigraðan og sagðist enn myndu geta leitt næstu ríkisstjórn. Helst er horft til þess að stóru fylkingarnar tvær með Merkel og Schröder í broddi fylkingar nái saman um stjórnarsamstarf, en þó telja margir að það gæti tekið nokkurn tíma að ná þeirri lendingu. Búist er við að Merkel byrji með stjórnarmyndunarumboð, en til að Schröder fái kanslaraembættið, þyrfti henni fyrst að mistakast og hann tæki þá við umboðinu. Þá eru uppi nokkrar efasemdir um að flokkarnir gætu náð saman í stórum



KANSLARINN LÆTUR EINS OG SIGURVEGARI Gerhard Schröder og eiginkona hans Doris Schröder-Köpf fagna í höfuðstöðvum Jafnaðarmannaflokksins í Berlin í Þýskalandi í gær. Þrátt fyrir tap neitar Schröder að játa sig sigraðan.

málum og gæti slík stjórn þýtt að frestur yrði á aðgerðum til efnahagsumbóta í landinu.

Vinstristjórn með jafnaðarmönnum, græningjum og nýja Vinstriflokknum þykir hins vegar ólíkleg þar sem Óskar Lafontaine hefur alfarið hafnað því að geta unnið með Schröder. Þá hafa Merkel og Schröder bæði sagt samstarf við Lafontaine útilokað. Þá hefur verið talað um mögulega „umferðarljósastjórn“ en þar er vísað til flokkslista jafnaðarmanna, græningja og frjálslyndra demókrata (rauður,

grænn og gulur). Guido Westerwelle, leiðtogi frjálslyndra, hefur hins vegar frekar sagt vilja vera í minnihluta en taka þátt í slíku samstarfi. Þá væri möguleg hægristjórn með vinstri sveiflu þar sem kristilegir demókratar og frjálslyndir nyttu stuðnings græningja. Frjálslyndir og græningjar hafa lengi eldað grátt silfur, en í slíkri stjórn hefðu þó báðir smáflokkarnir möguleika á að vera í stjórn, hversu ólíklegt sem slíkt samstarf annars kynni að vera.

olikr@frettabladid.is

Kosið í Afganistan í gær:

Stórt skref fram á við

KABÚL, AP Kosið var til afganska þingsins í gær og voru það fyrstu frjálsu þingskosningarnar í landinu í 30 ár. Rúmar tólf milljónir manna voru á kjörskrá og herma fregnir að kjörsoðin hafi verið góð. Róstursamt var í landinu í aðdraganda kosninganna og féllu tugir manna í valinn í aðgerðum talibana.

„Þetta eru sögulegar fréttir,“ sagði Hamid Karzai, forseti landsins.

„Eftir 30 ára stríð, málamiðlanir, hernám og sorg eru Afganar loksins að taka stórt skref fram á við með hagsýni og pólitískum stofnunum.“



FRÁ KJÖRSTAÐ Mikil þátttaka var í kosningunum. Tólf milljónir voru á kjörskrá og sex þúsund í framboði.

Ungur ökumaður:

Óræk sönnun ölvunaraksturs

LÖGREGLA Ökumaður sem lögreglan á Akranesi stöðvaði aðfaranótt sunnudags, grunaðan um ölvun við akstur, dó áfengisdauða eftir blóðsýnatöku og reyndist lögreglu ómögulegt að vekja hann.

Að sögn lögreglu á Akranesi er þetta algjört einsdæmi, en bera þurfti manninn inn í fangaklefa þar sem hann fékk að sofa úr sér. Þegar maðurinn, sem er nálægt tvítugu, rankaði svo við sér aftur á hádegi í gær var hann færður til skýrslutöku og sleppt að henni lokinni.

Þá voru ellefu kærdir fyrir of hraðan akstur á Vesturlandsvegi frá klukkan tvö til sex síðdegis í gær.

- óká

Íbúar New Orleans fá að snúa heim á ný þrátt fyrir erfitt ástand:

Mælt gegn ákvörðun borgarstjórnans

NEW ORLEANS, AP Íbúar New Orleans hafa leyfi borgarstjórnans, Ray Nagin, til að snúa til síns heima á ný. Fólksflutningarnir eiga að hefjast í dag og standa út vikuna. Áætlanir borgarstjórnans gera ráð fyrir að um 180 þúsund manns komist til síns heima fyrir helgi.

Sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og umhverfismála hafa varað við þessum áformum borgarstjórnans og sagt að allt mæli gegn því að fólk flytjist til borgarinnar á ný. Telja þeir skort á hreinu vatni, neyðarþjónustu og símasambandi hmla því að fólk geti hafst við í borginni.

Enn er stór hluti New Orleans undir vatni og mengunarhætta því mikil. Hvorki er hægt að neyta vatns né nýta það til þvottar. Nagin borgarstjóri er þó viss í sinni sök og vill að fólk komist heim. „Við verðum að geta gert íbúum



NEW ORLEANS Enn er mikið starf óunnið svo að lífið í borginni geti gengið sinn vana-gang á ný.

New Orleans kleift að byrja upp á nýtt,“ segir hann og leggur áherslu

á að borgararnir sjálfir taki þátt í uppbyggingarstarfinu.

- ds

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is



Starfsfólk Bílabúðar Benna.

Lokað 16. - 20. september í tilefni afmælishátíðar
Bílabúðar Benna. Öllu starfsfólki er boðið til
hátíðar hjá Porsche í Pýskalandi.

Fylgstu með afmælistilboðum næstu daga.
Þér verður boðið!



Bílabúð Benna
30 ára



Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA XX.XX.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,59	61,89
Sterlingspund GBP	111,6	112,14
Evra EUR	75,5	75,92
Dönsk króna DKK	10,124	10,184
Norsk króna NOK	9,694	9,752
Sænsk króna SEK	8,083	8,131
Japanskt jen JPY	0,5553	0,5585
SDR	XDR	90,31
		90,85

Gengivísitala krónunnar
105,8445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungir framsóknarmenn:

Framboðið standi

ÖRYGGISRÁÐIÐ Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna hvetur ríkisstjórnina til að skorast ekki undan ábyrgð í alþjóðasamstarfi og leggst eindregið gegn því að framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna verði dregið til baka. Í yfirlýsingu frá sambandinu segir að sjálfstæð fullvalda þjóð verði að taka fullan þátt í samstarfi þjóðanna og geti ekki einvörðungu verið þiggjandi í því sambandi.

„Stjórn SUF hvetur ríkisstjórnina til að halda áfram að nota framboðið til að klára uppbyggingu og endurskoðun utanríkisþjónustunnar með því að taka upp stjórnmalasamband við öll ríki heims,“ segir í yfirlýsingunni. ■



ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
SUF styður framboð til öryggisráðsins.

Framsóknarkonur:

Vilja í öryggisráðið

ÖRYGGISRÁÐIÐ Þing Landssambands framsóknarkvenna styður ákvörðun ríkisstjórnarinnar að sækjast eftir aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í ályktun sem samþykkt var á landsþingi framsóknarkvenna kemur fram að þingið leggi áherslu á hlutverk Íslands í samfélagi þjóðanna í baráttunni fyrir friði, fullu jafnrétti kynjanna og gegn fátækt í heiminum.

„Þingið tekur undir það sjónarmið að sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna skapi okkur tækifæri til að axla ábyrgð sem ein ríkasta þjóð heims, til jafns við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum,“ sagði í ályktuninni. ■

Félagar í sportbátæigendaklúbbnum Snarfara:

Fleyttu blómum á slysstaðnum við Skarfasker

SLYS Félagar í Snarfara, félagi sportbátæigenda í Reykjavík, fleyttu í gær blómum þar sem bátur eins félaga þeirra fórst á Viðeyjarsundi um síðustu helgi.

Í gær var haldin bænastund í félagsheimili Snarfara í Naustavogi vegna slyssins og fellt niður áður fyrirhuguð hátíð vegna 30 ára afmælis félagsins. Bænastundinni stjórnaði sr. Sigurður Helgi Guðmundsson.

„Snarfari er félagsskapur ríflega 250 einstaklinga sem hafa í þrjátíu ár haft ánægju af siglingum um hafsvæðið í kringum Reykjavík. Félagið hefur blessunarlega ekki orðið áður fyrir at-

burðum sem þessum í 30 ára sögu sinni,“ segir í tilkynningu og vísað til slyssins um síðustu helgi. „Félagið í heild er í sárum vegna aðburðanna, en hefur þó getað veitt aðstandendum aðstoð þá erfiðu viku sem liðin er frá slysinu. Félagið hefur tekið þátt í leit þar sem allt að 130 félagar á samtals 35 bátum hafa siglt hafsvæðið frá Gróttu og að Akranesi.“ - óká

VIÐ SKARFASKER Í GÆR Félagar í Snarfara fjölmenntu á bænastund sem haldin var vegna slyssins sem varð á Viðeyjarsundi um síðustu helgi, en þar drukkuðu maður og kona, en hjón björguðust með 10 ára gamlan son sinn. Endað var á að fleyta blómum á slysstaðnum.



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Segja Siv hafa smalað konum til Ísafjarðar

Ósætti varð milli þátttakenda á þingi framsóknarkvenna vegna smölunar sem stuðningsmenn Bryndísar Bjarnarson, sem kjörin var formaður, stóðu fyrir. Siv Friðleifsdóttir er sögð hafa tekið þátt í smöluninni.

FRAMSÓKNARFLOKKUR Óánægja blossaði upp meðal framsóknarkvenna á landsþingi Landssambands framsóknarkvenna, LFK, sem haldið var á Ísafirði um helgina, þegar í ljós kom að stuðningsmenn Bryndísar Bjarnarson, sem sóttist eftir formannsembætti sambandsins, höfðu smalað hátt í tuttugu ungu konum á þingið til þess eins að greiða henni atkvæði.

Meðal stuðningsmanna Bryndísar er Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins, sem heyrðist hvað hæst í þegar Freyjumálið svokallaða kom upp fyrr á árinu, þegar hópur kvenna í Framsóknarfélaginu Freyju í Kópavogi, sem Siv er félagi í, smalaði hópi kvenna á aðalfund félagsins í því skyni að koma nýjum konum í stjórn félagsins.

Landsþing LFK hófst í gærmorgun og voru um sextíu konur víðs vegar af landinu mættar. Seint á laugardag bættust um 20 konur í hópinn, sem komið höfðu með flugi til Ísafjarðar, þar sem þingið var haldið, til þess eins að greiða Bryndísi atkvæði þegar kjósa átti í stjórn.

Elsa B. Friðfinnsdóttir var ein þeirra sem var ósátt við framgöngu stuðningsmanna Bryndísar og gagnrýndi þá opinberlega á þinginu. „Tveir kvenkyns þingmanna flokksins hvöttu til þess á þinginu á laugardag að mál væru rædd innan flokksins og þau útljád þar. Því fannst mér

ástæða til að segja eitthvað þegar ljóst var hvornig staðið var að smölun á þingið,“ segir Elsa.

„Það er athyglisvert að þetta er sami hópur og gagnrýndi yfirtökuna á Freyju, en beitti nákvæmlega sömu aðferðum til að tryggja þeim sem áttu sæti í stjórn LFK áframhaldandi völd,“ segir Elsa.

Siv Friðleifsdóttir kannast ekki við að hafa tekið þátt í smölun. „Þetta var kröftugt þing og ályktað um

mörg mikilvæg mál,“ segir hún. „Þarna mættu margar konur sem vilja starfa í samtökunum og hafa starfað í þeim lengi,“ segir Siv.

Bryndís Bjarnarson segir engar smalanir hafa verið viðhafðar. „Þær konur sem komu með flugi á laugardagseftirmiðdag tóku þátt í kvölddagskránni og svo mál-efnaumræðu á þinginu í gær. Það er eðlilegt að fólk komi til að styðja þá sem bjóða sig fram. Auðvitað fylgja stuðningsmenn öllum frambjóðendum og var þetta eðlileg mæting miðað við að verið var að skipta um fólk í stjórninni,“ segir Bryndís.

sda@frettabladid.is



Indónesía:

Fuglaflensa í dýragarði

JAKARTA, AP Dýragarðinum í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, hefur verið lokað í allt að þrjár vikur eftir að nítján fuglar dóu úr fuglaflensu. Virusinn hefur greinst víðsvegar í Asíu á síðustu tveimur árum og hafa meira en 60 manns látist úr sjúkdómnum.

Enn sem komið er hafa flest dauðsföll manna verið rakin til sýkra fugla en sérfræðingar halda því fram að virusinn geti breyst og farið að smitast manna á milli sem geti orsakað heimsfaraldur. Börn eru sérstaklega næm fyrir sjúkdómnum. ■

Hafnarfjörður og Vogar:

Sameiningarskýrsla kynnt

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ný skýrsla sem PARX hefur unnið vegna sameiningar Hafnarfjarðar og Vogar verður kynnt á morgun, en vinna við undirbúning sameiningararkosninga stendur nú sem hæst.

Skýrsluna má nálgast á vef sveitarfélaganna og í Ráðhúsi Hafnarfjarðar, þjónustuverinu og á hreppsskrifstofunni í Vogum. Um næstu helgi stendur til að bjóða upp á kynnisferðir í sveitarfélögum. „Íbúum Hafnarfjarðar verður boðið í rútuferð Yfi Vogar kl. 11.00 og Vogabúum til Hafnarfjarðar kl.14.00,“ segir á vef Hafnarfjarðar, en kynningarfundir verða haldnir fyrir íbúa, 28. september í Hafnarfirði og 29. september í Vogum.

- óká

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

VEÐURSPÁ

um hádegi>




HANN SNÝST Í NORDANATT Í DAG!

Það má reikna með að það dragi úr vindi með morguninum og það verður yfirleitt hæglaetsveður í dag. Það léttir til syðra en rignir lítillega fyrir norðan. Hitinn er enn yfir núllinu og gæti náð allt að 9 stigum syðra en annars er að verða nokkuð svalt. Á morgun má reikna með vestlægri, jafnvel breytilegri átt með lítillhátar vætu víða um land. Á miðvikudag er svo útlit fyrir austan hvassvíðri með rigningu - kannski vissara að fylgjast með því.

HÖRFUR Í HÖFUDBORGinni

Hæg norðlæg átt og bjartvíðri í dag en þykkar upp seint í kvöld. Á morgun gæti rígt dálítið en annars verður hæglaetsveður. Hitinn er á bilinu 4-7 stig og fer ögn kolhandi.



Kaupmannahöfn	17°C skýjað	París	20°C sk.m.köflum	Alicante	24°C heiðskirt
Osló	19°C léttskýjað	Berlín	18°C sk.m.köflum	Mílano	20°C léttskýjað
Stokkhólmur	24°C sk.m.köflum	Frankfurt	18°C sk.m.köflum	New York	29°C léttskýjað
Helsinki	15°C léttskýjað	Madrid	22°C sk.m.köflum	San Francisco	21°C léttskýjað
London	20°C sk.m.köflum	Barcelona	12°C heiðskirt	Orlando/Flórída	33°C léttskýjað

*Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



HLUTAFJÁRÚTBOÐ

Hlutafjárútboð til núverandi hluthafa – hefst í dag

Hlutafjárútboð til núverandi hluthafa Össurar hf. hefst í dag mánudaginn 19. september klukkan 10 og stendur til klukkan 17 föstudaginn 23. september 2005.

Útboðsgengi er 81 króna fyrir hvern hlut. Alls eru 63.391.690 nýir hlutir boðnir hluthöfum sem skráðir voru í hlutaskrá félagsins í lok dags 7. september sl. Samhliða eru allt að 4.100.000 nýir hlutir boðnir stjórnendum og lykilstarfsmönnum á sömu kjörum. Heildarandvirði hinna nýju hluta er allt að 5.467 milljónir króna.

Á vef KB banka, www.kbbanki.is, er tekið við áskriftum hluthafa að nýjum hlutum og hafa þeir fengið send í pósti sérstök lykilorð til að geta tekið þátt í útboðinu.

Fyrirtækjaráðgjöf KB banka hefur umsjón með útboði til hluthafa og hefur sölutryggt það að fullu á útboðsgengi. Ráðgjafar KB banka veita upplýsingar um útboðsskilmála í síma 444 7000. Þeir munu aðstoða hluthafa milli klukkan 9 og 20 meðan á útboðinu stendur.

Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsinguna má nálgast hjá umsjónaraðila eða útgefanda.



Útgefandi

Össur hf. Kennitala: 560271-0189. Höfuðstöðvar: Grjótháls 5, 110 Reykjavík. Sími: 515 1300. Vefur: www.ossur.com.

Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka). Kennitala: 560882-0419. Höfuðstöðvar: Borgartún 19, 105 Reykjavík. Sími: 444 6000. Vefur: www.kbbanki.is.

Tilgangur og heimild útboðs

Útboð til hluthafa er liður í fjármögnun Össurar hf. á kaupum á bandaríska stuðingstækjafyrirtækinu Royce Medical Holdings Inc. Stjórn Össurar hf. ákvað útboð til hluthafa hinn 6. september sl. og hinn 7. september sl. að bjóða stjórnendum og lykilstarfsmönnum hluti á sömu kjörum. Með þessu mun stjórnin nýta að hluta heimild hluthafafundar frá 19. ágúst 2005 til hækkunar á hlutafé. Hlutafé félagsins hækkar með forgangsréttarútboðinu um 63.391.690 hluti og með sölu til stjórnenda og lykilstarfsmanna um allt að 4.100.000 hluti. Aukning getur því numið allt að 67.491.690 hlutum eða 21,2% og útgefið hlutafé þannig farið úr 318.441.000 hlutum í allt að 385.932.690 hluti.

Forgangsréttur, framsal og umframáskrift

Hluthafar njóta forgangsréttar að nýjum hlutum og er forgangsréttur hlutfallslegur miðaður við hlutafjáraðign í Össuri hf. í lok dags hinn 7. september 2005. Hluthafi hefur forgangsrétt að einum nýjum hlut fyrir hverja fulla fimm hluti í lok dags hinn 7. september. Hluthafa er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangsrétti hans og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útteilt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska. Hluthafa er heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild en réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Sérstakt framsalseyðublað má nálgast á útboðsvef KB banka. Til að um fullgilt framsal sé að ræða þarf það m.a. að vera undirritað af framseljanda (hluthafa) og framsalshafa (kaupanda). Til að framsalshafi geti eignast hluti á grundvelli framsalsins þarf framseljandi eða framsalshafi að skrá áskrift undir kennitölu framseljanda á útboðsvef KB banka og framsalið að hafa borist Fyrirtækjaráðgjöf KB banka fyrir klukkan 17 föstudaginn 23. september 2005. Undirritað framsal skal senda til Fyrirtækjaráðgjafar KB banka í Borgartúni 19, 105 Reykjavík eða til Ráðgjafar KB banka í Austurstræti 5, fjórðu hæð, 101 Reykjavík.

Skráning áskriftar

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á sérstökum útboðsvef KB banka á www.kbbanki.is. Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem hluthafi fær sent í pósti, eða með notandanafni og lykilorði í KB Netbanka.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og til 31. október 2005 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á útboðsvefnum með því að nota sömu aðgangsaðkenni og við áskrift.

Eindagi greiðslu er 4. október

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Frá 24. september má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á útboðsvef KB banka með því að nota sömu aðgangsaðkenni og við skráningu áskriftar. Greiðslufyrirmæli verða send kaupendum við lok áskriftartímabilsins, ýmist í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka, eða í formi swift-upplýsinga sem lúta að greiðslu gegnum erlendan banka. Greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 4. október 2005.

Hluti sem kunna að verða ógreiddir á gjalddaga má stjórn útgefanda hvort heldur sem er innheimta með dráttarvöxtum og kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

Hinir nýju hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Þegar fjórðungur útboðsins hefur verið greiddur. Eftir útgáfu verða hlutirnir afhentir kaupendum einum degi eftir að greiðsla hefur borist með réttum hætti.

Niðurstaða útboðs og skráning í Kauphöll

Allt útgefið hlutafé Össurar hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands. Útboðs- og skráningarlýsing hefur verið samþykkt af Kauphöllinni, sem og skráning hækkunar um allt að 67.491.690 hluti. Niðurstaða útboðs verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum hinn 23. september 2005 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 26. september 2005. Skráning hlutafjárukningar í Kauphöllinni er fyrirhuguð eigi síðar en 6. október 2005, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.



KJÖRKASSINN

Er of mikill launamunur milli kynjanna?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	74%
Nei	26%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Kemst fótiboltaíð Fram strax aftur upp í úrvalseild?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Grjóthrun á leiðinni inn í Bolungarvík:

Ófremdarástand undir Óshyrnu

SLYSAVARNIR Almennavarnarnefnd Bolungarvíkur kemur saman seinni partinn í dag til að ræða hættu af grjóthruni á veginn á Óshlíð undir stórru sprungu efst í fjallsbrúninni á Óshyrnu.

Jónas Guðmundsson sýslumaður, sem er formaður almennavarnarnefndar Bolungarvíkur, segir illgerlegt að sprengja í fjallinu til að losa um hrún. „Ekki nema þetta stykki sem rætt er um og er þarna yst á Óshyrnunni, en þar er sprunga í fjallinu og það er að gliðna frá. Það þarf að skoða vel hvort þar sé gerlegt að sprengja, en að öðru leyti hafa menn ekki

sé sér fært að sprengja mikið,“ segir hann og telur ástand vegarins áhyggjuefni. „Þetta er eina leiðin á milli, hér er ekki flugvöllur og ekki skipulegar siglingar. Þetta er ófremdarástand og þolinmæði fólks gagnvart þessu minnkar stöðugt.“

Jónas segir töluverða hættu á ferð því að hnullungarnir komi á stundum á flegiferð, í gegnum bæði net og varnir, þannig að stórsjá á veginum. „Ef þannig hittist á að bíll er á ferð á sama tíma þarf ekki að spyrja að leikslökum ef stór steinn er á ferð.“

- óká



SÉÐ YFIR VEGINN INN Í BOLUNGARVÍK Fjallið sem er nær á myndinni nefnist Óshyrna og úr efsta hluta þess hefur að undanförunu hrúð grjót á veginn fyrir neðan. Í fjarska má sjá Bolungarvík og Traðarhrynu þar fyrir ofan. Myndin var tekin fyrir um hálfum mánuði.

Halldór sagður einangraður

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, er sagður hafa einangrast innan flokksins og njóti ekki lengur fulls stuðning þingflokks síns, sem hann er hættur að ráðfæra sig við. Flokkurinn er sagður kominn í ógöngur og að eina leiðin út sé að Halldór segi af sér – og jafnvel öll forystan.

FRAMSÓKNARFLOKKURINN Æ háværi raddir eru nú uppi, jafnt í grasrót Framsóknarflokksins sem og í innsta hring flokksins, að Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, verði að segja af sér sem formaður flokksins til þess að koma flokknum úr þeirri erfiðu stöðu sem hann er í, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Aðeins þannig eigi flokkurinn von til endurreisnar.

Ekki hefur enn gróíð um heilt á milli Halldórs og þingflokksins vegna deilnanna sem sköpuðust í kjölfar Íraks málsins og fjölmiðla málsins. Í báðum tilvikunum tók Halldór ákvarðanir jafnvel þvert á vilja þingflokksins og án þess að ráðfæra sig við hann, að því er heimildarmenn blaðsins innan þingflokksins segja.

Æðstu framámenn innan flokksins hafa verulegar áhyggjur af stöðunni og segja hana erfiða. Engin lausn sé hins vegar í sjónmáli því næsta flokksþing Framsóknarflokksins verði ekki haldið fyrir en að tveimur árum liðnum og þá sé of seint fyrir nýja forystu að leiða flokkinn inn í næstu kosningar.

Óánægjan með framgöngu Halldórs er sögð ná tvö ár aftur í



FORYSTA FRAMSÓKNARFLOKKSINS Halldór, Siv og Guðni voru öll endurkjörin á síðasta flokksþingi. Þingmenn Framsóknarflokksins eru nú að missa traust á forystunni, ekki síst formanninum, Halldóri Ásgrímssyni, sem er sagður hafa einangrað sig.

tímann, en þá tóku Halldór og Davíð þá ákvörðun að styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak. Á þessum tveimur árum hafi Halldór einangrað sig sífellt meir og sé nú jafnvel hættur að ráðfæra sig við þá sem hann hefur treyst í áratugi. Hann er hættur að leita eftir stuðningi hjá þingflokknunum heldur kynni þar mál sem hann hefur þegar tekið ákvörðun um.

Þótt það tíðkist ef til vill í öðrum flokkum sé þess konar ákvörðunartaka ekki í anda Framsóknarflokksins.

Samkvæmt heimildum blaðsins blossaði óánægjan nú upp vegna síðasta útspils Halldórs á þingi Sameinuðu þjóðanna en einnig sökum brotthvarfs Davíðs Oddssonar úr stjórn mála. Davíð hafi gert sér grein fyrir að það

besta fyrir Sjálfstæðisflokkinn væri að leyfa nýjum manni að taka við eins og Halldór hefði átt að gera á síðasta flokksþingi.

Leitað var viðbragða frá forsætisráðherra en samkvæmt upplýsingum frá Birni Inga Hrafnssyni, aðstoðarmanni forsætisráðherra, er Halldór í frí erlendis og tjáir sig því ekki við fjölmiðla.

sda@frettabladid.is

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

Vilja stytta af Tómasi

BORGARMÁL Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að stytta af Tómasi Guðmundssyni skáldi verði sett upp í Hljómskálagarðinum. Brjóstmynd af Tómasi stóð um árabil á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis en var fjarlægð þaðan vegna framkvæmda á svæðinu. Var hún um skeið í geymslu en hefur staðið í Borgarbókasafninu í Grófarhúsi síðustu ár.

Tillaga sjálfstæðismanna verður lögð fram á fundi borgarstjórnar á morgun.

- bps

PORTÚGAL

SKÓGARELDAR Í PORTÚGAL

Skógareldar í norðurhluta Portúgals urðu til þess að 46 íbúar á elliheimili urðu að flýja. Mikill reykur var á svæðinu en enginn slasaðist. Fyrir um daginn hafði þorp nálægt borginni Anadia verið rýmt eftir að eldurinn hafði borist í sex hús og sveitabæ. Fjöldi mörg dýr drápu.

Fiskur er heilsufæði



Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins boðar til fundar í tilefni af 40 ára starfsafmæli föstudaginn 23. september kl 13:15 á Grand Hótel, Sigtúni 38

Dagskrá	Ávarp sjávarútvegsráðherra
13:15-13:30	Árni M. Mathiesen
13:30-13:45	Starfsemi Rf árið 2004
	Sjöfn Sigurgísladóttir
13:45-14:05	Ferskur í fiski
	Þórolfur Árnason, Icelandic Group
14:05-14:20	Jákvæð áhrif fisks á heilsu
	Ingibjörg Gunnarsdóttir, LSH
14:20-14:35	Neytendur og viðhorf til fiskneyslu
	Emilía Martinsdóttir, Rf
14:35-15:00	Kaffi
15:00-15:15	Lýsi er hollt
	Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf
15:15-15:30	Eldisfiskur sem markfæði
	Rannveig Björnsdóttir, Rf
15:30-15:45	Er kraftur í íslenskum sæbjúgum?
	Margrét Geirsdóttir, Rf
15:45-16:00	Heilsuvörur úr sjávarafurðum
	Sigurður Vilhelmsson, Rf
16:00-16:15	Íslenski markaðurinn, er hann til?
	Guðbjörg Glóð Logadóttir, Fylgifyiskur

Fundarstjóri: Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður Rf

Boðið verður upp á veitingar að fundi loknum

Allir velkomnir.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til ingibjorg@rf.is eða í síma 5308600

Forseti Írana með yfirlýsingu um kjarnorkumál Írana á þingi SP:

Þiggur ekki tilboð Evrópuþjóða

NEW YORK. AP Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, nýtti sér vettvang þings Sameinuðu þjóðanna til þess að lýsa því yfir að Íranar myndu ekki þiggja tilboð Evrópuþjóða um efnahagsaðstoð samþykki Íranar að hætta framleiðslu á auðguðu úraníum sem nota má til framleiðslu kjarnorkuvopna.

Ahmadinejad sagði í ræðu sinni á þinginu að Íranar hefðu fullan rétt á því að framleiða kjarnorku og þvertók fyrir að þjóðin hygðist framleiða kjarnorkuvopn. Því til sönnunar bauð hann erlendum ríkjum og fyrir-tækjum að taka þátt í kjarnorkuframleiðslu Írana.

Bandaríkjamenn saka Írana um að segjast framleiða kjarnorku til orkunota í því skyni að breiða yfir kjarnorkuvopnaframleiðslu og vilja vísa málinu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Bandaríkjamenn og Eyrópuþjóðir krefjast þess að Íranar hætti framleiðslu á auðguðu úraníum ellegar verði viðskipta-hindrunum beitt. Málið verður



MÉÐ MYND AF FORSETANUM Íranskur drengur heldur á mynd af forseta landsins, Mahmoud Ahmadinejad, í móttökuathöfn til heiðurs forsetanum sem sneri heim af þingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

tekið fyrir á fundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar sem fer fram í Vín síðar í vikunni. Ekki

er talið líklegt að stofnunin samþykki að grípa til harðra aðgerða gegn Íran.

- sda



Leitin 
að íslenska bachelorum

fim
kl. 20

Pátturinn sem allir hafa beðið eftir!
Hefst 22. september



ENNEMM / SIA / NM18142



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvaða lið féllu úr úrvalsdeildinni í fótbolta?
- 2 Hvað heitir nýr formaður kvenna-hreyfingar Samfylkingarinnar?
- 3 Hvað heitir formaður Vinnumála-stofnunar?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Júlíus Vífill gefur kost á sér í annað sætið:

Íhugaði að sækjast eftir fyrsta sætinu

STJÓRN MÁL Júlíus Vífill Ingvarsson, lögmaður og fyrrverandi borgarfulltrúi, sækist eftir öðru sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna í vor. Hann segist hafa íhugað vandlega að sækjast eftir fyrsta sætinu. „Það er að mjög vel athuguðu máli sem ég gef kost á mér í annað sæti en hvort tveggja kom mjög sterklega til greina,“ segir Júlíus Vífill.

Hann segist hafa orðið fyrir mikilli hvatningu og örvun frá æði

mörgum og orðið við óskum fólks um að bjóða sig fram.

Júlíus Vífill vill ekki greina frá hvort hann styðji Gísla Marteina Baldursson eða Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í fyrsta sæti, hann segist hugsa fyrst og fremst um eigið framboð. „Ég vona að kraftar mínir og reynsla á sviði menningarmála, atvinnulífs og stjórnmála komi til með að nýtast lista Sjálfstæðisflokksins í kosningum í vor.“

Júlíus Vífill hyggst opna kosningaskrifstofu á næstu dögum.- bps



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON Ætlar að hella sér út í borgarmálapólitíkina af fullum krafti á ný.

Útkall í Vesturbæinn:

Eldamennska fór úr böndum

SLÖKKVILIÐ Kveikt var í bládagami við Flóakagötu í Reykjavík um miðjan dag í gær, en að sögn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var fljótgert að slökkva í honum.

Aðfaranótt sunnudags fór slökkviliðið í tvö útköll, það fyra á þriðja tímanum í Vesturbæ Reykjavíkur en þar tilkynnti nágranni um reyskynjara í gangi. Húsráðandi reyndist svo vera heima, en eldamennska hafði farið úr böndunum hjá honum. Hann var aðstoðaður við að reykkræsta íbúð sína. Um klukkan fimm í gærmorgun slökkviliðið svo í bíl sem lögði í Mosfellsbæ.

- óká

LÖGREGLUFRÉTTIR

TVEIR STÚTAR TEKNIR

Selfosslögregla tók tvo menn grunaða um ölvun við akstur í umdæminu aðfaranótt sunnudags og á sunnudagsmorgun.

Radikale Venstre vill bregðast við alþjóðavæðingu:

Vilja innleiða ensku í Danmörku

DANMÖRK Danski miðjuflokkurinn Radikale Venstre hefur lagt til að enska verði gerð að opinberu tungumáli í Danmörku auk dönskunnar.

Flokkurinn vill að allir hafi rétt á því að tjá sig á ensku – og verða svarað á ensku, að því er fram kemur í vefsíðu Politiken.

„Það er rökrétt og árangursrík leið til að bregðast við alþjóðavæðingunni,“ segir leiðtogi Radikale Venstre, Marianne Jelved. „Fjöldi hæfileikaríks fjólks kemur til Danmerkur, dvelur hér í örfá ár og fer síðan aftur. Það fólk á ekki að þurfa að treysta á að kunna dönsku,“ segir hún.

Formaður ungliðahreyfingar flokksins, Zenia Stampe, kynnti tillögurnar á landsfundi flokksins. „Hvernig væri nú að láta af hinum þjóðlegu hugmyndum okkar um eitt land, eitt tungumál og eitt þjóðerni?“ sagði hún á fundinum. Hún óttast ekki að enska muni til lengri tíma gera út af við dönskuna.

Aðrir flokkar á danska þinginu hafa ekki tekið undir hugmyndir flokksins.

- sda

FRÁ NÝHÖFN Í KAUPMANNAHÖFN
Ef Radikale Venstre fengju að ráða þyrftu Íslendingar ekki lengur að læra dönsku því enska yrði annað opinbert tungumál Dana.



MIKILVÆG ÖRYGGISTILKYNNING

Sony Computer Entertainment Europe tilkynnir innköllun ákveðinna AC millistykki sem seld voru með PlayStation 2 slimline

Sony Computer Entertainment Europe (SCEE) hefur staðfest mögulegar öryggisáhyggjur af ákveðnum AC millistykki sem seld voru með nýju PlayStation®2 slimline.

Ákveðin AC millistykki sem staðfest er að voru framleidd milli ágúst og desember 2004, og fylgdu með svörtu PlayStation 2 slimline gerðunum SCPH70002, 70003 og 70004 geta ofhitnað og valdið neytendum slyshættu. Líklegt er að nokkrar Þessara eininga hafi jafnvel verið til sölu eftir þessar dagsetningar. Engar aðrar PlayStation 2 einingar eru í hættu.

Til að tryggja gæði og öryggi PlayStation neytendavara hefur SCEE tekið þá ákvörðun að afturkalla öll viðkomandi AC millistykki í Evrópu, Mið-Austurlöndum, Afríku og Ástralíu.

Neytendur sem bera kennsl á AC millistykkið sitt af skýringarmyndinni hér að neðan óöruggt ættu að gera ráðstafanir til endurnýjunar með því að heimsækja:

www.ps2ac.com

Neytendur geta einnig haft samband við hjálparlínu sem tileinkuð er afturkölluninni í síma 591-5199*. Nýtt AC millistykki verður afhent án endurgjalds. Vinsamlegast farið ekki með AC millistykkin aftur á sölustað.

Sem forvarnaraðgerð, og þar til nýtt millistykki hefur verið útvegað, ráðleggur SCEE neytendum sem eiga óöruggt AC millistykki samkvæmt tilkynningu Þessari að taka PlayStation 2 úr sambandi og hætta notkun þar til útvegað hefur verið nýtt AC millistykki.

Við viljum biðjast afsökunar á þeim óþægindum sem þetta veldur.

1. Aðeins AC millistykki með kóðanum:
HP-AT048H03
2. Aðeins AC millistykki sem innihalda einn af eftirfarandi dagsetningarkóðum:
2004.08 2004.09 2004.10
2004.11 2004.12

*Rafmagnssnúra



ÞÁFINN Benedikt páfi hefur ekki ákveðið hvort hann fer til Tyrkland.

Tyrkland:

Heimsókn páfa mótmælt

ANKARA, AP Lítið hópur Tyrkja mótmælti hugsanlegri komu páfa til landsins.

Ríkisstjórn Tyrkland tilkynnti að páfinn væri velkominn til landsins einhvern tímann á næsta ári en yfirmaður grísku rétrún-adarkirkjunnar hafði þegar boðið honum að koma til landsins í nóvember á þessu ári. Gríska rétrún-adarkirkjan hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa boðið páfanum til landsins án þess að ræða fyrst við ríkisstjórnina.

Páfinn hefur sem stendur ekki gefið svar um það hvort hann heimsækir Tyrkland árið 2006. ■

Blönduós:

Einn með leiðindi

LÖGREGLA Einn gisti fangageymslu lögreglu á Blönduósi aðfaranótt sunnudags, en sá hafði að sögn lögreglu verið með leiðindi á réttaballi einn manna. Maðurinn var með óspektir og drykkjulæti. Allir aðrir munu hafa skemmt sér vel.

Þá segir lögregla að á fimmta tug okumanna hafi verið teknir fyrir of hraðan akstur í umdæminu frá því á föstudag og fram á sunnudagskvöld. Þótti lögreglu það nokkuð mikill afrakstur úr umferðareftirliti vegna hraðaksturs eina helgi.

- óká

1000

fríar mínútur

til Bretlands, Bandaríkjanna, Danmerkur, Þýskalands, Frakklands eða 26 annarra algengustu viðskiptalanda Íslendinga ef þú kaupir Hive áskrift fyrir 1. október.

HiveLite

Ef þú gerist áskrifandi fyrir 1. október færðu gæða heyrnatól að verðmæti 2.990 kr. frítt með.



8Mb tenging, 4GB niðurhal, og þráðlaust internet á aðeins

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.





BUSH SNÝR AFTUR George Bush Bandaríkjaforseti heilsar vegfarendum við Hvíta húsið í gær. Bush ætlar að heimsækja flóðasvæðið í suðurríkjunum að nýju á þriðjudaginn til að fylgjast með uppbyggingunni þar eftir hamfarirnar.

Norðurál á Grundartanga:

Vantar 60 starfsmenn

ATVINNUMÁL Norðurál á Grundartanga auglýsir á næstu vikum 60 laus störf við álverið.

„Það skapast 50 ný störf fyrir ófaglærða og tíu störf iðnaðarmanna þegar stækkað álver verður tekið í gagnið,“ segir Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Norðuráls. Þegar stækkunin verður orðin að veruleika verða starfsmenn álversins um 340.

Að sögn Ragnars er Norðurál vinsæll vinnustaður en það má meðal annars merkja á því að reglulega berast umsóknir um störf þó að ekki sé auglýst eftir fólki. Karlar eru mikill meirihluti

starfsmanna en markvisst er unnið að fjölgun kvenna í álverinu. „Við höfum séð í öðrum álverum að konur eru um það bil fimmtán prósent starfsmanna en hjá okkur eru þær níttján prósent. Við viljum gera enn betur,“ segir Ragnar.

Norðurál leitar jafnframt að nýjum framkvæmdastjóra starfsmannasviðs en Kristján Sturluson sem gegnt hefur starfinu undanfarin ár hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

- bps

ÚR KERSKÁLA NORÐURÁLS Reyna á að fjölga konum í hópi starfsmanna álversins á Grundartanga.



Slagsmál í Sandgerði:

Einn fluttur til skoðunar

LÖGREGLA Aðfaranótt sunnudags barst lögreglu í Keflavík tilkynning um slagsmál í Sandgerði, en þau voru yfirstaðin þegar komið var á vettvang. Einn var á staðnum blóðugur í andliti og var hann fluttur á sjúkrahús til skoðunar, að því er fram kemur í dagbók lögreglu.

Þá voru tveir ökumenn stöðvaðir um nóttina grunaðir um ölvun við akstur og einn færður fyrir að aka bíl réttindalaus.

Að kvöldi laugardags var maður gripinn á 123 kílómetra hraða á Grindavíkurvegi þar sem hámarkshraði er 90. Þá var maður færður fyrir að vera með kveikt þokuljós á bíl sínum þrátt fyrir gott skyggni.

- óká

Tuttugu ár eru síðan mannskæður jarðskjálfti reið yfir Mexíkóborg:

Óttast annan stóran jarðskjálfta

MEXÍKÓBORG, AP Það var fyrir tuttugu árum eða árið 1985 þegar heiftarlegur jarðskjálfti reið yfir Mexíkóborg og varð til þess að um 9.500 manns létu lífið. Fólk er enn að jafna sig en sérfræðingar eru farnir að velja því fyrir sér hvort borgin sé nógu vel búin til að standast annan skjálfta sem þeir segja að sé óumfýjanlegur.

Eftir að menn sáu hvernig fellibylurinn Katrín fór með íbúa Bandaríkjanna voru margir sem fóru að velja fyrir sér þeim staðreyndum sem blöstu við. Íbúafjöldi Mexíkóborgar er svipaður og íbúafjöldi New York-borgar en munurinn er sá að í Mexíkó eru aðeins 1.300 slökkviliðsmenn að störfum á tólf stöðvum miðað við það að í



RÚSTIR EFTIR JARÐSKJÁLFTA Íbúðarhúsið Nuevo Leon sem hrundi er heiftarlegur jarðskjálfti reið yfir Mexíkó-borg 19. september árið 1985.

New York starfa um 11.000 slökkviliðsmenn á 238 stöðvum.

Mexíkóborg er enn í stöðugri uppbyggingu en talið er að hún eigi langt með að geta staðið und-

ir því álagi sem annar jarðskjálfti geti haft í för með sér. Enn eru fjölmargir íbúar borgarinnar sem misstu hús sín í skjálftanum árið 1985 fastir í fátækt. ■

Kjarnorkumál Norður-Kóreu:

Viðræður að stranda

PEKING, AP Viðræður vegna kjarnorkumála Norður-Kóreumanna sigldu í strand í gær og sögðust Bandaríkjamenn ætla að fara heim í dag hver svo sem útkoman úr viðræðunum yrði í gær, að því er AP-fréttastofan skýrir frá.

Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Christopher Hill, haldi nýjustu málamíðunartilögum Kínverja og sagði að viðræðunefndin myndi hittast snemma í dag og ræða tillögurnar.

Fulltrúar Rússa í nefndinni sitja fastir við skoðun sína að leyfa eigi Norður-Kóreumönnum að stunda kjarnorkuframléiðslu í fríðsamlegum tilgangi eftir að afvopnun hafi átt sér stað. Bandaríkjamenn vilja banna alla kjarnorkuframléiðslu í landinu.

Yfirburðabíll.

VIÐURKENNT SÖLU-
OG ÞJÓNUSTUUMBOD
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRAÐÞJÓNUSTA

Kosningar í Sádi-Arabíu:

Kona í framboði

RIYADH, AP Kaupsýslukonan Madhawi Al-Hassoun er fyrsta kona Sádi-Arabíu sem býður sig fram til kosninga.

Nýlega öðluðust konur í Sádi-Arabíu rétt til þess að kjósa og bjóða sig fram til kosninga. En þar í landi búa konur við mikil boð og bönn. Þær mega til dæmis ekki keyra bíl eða ferðast án karlmanns sér við hlið.

„Konur hér í landi sem bjóða sig fram til kosninga eru sönnun þess að við getum verið meðlimir þingsins og á sama tíma fylgt þeim reglum og venjum sem hér gilda og stjórnar okkar þjóðfélagi,“ sagði Al-Hassoun.

Margir stöðvaðir grunaðir um ölvun við akstur:

Ók niður tvo ljósastaura

LÖGREGLA Ölvaður ökumaður ók niður tvo ljósastaura á Reykjanesbraut við bensínstöð Orku um klukkan hálf ellefu í gærmorgun. Að sögn lögreglu í Kópavogi slapp maðurinn ómeiddur en bíllinn er talinn ónýtur.

Þá var ökumaður stöðvaður í Kópavogi aðfaranótt sunnudags grunaður um ölvun við akstur og annar um klukkan hálfsex síðdegis deginum áður. Að sögn lögreglu kemur bæði til að menn séu stöðvaðir út af aksturslagi og eins sé stundum látið vita um ferðir þeirra til að koma í veg fyrir slys.

Frá því síðdegis á laugardag og fram á sunnudagsmorgun tók lög-

regla í Hafnarfirði sjö ökumenn grunaða um ölvun við akstur og þótti nóg um. Nokkur erill var vegna dansleikjahalds í bænum, en í Kaplakrika var um 1.500 manna skemmtun. Tveir gistu fangageymslur aðfaranótt sunnudags, annar vegna ölvunar og óláta við Kaplakrika, en hinn eftir að hafa ölvaður lent í árekstri á bíl sínum, en í óhappinu meiddist þó enginn. Nokkuð var um hraðakstur, en á Reykjanesbraut var einn tekinn á 126 kílómetra hraða, annar á 139 og sá sem greiddast ók fór á 155 kílómetra hraða.

- óká



VIÐ UMFERÐAREFTIRLIT Lögregla víða um land sinni umferðareftirliti um helgina, en á höfuðborgarsvæðinu var nokkuð um að ökumenn væru stöðvaðir grunaðir um ölvun við akstur.

Akranes:

Hraðakstur á Faxabraut

LÖGREGLA Nokkur erill var hjá lögreglu á Akranesi aðfaranótt sunnudags en fyrr um kvöldið fór fram knattspyrnuhátíð ÍA sem lauk með balli með Stuðmönnum og Jónsa í svörtum fötum, að sögn lögreglu. Töluverður mannfjöldi kom saman á skemmtuninni.

Skemmtanahaldið fór þó vel fram, en kallaði á einhverja smásnúninga lögreglu. Einn var tekinn grunaður um ölvun við akstur og á laugardag voru tveir stöðvaðir fyrir hraðakstur á Faxabraut.

Lögregla segir nokkuð hafa verið um hraðakstur innanbæjar, en fyrir dyrum er átak í að ná niður aksturshraða í bænum sem lögreglu þykir orðinn of hár.

- óká

Ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um efnahagsástandið í Kína:

Tæplega tíu prósentu hagvöxtur er í Kína

KÍNA, AP Hagvöxtur Kína er og verður áfram hár samkvæmt nýrri greiningu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Helmingur landsframleiðslu kemur úr einkageiranum.

Hagvöxtur landsins hefur aukist að meðaltali um 9,5 prósent á ári síðustu tuttugu ár og OECD spáir því að hann muni ekki hægja á sér að neinu leyti á næstunni. Því er spáð að Kína muni efnahagslega síga fram úr Vesturlöndum innan fimm ára. Um helmingur af tekjum landsins kemur úr einkageiranum og flestir Kínverjar starfa hjá einkafyrirtækjum.

Þó að efnahagslífið blómstri er ýmislegt að. Aðeins fimmti hver Kínverji hefur aðgang að



heilsugæslu og menntakerfið þykir ekki gott.

Umhverfismál eru líka í ólestri og gríðarleg mengun er í landinu. Af þeim tíu borgum í heiminum þar sem mest mengun er eru fimm í Kína. Sérfræðingar OECD segja þetta augljóslega vera óviðunandi. Þeir segja að kínverska ríkisstjórnin verði að eyða meira fé í mengunarvarnir sem og í heilsugæslu og menntun.

VERSLUN Í CHANGCHUN Meirihluti Kínverja starfar hjá einkafyrirtækjum sem er mikil breyting frá því sem áður var. Um helmingur af tekjum landsins kemur úr einkageiranum. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu spáir því að hagvöxtur haldi áfram að aukast í Kína.



Mercedes-Benz er yfirburðabíll. Í honum fara saman klassísk hönnun, gæði, þægindi og ending sem gera hann einstakan.

Nýr C-Class er kraftmikill, lipur og sameinar kosti fjölskyldu- og sportbíls. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan C-Class.



Mercedes-Benz



hollusta í hádeginu

Salatbox* +
ískaldur kristall
399 kr.



munið afsláttarkortin

ferskt og frískandi

1011

* stærð eitt

... þegar þér hentar

Einn neitar sök í innrás mótmælenda á álráðstefnu í sumar:

Dóms er að vænta í slettumáli

DÓMSTÓLAR Dóms er að vænta í máli Örnú Aspar Magnúsdóttur, sem sletti grænliðuðu skyri á gesti álráðstefnu á Hótel Nordica í sumar, í dag. Hún játar aðild sína að málinu en segir að ekki hafi vísitandi verið slett á tæki eða húsmuni.

Paul Gill, Breti sem þátt tók í slettunum, hefur þegar verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi, en skaðabótakröfur voru felldar niður. Þriðji maðurinn sem ákærður er fyrir þátttöku sína, Ólafur Páll Sigurðsson, neitar sakargiftum, sem eru stórfelld eignaspjöll og húsbrot. Verða því leidd fram vitni í máli hans þegar



Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Sakborningar og verjendur koma sér fyrir við upphaf fyrirtöku í Héraðsdómi. Hér sjást Ólafur Páll Sigurðsson, lögmaður hans Katrín Theódórsdóttir og Arna Ösp Magnúsdóttir með kaffisopann.

það fer í aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur. Fulltrúi lögreglu segir að framburður starfsmanns hótelsins sem reyndi að hindra Ólaf Pál í að ráðast í salinn sýni fram á húsbrotið. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi í gær.

Fram kom að fallið hefði verið frá meginþorra bótakrafna í málinu, sem náðu rúmum 2,2 milljónum króna. Hlutir sem taldir voru ónýtir reyndust aðeins skemmdir og ekki talið svara kostnaði að meta þá. Þó er krafist tæpra 613 þúsunda króna vegna hreinsunar í salnum og aukavinnu starfsmanna hótelsins. - ók

Fiskvinnsla er með fjölskrúðugasta móti á Grundarfirði:

Verka beitukóng og konupunga

ATVINNUMÁL Fiskvinnsla er með fjölskrúðugasta móti á Grundarfirði en þar er meðal annars verkadur beitukóngur og sæbjúga.

„Við veidum yfir árið svona um 700 tonn,“ segir Ásgeir Valdimarsson en hann hefur veitt beitukóng síðustu sex ár og verið með útflutning á þeim síðustu þrjú árin.

„Við frystum og flokkum og sendum á Frakklandsmarkað en fyrir Asíumarkað verkum við þetta með þeim hætti að við brjótum skelina, hreinsum fiskinn og sjóðum, svo lausfrystum við þetta,“ útskýrir Ásgeir.

Beitukóngur er veiddur í gildur en í þeim er karfabein, sem annars færi í bræðslu og tindabikkjubitar. Allt er þetta hið mesta lostæti fyrir beitukónginn, sem hópast um ætíð.

Fyrirtækið Reykofninn Grundarfirði reykir sæbjúga og selur þau á Kínamarkað. Að sögn Kára P. Ólafssonar framkvæmdastjóra



BEITUKÓNGAVINNSLA Fiskverkunarkonur á Grundarfirði verka beitukóng. Eins og sjá má eru þetta kuðungar sem Íslendingar hafa ekki vanist að leggja sér til munnis.

eru veiddar og vinnsla enn á þróunarstigi. Sæbjúga, sem stundum er kall-

að konupungur, tilheyrir hópi skrápýra líkt og krossfiskar og ígulker. - jse

EYKUR BREIDD Í FORYSTU HAGNAÐINN?

- ▶ ER FJÖLGUN KVENNA Í FORYSTU FYRIRTÆKJA TIL GÓÐS?
- ▶ GERAST BREYTINGARNAR OF HÆGT?
- ▶ MÁLEFNI HVERS? HAGSMUNIR HVERRA?

Morgunverðarfundur kl. 8:15-9:45

fimmtudaginn 22. september 2005
Hvammur, Grand hótél Reykjavík



ÁVARP:

- ▶ **Valgerður Sverrisdóttir** iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Ví í samvinnu við Félag kvenna í atvinnurekstri



FRAMSÖGUMENN:

- ▶ **Lisa Levey** frá Catalyst í Bandaríkjunum



- ▶ **Þórunna Jónsdóttir** stjórnendaráðgjafi hjá Kaliber ehf.

UMRÆÐUR:

- ▶ VIÐHORF LYKILMANNA Í ÍSLENSKU VIÐSKIPTALÍFI

Ari Edwald framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Erlendur Hjaltason forstjóri Exista ehf.

Hreggviður Jónsson forstjóri Vistor hf.

Jón Karl Ólafsson forstjóri Icelandair og formaður stjórnar Ví

Steinn Logi Björnsson forstjóri Húsasmiðjunnar hf.



Fundarstjóri:

- ▶ **Guðfinna S. Bjarnadóttir** rektor Háskólans í Reykjavík




VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Fundargjald með morgunverði kr. 2.500. Fundurinn er öllum opinn en æskilegt er að skrá þátttöku á skrifstofu Ví í síma 510 7100, á www.vi.is eða með tölvupósti á fundur@vi.is - fka@fka.is

MAGNAÐ ACER TILBOÐ FARTÖLVA OG MYNDAVÉL

Acer Travelmate 4151 LMi

acer **FYRIR
KRÖFUHARÐA**



Acer TravelMate 4151 LMi

Intel® Pentium® M725 1.6GHz/2MB, 533Mhz FSB
512MB DDR2 vinnsluminni (allt að 2GB)
60GB Ultra ATA 100 harður diskur
CD Skrifari / DVD Skrifari
15" XGA TFT skjár (1024 x 768)
Intel 915GME 64mb skjákort
88 hnappa lyklaborð, ný og þægileg hönnun
Innbyggð snertinæm mús
þráðlaust 802.11b/g og 10/100Mbit ethernet
Windows XP Pro SP2 íslenska/enska
4 x USB 2.0, S-Video, FireWire, InfraRed og VGA
8 hólfa Li-Ion rafhlaða, endist allt að 5klst
Kortalesari "6-in-1"

3 ára ábyrgð

3.155- á mánuði
m.v. 48 mánuði



Staðgreitt: **114.900-**

OKKAR ACER VÉLAR HAFJA
3
ÁRA ÁBYRGÐ



60GB HD

DVD R-/WR-

FYLGIR MEÐ!

Acer CE-5330 MYNDAVÉL

5 MegaPixlar

3 x Optical zoom

2" LCD Skjár

AÐ VERÐMÆTI 16.900



acer

Hvetur fólk til dáða



SPARISJÓÐURINN

Tölvukaupalán

sva: tækni

Síminn



FYNDNIR FJÓRA DAGA VIKUNNAR

Strákarnir mánudaga til fimmtudaga kl. 20:00



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KIND Í GIRÐINGU Smitefni sauðfjárríðu er að finna í því sem af skepnum gengur: saur, munnvatni, fósturvatni og hildum. Hestar sem óhreinast af umhverfi sauðfjár geta borð smitefnið með sér milli staða.

Hestamenn grunaðir um óvarkárni

Sauðfjárríða er skæður sjúkdómur, en þar sem hún kemur upp þarf allajafna að lóga öllu fé. Sérfræðingur yfirdýralæknis hvetur menn til varkárni og harmar skemmdir á sauðfjárveikivarnagirðingum.

LANDBÚNAÐUR Sauðfjárbændur eru sumir hverjir unggandi yfir ferðalögum hestamanna um landið vegna mögulegrar smithættu sauðfjárríðu ef ekki er varlega farið. Sérfræðingur embættis yfirdýralæknis segir mestu hættuna þó fólga í verslun bænda með fullorðið sauðfé.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir sauðfjárríðu vissulega vandamál og mikið áfall fyrir bændur þar sem hún kemur upp. „Því hefur verið kastað fram að ein ástæða þess að riða komi upp sé heyflutningar hestamanna, en ég hef engin gögn um það. Þetta er hins vegar eitt af því sem menn hafa verið að velta fyrir sér,“ segir hann og bætir við að einnig vilji brenna við að hestamenn noti réttir til að geyma hesta á ferðalögum sínum á sumrin. „Og þar inn jafnvel hent heyrúllum sem geta verið af sýktum svæðum. Einnig hafa verið brögð að því að menn loki ekki hliðum á milli sauðfjárveikivarnahólfa eða jafnvel að klippt hafi verið á girðingar, sem er náttúrulega stórkostlegur skandall.“ Þar mun þó ekki hestamönnum einum um að kenna, heldur hefur einnig verið bent á jeppamenn og veiðimenn.

Sigurður Sigurðarson, sérfræðingur yfirdýralæknisemb-



SIGURÐUR SIGURÐARSON Hafi riða komið upp er bannað í tuttugu ár að selja fé frá því svæði. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma hjá Yfirdýralækni, segir á móti koma að inn á svæðin megi bændur kaupa lambhrúta til kynbóta af ósýktum svæðum.

ættisins í riðusjúkdómum, segir aðallega horft til þess að verslun með lifandi fé sé hættuleg með tililiti til riðuvarna. „Sérstaklega á það við um fullorðið fé, því við flutninginn kemur óyndi í þær. Þær reyna að finna sinn gamla stað og úr því verður flakk, en þar með eykst samgangur fjár og um leið smithættan,“ segir hann, en bendir einnig á sem smitleiðir mikla heyflutninga milli svæða og svo flutninga á hrossum með tækjum sem notuð hafa verið undir fé. „Ef hrossin óhreinast af umhverfi fjár eykst hættan því



ÖZUR LÁRUSSON Özur, sem er framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir umræðu meðal bænda um mögulega smithættu af umgengni hestamanna um réttir.

smitefni getur verið í því sem féð skilar af sér, bæði saur og slefu, en svo líka fósturvatni og hildum, en það á nú frekar við á sauðburði.“ Sigurður segist hvetja menn til varkárni og telur mikið glæfraverk að klippa á sauðfjárveikivarnagirðingu líkt og gerst hafi í fyrrasumar. „Svo hafa girðingar líka verið lagðar niður og fleira slíkt. Kannski höfum við ekki verið nógu dugleg að merkja þær, en upplýsingar liggja þó fyrir um staðsetningu þeirra og eins er legu þeirra lýst í reglugerð.“

olikr@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur staðfesti í vikunni dóm Héraðsdóms Reykjaness frá því í fyrravetur um landamerki Vogajarða og jarða í Brunnsstaðahverfi í Vatnsleysustrandarhreppi utan að felldur var niður málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur hafði klofnað í málinu og vildi meirihlutinn að þeir landeigendur sem undir urðu í deilunni greiddu þeim sem stefndu 700 þúsund krónur í málskostnað. Einn dómari skilaði hins vegar sératkvæði, taldi landamerkin eiga að liggja öðruvísi og vildi að þeir sem stefndu



HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur staðfesti á fimmtudag dóm meirihluta Héraðsdóms Reykjaness frá því í fyrra um landamerkjadeilu eigenda Vogajarða og eigenda jarða í Brunnsstaðahverfi, þar sem þeir síðarnefndu höfðu vinninginn.

reiddu fram 700 þúsundin handa hinum.

Í dómi Hæstaréttar segir að málskostnaðinn sé rétt að „aðilar beri hver fyrir sig í héraði og fyrir Hæstarétti“ en þeir sem kærðu eru alls níttján talsins og í hópnem sem var til varnar eru 24. Deilan snerist um staðsetningu tveggja kennileita sem getið var í landamerkjabréfum frá 1890 og eldri heimildum. Fallist var á kröfu landeigenda í Brunnsstaðahverfi um að miða landamerkjalinuna við gamla girðingu sem sett var upp árið 1928 og getið í gamalli landskiptagerð.

- óká

Svefn & heilsa



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI



SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL

Veldu það besta!

SOFÐU VEL - HEILSUNNAR VEGNA

Chiropractic®
2005

NO FLIP



Since
1949



Seage



Þægindasófi

Biflex

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



WALLHUGGER

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK

AKUREYRI



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

„ORÐRÉTT“

Öllum öðrum að kenna

„Vandinn er sá hvernig fjölmíðlar hafa fjallað um málið og stjórnarandstaðan er að reyna að búa til alvarlegan ágreining um málið milli stjórnarflokkanna.“

HJÁLMAR ÁRNASON FRAMSÓKN-
ARÞINGMAÐUR UM FRAMBODIÐ Í
ÖRYGGISRÁÐ SP Í FRÉTTABLAÐINU.

Ísland er æði

„Ég er mjög spenntur og allir vinir mínir segja að ég verði að fara og upplífa land og þjóð.“

MICHAEL BOLTON TÓNLISTARMAÐUR UM ÍSLAND OG ÍSLENDINGA Í FRÉTTABLAÐINU.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓN HJALTASON SAGNFRÆÐINGUR OG FORLEGGJARI

Útgáfa í kapphlaupi við tímann

„Það er bölvæður kuldi hérna fyrir norðan, en annars er allt gott að fréttu af mér,“ segir Jón Hjaltason, sagnfræðingur og forleggjari hjá Bókautgáfunni Hólum.

„Við vorum að enda við að gefa út bók um sögu myndlistar á Akureyri frá upphafi til vorra daga eftir Valgarð Stefánsson. Þetta er afar metnaðarfullt verk og Valgarð lagði mikla vinnu á sig. Það má líka segja að þetta brjóti blað hjá forlaginu því þetta er fyrsta bókun um listasögu sem Hólur gefur út.“

Jón er með mörg járn í eldinum og gefur út á þriðja tug bóka á þessu ári og berst á hæl og hnakka við að koma þremur þeirra út innan skamms. „Þótt við gefum út allt árið, erum við alltof jólatengd og það er dálítið álag þessa dagana því við erum



óvenjusein með sum verkin og kappkostum að ljúka þeim sem fyrst.“ Jón minnr þó á að allir verði að fá smá „letitíma til að bora í nefið og klóra sér í rassinum“. Bækur setja líka sitt mark á tómsundur Jóns því þær notar hann aðallega til lesturs, og gluggar frekar í skáldsögur en fræðirit.

Hann hafði hins vegar engan tíma til fara suður til Reykjavíkur á Bókmenntahátíð. „Nei, ekki þegar maður situr sveittur við útgáfuna heima. En ég er búinn að fylgjast með þessu í útvarpinu og er mjög hlynntur framtakinu, því þótt umræðan sé á köflum mæðarfull og hégómleg er hún um rétta hluti, það er að segja bækur.“

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL LAUNAMUNUR KYNJANNA



ARNAR GRANT

Á stundum rétt á sér

„Þetta er einstaklingsbundin og stundum á launamunur kynjanna fullan rétt á sér,“ segir Arnar Grant líkamsræktarþjálfari um launamunur kynjanna sem mjög er á döfinni í samfélaginu þessa dagana í kjölfar könnunar Verslunarmannafélags Reykjavíkur á stöðu mála. Leiddi hún í ljós fjórtán prósentu mun á launum kynjanna, konum í óhag. Arnar er jafnréttissinni en telur engu að síður að stundum geti launamunur átt rétt á sér. „Svo eru önnur störf þar sem launamunur kynjanna á ekki að vera við lýði,“ segir hann. Arnar er hrifinn af þeim áformum félagsmálaráðherra um að efna til karlaráðstefnu um jafnréttismálin og segist myndu sækja slíka ráðstefnu sjálfur væri honum boðið til leiks.

Björk Vilhelms í fyrsta sæti

Stórkostleg tilþrif voru sýnd á golfmóti borgarstjórnar Reykjavíkur á Grafarholtsvelli. Björk Vilhelmsdóttir bar sigur úr býtum eftir harða baráttu við Kjartan Magnússon. Steinunn Valdís Óskarsdóttir varð þriðja.

Þrátt fyrir svolitla rigningu sýndu borgarfulltrúar Reykjavíkinga góða takta á árlegu golfmóti borgarstjórnar sem haldið var á Grafarholtsvelli á föstudag. Einbeitingin skein úr andlitum og keppnisharkan var mikil þó gleðin væri ekki langt undan.

Hver og einn borgarfulltrúi lék í liði með vönum kylfingi úr forystu Golfklúbbs Reykjavíkur og völdust Björk Vilhelmsdóttir og Sigurjón Ólafsson, fyrrverandi stjórnarmaður í klúbbnum, saman. Þau byrjuðu mjög vel og náðu góðri forystu og um tíma stefndi í öruggan sigur þeirra. Þegar nokkrar holar voru eftir komust Kjartan Magnússon og Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri GR, á mikið skrið og keppnin varð afar tvísýn. „Við



SIGURVEGARINN Björk Vilhelmsdóttir sigraði á golfmóti borgarstjórnar Reykjavíkur á föstudag. Að sögn framkvæmdastjóra Golfklúbbs Reykjavíkur bar hún sig afar fagmannlega á flötunum.

vorum andandi ofan í hálsmálið á þeim undir lokin,“ segir Margeir og hrósar um leið Björk sigurvegara fyrir fagmannlega tilburði á flötunum. „Hún var eins og þulvanur kylfingur.“

„Ég stóð mig ágætlega, svona af nýgræðingi að vera,“ segir Björk sem af miklu lítillæti eignar Sigurjóni meðspilara sínum heiðurinn af sigrinum. „Reyndar unnum við mjög vel saman,“ bætir hún við.

Þetta var í þriðja sinn sem Björk leikur golf og má því árangur hennar í mótinu heita undraverður. Og það er aldrei að vita nema afrek hennar á golfvelli verði fleiri í framtíðinni því samkvæmt öllum pólitískum teiknum lætur hún af starfi borgarfulltrúa í vor. „Ég útiloka ekki að taka golfið fastari tökum. Það gæti alveg komið til greina sem hobbý þegar maður hættir að hafa fundi sem hobbý.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hafnaði í þriðja sæti en félagi hennar var Viggó H. Viggósson, stjórnarmaður í GR. Steinunn er í GR og hefur notið leiðsagnar Ragnhildar Sigurðardóttur við æfingar. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er einnig í klúbbnum og að sögn Margeirs framkvæmdastjóra er hann afskaplega illa haldinn af golfbakteríunni.

bjorn@frettabladid.is

DV

Hafnarstrætismorðinginn Baldur Freyr Einarsson:

Laus úr fangelsi og á leið í lögfræði



Þeir þegar aðrir þegja!

Jón Ólafsson leiðbeinir á námskeiði hjá Endurmenntun:

Kennir á kynjaheima popptónlistarinnar

„Ég ætla að vekja athygli fólks á ýmsum göldrum poppsins,“ segir Jón Ólafsson tónlistarmaður sem verður leiðbeinandi á poppnámskeiði á yegum Endurmenntunar Háskóla Íslands í haust.

Námskeiðið er haldið í fyrsta sinn en Jónas Ingimundarson leiðbeindi á hliðstæðu námskeiði um klassíska tónlist í vetur.

Jón Ólafsson er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að því sviði tónlistarinnar sem kennt er við popp og ætlar að auka úr gnægtabrunni þekkingar sinnar. „Músík er mjög ríkjandi þáttur í daglegu lífi fólks en líklega velta fæstir fyrir sér hvernig lögin hafa orðið til og hvers vegna þau hljóma eins og þau hljóma. Að baki liggja oft miklar þælingar sem ég ætla að reyna að útskýra,“ segir Jón.

Dæmi verða tekin af þekktum plötum og lögum og býst Jón við að skoða séstaklega plöturnar Sturlu með Spilverki Þjóðanna og Lifun með Trúbroti enda báðar í miklu uppáhaldi hjá honum. Hann ætlar að gæta þess að tala á mannamáli svo allir skilji og svo



JÓN ÓLAFSSON Plöturnar Sturla og Lifun verða teknar til sérstakrar athugunar á námskeiðinu sem hefst 17. október og stendur í þrjú kvöld.

er aldrei að vita nema einhverjum leyndarmálum verði ljósrað upp. „Ég ætla að fá til mín gesti sem hugsanlega munu segja frá einhverju sem aðrir vita ekki af,“

segir hann en er ófánlegur til að upplýsa hverjir gestirnir verða. Eitt fæst þó upp úr honum. „Þeir verða mjög líklega íslenskir,“ segir hann og hlær.

- bps

Varnir gegn gin- og klaufaveiki æfðar á skrifstofu yfirdýralæknis:

Undirbúningurinn tók eitt ár

Í dag hefst fjögurra daga samnorræn æfing í viðbrögðum við gin- og klaufaveiki. Fer hún fram á skrifstofu embættis yfirdýralæknis en einnig á rannsóknarstofu, í sláturhúsi og á sauðfjár-búi.

Undirbúningur æfingarinnar hefur staðið í eitt ár og er fjöldi norrænna sérfræðinga í smitsjúkdómum klaufdýra kominn til landsins til þátttöku.

Gin- og klaufaveiki er veirusýking sem sýkir nautgripi, sauðfé, svín og önnur klaufdýr en hvorki fólk né aðrar dýrategundir. Helstu einkenni eru blóður í munni og slefa. Sjúkdómurinn er



mjög smitandi og breiðist því hratt út. Hann veldur dýrum miklum þjáningum en dregur þau sjaldan til dauða.

Sjúkdómurinn hefur aldrei komið upp á hér á landi og ekki á Norðurlöndunum síðan 1983 þegar hans varð vart í Danmörku. Árið 2001 geisaði gin- og klaufaveiki í Bretlandi og er ætlað að kostnaðurinn sem af hlaust fyrir breskt samfélag hafi hlaupið á hundruðum milljarða króna. - bps

HALLDÓR RUNÓLFSSON YFIRDÝRALÆKNIR Fólk á ekki á hættu að smitast af gin- og klaufaveiki.



KÁLFUR Gin- og klaufaveiki er veirusýking sem sýkir nautgripi og önnur klaufdýr.



ATVINNUMAÐUR? Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sveiflar drævernum í upphafshögginu á fyrstu holunni í Grafarholti. Tilburðirnir eru fagmannlegir en hvert ætli kúlan hafi farið?



ÚBBS Borgarstjóri hefur varla slegið langt í upphafshögginu. Torfusnepillinn er til vitnis um það.



SJALDSÉÐ SJÓN Kápur hafa hingað til ekki þótt heppilegur klæðnaður við golfiðkun. Kannski Dagur B. Eggertsson komi af stað nýju „trendi“ í þeim efnum.



PAR Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson þúttar auðveldlega ofan í holuna á fyrstu flöt. Létt þar þar – eða hvað?

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

TRÚIR ÞÚ Á DRAUGASÖGUR?


Most Haunted – óhugnanlegur raunveruleikapáttur mánudaga kl. 22:25



SVONA ERUM VIÐ

FJÖLDI VARPHENSNA Á ÍSLANDI

Heimild: HAGSTOFAN



baksvið

fréttir og fróðleikur

HVAB ER? VANDI SLIPPSTÖÐVARINNAR

Misstu óvænt 50 milljónir króna

Slippstöðin er undirverktaki DSD Stahlbau GmbH vegna umfangsmikils verkefnis við Kárahnjúkavirkjun. Þjóðverjarnir voru ánægðir með samninginn við Slippstöðina og féllust á að greiða 25 milljónir króna inn á samninginn við upphaf verksins. Landsbankinn tók hins vegar þá fjárhæð og frysti til tryggingar greiðslu á verkabýrgð sem bankinn veitti félaginu í tengslum við verkið en á því áttu stjórnendur Slippstöðvarinnar ekki von á.

Annað áfall

Auk þess að frysta 25 milljónir króna vegna verkabýrgðarinnar þá lækkaði Landsbankinn yfirdrátt Slippstöðvarinnar um svipað leyti um aðrar 25 milljónir króna. Þar með missti Slippstöðin 50 milljónir króna sem stjórnendur félagsins ætluðu sem rekstrarfé. Kostnaður vegna Kárahnjúkaverkanna

Verkefni á Kárahnjúkum

Kárahnjúkaverkefnið kölluðu á töluvert fjármagn, meðal annars vegna fjölgunar starfsmanna og aðstöðu fyrir þá eystra. Í því skyni samdi Slippstöðin við Trésmíða-verkstæði Sveins Heiðars á Akureyri um byggingu 1000 fermetra vinnubúða sem ætlunin var að selja að verki loknu en þær voru hannaðar þannig að auðvelt á að vera að breyta þeim í sumarhús eða hótél.

Einnig þurfti Slippstöðin að fjárfesta í nýjum búnaði vegna verkefnanna við Kárahnjúka og þar á meðal var risakrani sem keyptur var frá Sviss og lyft getur allt að 200 tonnum. kk@frettabladid.is



SPURT & SVARÐ

KVENNAHREYFINGAR



BRYNDÍS FRÍÐGEIRSDÓTTIR
FORMAÐUR KVENNAHREYFINGAR
SAMFYLKINGARINNAR

Ekki beint gegn körlum

Kvennahreyfing Samfylkingarinnar var stofnuð um helgina. Bryndís Friðgeirsdóttir var kjörin formaður hennar.

Hvað á hreyfingin að gera?

Þessari hreyfingu er ætlað að styðja við konur sem ætla að hasla sér völl í stjórnáttum, atvinnulífnum eða annars staðar.

Í hverju felst þessi stuðningur?

Með því að hittast reglulega, halda fundi og námskeið og svo með að beita áhrifum sínum þar sem kona þekkir konu.

Er félagskapnum beint gegn körlum?

Nei, alls ekki. Það er mikilvægt að kynin starfi saman en ég held að heimurinn allur hafi gott af því að konur taki líka ákvarðanir.

Lífróður Slippstöðvarinnar

Með þátttöku í umfangsmiklu verkefni við Kárahnjúkavirkjun steig Slippstöðin á Akureyri af braut hefðbundinna verkefna. Byrjunarerfiðleikar við Kárahnjúkaverkefnið og fjárhagsvandi fyrri ára eru að sliga félagið. Slippstöðin hefur nú fengið greiðslustöðvun.

Slippstöðin á Akureyri á í alvarlegum greiðsluferfiðleikum og hefur félagið fengið greiðslustöðvun. Miklar sveiflur hafa verið í rekstri félagsins mörg undanfarin ár og fyrir nokkrum árum fór Slippstöðin í gegnum nauðasamninga þar sem skuldum var breytt í hlutafé.

Vandi Slippstöðvarinnar að þessu sinni tengist hins vegar ekki hefðbundinni starfsemi félagsins, sem er viðhald og endurbætur á skipum og bátum, heldur nýjum verkefnum sem stuðla áttu að að vexti og uppgangi fyrirtækisins.

Starfsmenn Slippstöðvarinnar hafa frá því í vor séð um tvö verkefni við Kárahnjúkavirkjun. Ann að verkefnið tengist niðursetningu á vélbúnaði virkjunarinnar og hefur það verk gengið ágætlega.

Byrjunarerfiðleikar við hitt verkefnið hafa hins vegar sett Slippstöðina í fjárhagslegan vanda en þar er um að ræða samsetningu á þrýstípípum í tvennum samsíða aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar, í undirverktöku fyrir þýska fyrirtækið DSD Stahlbau GmbH. Verkið er mjög umfangsmikið og var reiknað með að framkvæmdin tæki eitt og hálf



SLIPPSTÖÐIN Verkefnastaða félagsins við hefðbundin verk, viðhald og endurbætur á skipum og bátum, hefur verið ágæt í sumar.

ár en göngin verða þau lengstu sinnar tegundar í veröldinni, 420 metrar að lengd hvor göng.

Fjárhagur Slippstöðvarinnar var veikburða áður en félagið tók að sér verkefnið við Kárahnjúka. Um mánaðamótin júlí ágúst í sumar var ljóst að félagið skorti rekstrarfé en helstu eigendur Slippstöðvarinnar voru þó ekki tilbúnir að leggja fram aukið fjármagn. Meirihluti stjórnar Slippstöðvarinnar var í fyrstu heldur ekki tilbúinn að opna á þann möguleika að nýir eigendur kæmu að rekstrinum og í kjölfarið sagði Gunnar Ragnars sig úr stjórn félagsins en hann var þá stjórnarformaður Slippstöðvarinnar.

Nokkrum vikum síðar breytti stjórnin um afstöðu og síðan þá hafa stjórnendur félagsins leitað eftir nýju hlutafé til að halda fyrirtækinu gangandi. Einar Sigurjónsson, lögmaður Slippstöðvarinnar, segir hins vegar nýtt hlutafé ekki enn í hendi en stjórnendur leiti allra leiða til að bjarga fyrirtækinu.

Þar sem Slippstöðin er undirverktaki DSD Stahlbau GmbH munu erfiðleikar Slippstöðvarinnar bitna á Þjóðverjunum en ekki Landsvirkjun. Gangi Slippstöðin úr skaftinu munu starfsmenn DSD Stahlbau GmbH væntanlega taka við verkinu eða ráðinn verður annar undirverktaki til að ljúka því. Þýska fyrirtækið gæti hins vegar krafist skaðabóta af Slipp-

„Þar sem Slippstöðin er undirverktaki DSD Stahlbau GmbH munu erfiðleikar Slippstöðvarinnar bitna á Þjóðverjunum en ekki Landsvirkjun. Gangi Slippstöðin úr skaftinu munu starfsmenn DSD Stahlbau GmbH væntanlega taka við verkinu eða ráðinn verður annar undirverktaki til að ljúka því. Þýska fyrirtækið gæti hins vegar krafist skaðabóta af Slippstöðinni sem væntanlega myndu ríða fyrirtækinu að fullu, takist stjórnendum félagsins yfir höfuð að ná Slippstöðinni úr þeim ólgusjó sem nú brýtur á félaginu.“

stöðinni sem væntanlega myndu ríða fyrirtækinu að fullu, takist stjórnendum félagsins yfir höfuð að ná Slippstöðinni úr þeim ólgusjó sem nú brýtur á félaginu.

Þegar Slippstöðin tók að sér samsetningu á þrýstípípum var félagið að ganga út af braut hefðbundinna verkefna og stíga lítt kunn spor. Markmiðið var að efla félagið og stækka en reynsluleysi í verkefnum af því tagi varð til þess að félagið teygði sig of langt í þeirri viðleitni að ná verkinu.

Lítið sem ekkert borð var fyrir báru í samningi Slippstöðvarinnar við Þjóðverjana til að mæta byrjunarerfiðleikum og fjárhagslegum skakkaföllum við verkið. Í ljós kom að samsetningin á þrýstípípum var umfangsmeira verk en stjórnendur Slippstöðvarinnar áætluðu og því breyttist vonarneisti félagsins um sókn og uppgang í vandræðabál sem brennt gæti félagið til grunna.

Þann 13. september síðastliðinn féllst Héraðsdómur Norðurlands eystra á að veita Slippstöðinni greiðslufrest til 4. október og segir Einar Sigurjónsson, lögmaður Slippstöðvarinnar, að á næstu dögum verði haldin fundur með helstu kröfuhöfum. „Það koma ýmsar lausnir til greina en núna erum við að reyna að átta okkur á stöðunni og hvernig hægt er að taka á vandanum,“ segir Einar.

Ef stjórnendur Slippstöðvarinnar telja að ljós sé í myrkrinu verður greiðslustöðvunin væntanlega framlengd til nokkurra mánaða. Á meðan stjórnendur og eigendur Slippstöðvarinnar róa lífróður til bjargar félaginu þurfa um 130 starfsmenn Slippstöðvarinnar, og fjölskyldur þeirra, að bíða í kaldri óvissu um fjárhagslega framtíð sína.



FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON
ritstjorn@frettabladid.is

FISKBÚÐIN HAFBERG

Glæný
línuýsa

Lúðusneiðar aðeins 990 kr kg
Glæsilegt úrval fiskrétta

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

SMS ÁSKRIFT Á TÓNLIST.IS

SMS áskrift á Tónlist.is

Ný áskriftarleið fyrir þá sem ekki nota kreditkort. Sendu eitt SMS og þú ert kominn í áskrift.

Fáðu þér aðgang að stærsta tónlistarvef landsins fyrir aðeins 398 krónur á viku!

Kynntu þér málið á www.tonlist.is



TÓNLIST.IS



Munið gjafabréfin



Sendum samdægurs

Veidihornið - Hafnarstræti 5 - sími 551 6760 • www.veidihornid.is • Veidihornið - Síðumúla 8 - sími 568 8410


12 mánaða vaxtalausar afborganir



Stoeger 2000 – svört plasticskefti, ólarfestingar og 5 þrengingar. **Aðeins 55.900.- eða aðeins 4,659 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Stoeger 2000 – Hnotuskefti, ólarfestingar og 5 þrengingar. **Aðeins 56,900 eða aðeins 4,742 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Stoeger P350 – svört plasticskefti. **Aðeins 31.900 eða aðeins 2.658 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Stoeger 2000 – camo, ólarfestingar og 5 þrengingar. **Aðeins 58,900 eða aðeins 4,909 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Benelli Nova. Svört plasticskefti. 24" eða 26" hlaup. Aukaprengingar. **Staðgreitt aðeins 52.900 eða aðeins 4.575 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust (heildarverð 54,900)**




Stoeger P350 – camo. **Aðeins 35.900 eða aðeins 2.992 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Benelli Crio. Flaggskipið frá Benelli. 26" hlaup. 2 þrengingar, ólarfestingar og taska. Ein fallegasta byssan á markaðnum. **Staðgreitt aðeins 141,800 eða aðeins 12,233 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust (heildarverð 146,800)**




Ruger All Weather. Plastskefti og ryðfrítt hlaup. Öryggislás og sjónaukafestingar fylgja. **Aðeins 62,800 eða aðeins 5,234 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**



Ruger Standard. Hnotuskefti og blámað hlaup. Öryggislás og sjónaukafestingar fylgja. **Aðeins 62,800 eða aðeins 5,234 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Ruger RM. 22 magnum. Hnotuskefti, blámað hlaup. 9 skota magasín, öryggislás og sjónaukafestingar fylgja. **Aðeins 54,800 eða 4,567 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**



Ruger Target Grey. Límtrésskefti, þungt, ryðfrítt hlaup. Öryggislás og sjónaukafestingar fylgja. **Aðeins 75.800 eða 6,317 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Ruger VMBZ. 22 magnum. Límtrésskefti, ryðfrítt hlaup. 9 skota magasín, öryggislás og sjónaukafestingar fylgja. **Aðeins 59,900 eða 4,992 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**




Ruger RMP. 22 magnum. Svart plasticskefti, ryðfrítt hlaup. 9 skota magasín, öryggislás og sjónaukafestingar fylgja. **Aðeins 54,800 eða 4,567 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**



Savage Mark II G. 22 cal. Hnotuskefti, blámað hlaup. 10 skota magasín. **Aðeins 24.800 eða 2,067 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**



Savage Mark II FV. 22 cal. Svart plasticskefti, blámað, þungt hlaup. 5 skota magasín. **Aðeins 29.900 eða aðeins 2,492 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**



Savage Mark II F Camo. 22 cal. Camo skefti, blámað hlaup. 10 skota magasín. **Aðeins 26,600 eða 2,217 á mánuði í 12 mánuði, vaxtalaust.**



Þrívíddargæsir / silúettur. Ótrúlega eðlilegar gervigæsir, 12 í pakka. Algjörlega glampalausar. **Aðeins 14.990.-**



Sambærilegar gæsir ásamt festijárnum eru um 50% dýrari annars staðar. Kaupu gæsirnar í Veidihorninu og fáðu þér skot fyrirmuninn. Langbesta verð á gervigæsum. 12 skeljar í kassa ásamt festijárnum. Góður hópur samsettur af 8 fuglum að éta, 2 í hvíld og aðeins 2 varðfuglum. Ótrúlega gott verð Veidihornsins – **aðeins 6.995 fyrir allt þetta.**



Flotgæsir **Aðeins 1.695**



Risastórar gervigæsir sem sjást vel úr háloftunum. **Aðeins 2.280**



Gæsa- og andaflautur frá Faulk's og Primos. Einhverjar vinsælustu flauturnar. **Frábært verð aðeins frá 2.480.-**

Býrðu úti á landi? Langt í næstu veiðibúð? Veidihornið er líka á netinu.

Allar vörur í þessari auglýsingu getur þú pantað á þægilegan og öruggan hátt á netinu. Við sendum samdægurs með póstinum. Það sem þú pantar fyrir hádegi færðu í flestum tilfellum afhent daginn eftir.

Veiðibúðin í tölvunni þinni – veidihornid.is



skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Hversu langt eiga stjórnvöld að teygja sig til að tryggja velferð þegnanna?

Öryggisnet hins opinbera

Hugmyndin um velferðarkerfið stendur á ákveðnum tímamótum víða um hinn vestræna heim um þessar mundir. Hversu langt á hið opinbera að teygja sig til að tryggja velferð þegnanna er spurningin og ekki síður hversu miklum fjármunum er hægt að verja til þessa málaflökks sem virðist bóligna óviðráðanlega út ár frá ári, þar með talið hér á landi.

Í vikunni tilkynnti David Blunkett, atvinnu- og eftirlaunamálaráðherra Bretlands, að breska ríkisstjórnin hygðist taka til rækiligrar endurskoðunar bótakerfi landsins. Í breskum fjölmiðlum kom fram að þessi aðgerð ríkisstjórnar

Hugmyndin um hið alltumlykjandi opinbera kerfi er hættuleg í edli sínu og beinlínis andsnúin lífinu enda sjálfsbjargarviðleitni grunneðli í öllum lifandi verum.

Verkamannaflokksins yrði mesta bylting á velferðarkerfi landsins frá því að það var sett á fót eftir síðara stríð.

Meginástæðan fyrir því að ráðast í verkið er grunurinn um að of auðvelt sé að svindla á kerfinu, sem sagt að ágætlega frískt fólk þiggi bætur.


Aðrir jafnaðarmenn í öðru landi hafa verið að reyna að koma böndum á hluta af sínu kerfi. Þegar stjórn Görans Persson tók við völdum í Svíþjóð eftir síðustu kosningar fyrir þremur árum, var eitt af yfirlýstum markmiðum hennar að fækka veikindadögum Svía, en Svíar eiga heimsmet í fjarvistum frá vinnu vegna veikinda. Ekki þarf að efast eitt augnablik um að orsökina fyrir því vafasama meti er ekki bágt heilsufar þjóðarinnar heldur rausnarlegt svigrúm sænskra launþega til veikindadaga á launum.

Íslenskir stjórnálmenn hafa ekki sýnt mikinn vilja til þess að taka á velferðarkerfi okkar, enda tæplega líklegt til vinsælda og atkvæða að leggja til breytingar sem myndu draga saman fjárútlát samfélagsins til velferðarmála. Þið heyrið bara hvað þetta tvennt hljómar illa saman, „samdráttur“ og „velferðarmál“. Þó er þetta verk sem engir aðrir en stjórnálmenn geta ráðist í, nema þjóðin sé tilbúin að sætta sig við að það sé náttúrulegt að fjárútlát til velferðarmála aukist milli ára.

Þegar David Blunkett kynnti áætlanir bresku ríkisstjórnarinnar sagði hann að markmiðið að baki endurbótum á breska kerfinu væri að hjálpa fólki við að hjálpa sér sjálft. Sem hlýtur að eiga að vera meginsteff í öllum velferðarkerfum alls staðar.

Hugmyndin um hið alltumlykjandi opinbera kerfi er hættuleg í edli sínu og beinlínis andsnúin lífinu enda sjálfsbjargarviðleitni grunneðli í öllum lifandi verum. Að ætla að smíða kerfi sem tekur við því hlutverki jaðrar við mannfyrlitningu.

SJÓNAUGAÐ



2 FYRIR 1
SKÓLATILBOÐ

SJÓNAUGAÐ GLÆSIBÆ
SÍMI 5116698

FRÁ DEGI TIL DAGS

Yfirtrompaði

Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, er ekki hrifinn af framgöngu Ragnars Arnalds, bankaráðsmanns í Seðlabankanum, þegar laun bankastjóranna voru hækkuð þar á bæ. Í pistli á vefsetrinu heimur.is líkir hann Ragnari við nafna hans Reykás sem hann segir að lýsi „þjóðarsálinni betur en flestir aðrir. Hann hneykslast og tuðar, fer hringinn í umræðunni á auga-bragði, og endar svo með stæl og er á móti sjálfum sér. Þetta verður varla toppað. Og þó. Ég held að Ragnar Arnalds hafi yfirtrompað nafna sinn Reykás í fréttatíma Stöðvar 2 um hækkun launa til handa bankastjórum Seðlabankans. Ég held að Ragnar Arnalds hafi farið einn og hálfan hring. Var á móti. Greiddi samt með. Annað hefði verið fullkomið ábyrgðarleysi!“

Hikstaði svolitíð

„Fréttamaður Stöðvar 2 spurði Ragnar, sem mætti galvaskur fyrir framan kameruna úti í garði hjá sér, um launa-hækkunina“, skrifar Jón. „Ragnar: Þetta er vond þróun. En hún er afleiðing af einkavæðingu ríkisbankanna og Seðlabankinn getur ekki verið eitthvert eyland sem tekur ekki tillit til þess sem er að gerast í kerfinu. En hvers vegna greiddir þú ekki atkvæði gegn hækkuninni, Ragnar? spurði fréttamaðurinn. Hann hikstaði eðlilega svolitíð og sagði síðan að það mætti kannski deila um það. Ég var hins vegar í prinsippinu sammála því að það væri óhjákvæmilegt að endurskoða launakjör bankastjóra og því hefði verið ábyrgðarleysi að standa fyrir utan og þykjast ekkert sjá hvað væri að gerast í kring.“

Jú, jú spiltt kerfi

Enn skrifar Jón: „Ragnar klykkti síðan út með að taka undir spurningu fréttamannsins um hvort ráðning bankastjóra Seðlabankans væri ekki „spiltt kerfi“. Jú, jú, hann sagði að það væri hægt að kalla það því nafni og að þetta kerfi kallaði á að tekið væri tillit til stjórnmalaskoðana þeirra sem ráðnir væru – en ekki að þeir hæfustu væru valdir. Þá vitum við það: Hæfasta fólk er ekki ráðið en samt hækkum við laun þess um 27%. Svo kemur þessi dásamlega setning: Seðlabankinn getur auðvitað ekki verið eitthvert eyland.“



gm@frettabladid.is

Hvenær sækir maður um?

Ísland hefur sótt um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna – eiginlega. Stjórnvöld áforma að leggja út í mikinn kostnað sem sagður er vera samfara þessari umsókn vegna svokallaðra kynningarmála en um leið er látið að því liggja að iendanlegi ákvörðun um þessa umsókn hafi ekki verið tekin, en muni senn liggja fyrir. Eða þannig.

Svona horfir þetta við manni:

Þrír menn sækja um vinnu. Tveir þeirra sækja það fast að fá hana, þjóða hugsanlegum vinnuveitanda í mat og eru allt kvöldið á hjólum í kringum hann. Sá þriðji er líka með í þessu – eiginlega. Hann heldur alla vega fint boð, en á meðan hugsanlegur vinnuveitandi bíður eftir matnum er umsækjandi inn frammi í eldhúsi að rifast við maka sinn og börnin um það hvort til standi í raun og veru að sækja um þessa vinnu; hvort hann ráði við hana, hvort hann langi yfirhöfuð í hana, hvort þetta sé nokkuð skemmileg vinna – kemur svo inn í stofu, rjóður og vandræðalegur og segir að endanleg ákvörðun muni liggja fyrir senn en þangað til standi umsókn sín – eiginlega – viltu ekki aftur í glasið?

Hvenær sækir maður um og hvenær sækir maður ekki um? Til stendur að leggja út í kostnað vegna kynningarmála, eins og það er kallað – og hljómar dálítið ískyggilega – en um leið eru þrífaldlega send þau skilaboð að þetta sé ekki þannig meint – ekki enn að minnsta kosti. Þetta er að minnsta kosti einkennilegt umsóknarferli. Einkennilegt hik: annaðhvort er maður í bíl á leið til Keflavíkur eða ekki. Annaðhvort hefur maður tekið ákvörðun um umsókn eða ekki. Og hafi maður ekki gert það þá er maður ekki í framboði. Á þessum vettvangi dugir ekki að segja að ímargir hafi komið að máli við mann. Samflokksmenn

Í DAG ÍSLAND OG ÖRYGGISRÁÐIÐ

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON



– kemur svo inn í stofu, rjóður og vandræðalegur og segir að endanleg ákvörðun muni liggja fyrir senn en þangað til standi umsókn sín – eiginlega.

Halldórs, samráðherrar og meira að segja formaður þingflokksins telja að minnsta kosti að enginn hafi komið að máli við neinn – málið hafi aldrei verið rætt; málið sé alls ekki frágengið, þótt sjálfur formaður þeirra, og forsætisráðherra landsins tilkynni enn og aftur umsókn Íslands að öryggisráðinu úr ræðustól hjá Sameinuðu þjóðunum. Nei – það reyndist ekki vera nógu afdráttarlaust, ekki alveg endanlegt, þótt sú ákvörðun liggja mjög bráðlega fyrir.

Hvað er þetta með Halldór Ásgrímsson og aðild að hinu og þessu? Um árið var það helsta hugsjón hans í lífinu að drepa hvali eins og við munum – þessi háttvísi maður var orðinn svo blóðþyrstur í garð sjávarspendýra að hann fór vart út úr húsi öðruvísi en sveipaður selskinni. Að kvótakerfinu frátöldu var þetta hið stóra verkefni Halldórs Ásgrímssonar í stjórnálmum, að koma málum svo fyrir að Íslendingar gætu veitt hvali. Og til þess að gera að veruleika þessa völdugu hugsjón stóð hann sem sjávarútvegsráðherra fyrir því að Íslendingar þrömm-

uðu á dyr í alþjóða hvalveiðiráðinu. Aðildinni var hætt. Fyrir vikið þurftu Íslendingar að bíða með að hefja hvalveiðar árum saman á meðan Norðmenn skutluðu hval af miklum móð. Eitthvað svipað vafstur og vesen virðist vera uppi á teningnum nú þegar ráðherra langar í öryggisráðið: eftir því sem hann talar meira um þau áform þeim mun lengra virðist hann vera frá því að ná fram markmiðum sínum.

Er þetta kannski forsætisráðherrafrátíð Halldórs í hnotskurn? Það er eins ekki sé tekið fullt mark á honum sem slíkum, ekki einu sinni af samráðherrum og formanni þingflokks, sem hefði viljað fá að ræða málið – það er að segja: er andvígur hugmyndinni. Raunar virðast allir landsmenn andvígur þessari hugmynd, að frátöldum einhverjum kokteilpínum í utanríkisráðuneytinu, enda vandseð hvaða erindi Íslendingar eiga á þessa samkomu eins og stefnu þeirra er háttáð um þessar mundir.

Hefðu Íslendingar utanríkisstefnu gegndi kannski öðru máli. Maður gæti jafnvel fyllst stolti yfir því að þetta þjóðarkrifi hefði eitthvað fram að færa til að friðvænlegra verði í heiminum. En eins og málum er háttáð þá eru Íslendingar svolitíð eins og Björn í Mörk þegar hann var að hjálpa Kára í mannvígum í Njálu: á bak við kappann í öruggu skjóli en fullur vígamóds og hafandi í heitingum við óvininn. Við erum sem sé í selskap sem fyrrum utanríkisráðherra gaf nafnið hinar staðföstu þjóðir, og gott ef við erum ekki vopnabræður Bandaríkjamanna – gott ef við eigum ekki í stríði í Irak og Afganistan. Eða hvað? Aðildin að bandalagi hinna istaðföstu þjóða er jafn óljós og önnur aðildarmál Halldórs Ásgrímssonar. Nema við vitum að hann er í Framsóknarflokkinum.

MARKAÐURINN



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÖLAR RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ADSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – PRENTMIÖLAR PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 7.02	13.21	19.39
AKUREYRI 6.45	13.06	19.25

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur
19. september,
262. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	6-7
Árborgir	15
Ás	42-44
Bífröst	21
Borgir	17
Draumahús	27-30
Eignamiðlun	25
Eignastýring	32
Fasteignamark.	45
Fasteignamiðlun FM	41
Fasteignam. Grafarv.	40
Fasteignastofan	31
FMH fasteignasala	36
Fast.st. Suðurnesja	18
Fyrirtækjasala Ísl.	25
Gloria Casa	24
Hof	13
Hóll	48
Hraunhamar 10-11 og	25
Húsaland	35
Húsavík	15
Húseign	22
Höfði	8-9
Klettur	12
Lundur	38-39
Lyngvík	19
Lögmenn suðurlandi	23
Neteign	14
Nethús	33
Nýtt	20
Remax Stjarnan	49
Smárinn-Húsið	46-47
X-hús	16

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 50

**ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is**



allt - fasteignir

hús o.fl.

Vinsælt að steina hús BLS. 2
Ráð frá Rakel BLS. 3

fasteignir

Viðbyggingar BLS. 26
Gjósandi turninn Agbar BLS. 40

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Garður hússins er í góðri rækt.

Á besta stað við hraunið

Fasteignasalan Lyngvík er með til sölu einbýlishús við Hraunbrún 11 í Hafnarfirði. Eignin er 204 fermetrar að stærð með bílskúr og góðri verönd.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskáp. Inn af henni er gestasnyrting sem lítillega innréttuð. Svefnherbergisgangur er með parkettgólfi og á honum eru fjögur herbergi. Þau eru öll með dúk á gólfi, eitt hjónaherbergi sem er með skápum og annað þar að auki sem einnig er með skápum. Baðkar og sturtuklefa er að finna í innréttuðu baðherberginu sem er flísalagt í hólf og gólf. Af aðalhæðinni er gengið niður tvö þrep inn í sjónvarpshol sem er parkettlagt. Björt borðstofa kemur í ljós þegar geng-

id er upp tvö þrep frá aðalhæð en gluggar hennar snúa í þrjár áttir. Frá stofunni er gengið út á suður- og vestursvalir. Eldhús er lagt korkflísum og með upprunalegri innréttingu frá því húsið var byggt árið 1978. Góður borðkrókur er í eldhúsi og inn af því er búr með hillum.

Bílskúr er í kjallara hússins og er hann innréttaður að hluta sem herbergi. Í kjallara er einnig geymsla, annað herbergi og flísalagt baðherbergi með sturtuklefa. Við hlið bílskúrsins er góð verönd. Í húsinu er einnig þvottahús þar sem gengt er út í garð.

Garður hússins er í góðri rækt og stendur við hraunið en skóli, leikskóli og kirkja eru einungis í göngufæri við það.

Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning en ásett verð er 46,5 milljónir.



LIGGUR Í LOFTINU

[HÚS - FASTEIGNIR]



hefur sendingar í byrjun nóvember. Dagskrá stöðvarinnar verður einungis byggð upp á fasteignakynningum allan sólarhringinn. Sendingum sjónvarpsstöðvarinnar ná viðskiptavinir Símans á breiðbands- og ADSL-kerfi fyrirtækisins en verið er að semja við aðra mögulega dreifingaraðila.

Úthlutun nýrra lóða í Neskaupstað hefur verið auglýst. Um er að ræða lóðir á deiliskipulagssvæðum Bakkar 2 og Bakkar 3 eftir því sem kemur fram á heimasíðu Fjarðabyggðar. Lóðirnar verða tilbúnar til afhendingar í desember og eru þetta tíu einbýlishúsalóðir og þrjár raðhúsalóðir.

Fasteignasjónvarpið er ný islensk sjónvarpsstöð sem

Yfirbyggð sundlaug á Akranesi er á teikniborðinu en til laga um framtíðarskipulag laugasvæðisins liggur nú fyrir bæjarráði. Þetta kemur fram á vef Skessuhornsins. ASA-arkitektar unnu tillögurnar en miðað er við yfirbyggða 25 metra sundlaug með átta brautum sem verður reist vestan við sundlaugina.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,150%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is





VELFAC
Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco
Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík
Sími 577 2050 • www.formaco.is

Hreinlega...

...ótrúleg verð!!!!
Sturtuklefar og baðker í úrvali!

sturta.is
www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Simabjónusta frá 10-19: 899-4567
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningabjónusta fyrir hendi



Falleg steining við Hofteig í Reykjavík.

Vinsælt að steina hús

Í höfuðborginni virðast allir vera að steina húsin sín. Steining er aðferð sem ein-kennir mjög eldri hús í Reykjavík en virðist vera að komast aftur í tísku og það með stæl.

Þegar blaðamaður hafði samband við Þóri Magnússon hjá Múrlínu ehf. var hann einmitt að steina. „Við erum að gera gömlu húsin mikið upp og svo líka nýju húsin,“ segir hann. Steiningin gengur þannig fyrir sig að sérstöku steiningarlími er sprautað á veggina og svo er muldum efn-

um kastað á. „Við köstum oftast marmarasalla á húsin en hann er fluttur inn frá útlöndum. Einnig er notaður skeljasandur og líka kvarts. Þetta kemur líka í alls konar litum,“ segir hann og ljóst er að steiningin er til fyrir flesta. Ekki er sama aðferð notuð við að steina gömul hús og ný. „Þegar gert er við gömlu húsin þarf að byrja á því að gera við þau. Því næst þarf að slétta yfirborðið og þá eru þau tilbúin fyrir límið,“ segir Þórir og tekur fram að þetta sé mjög hraðsoðin lýsing á steiningu enda sé vinnuferlið kannski ekki eitthvað sem maður lýsir í stuttu máli í blaðaviðtali. Sömu sögu má segja um nýju húsin go segir Þórir að hann taki oft við húsum beint úr mótunum og steini þau. „Þá slípum við yfirborðið til að slétta og gerum við flekasam-

lysing á steiningu enda sé vinnuferlið kannski ekki eitthvað sem maður lýsir í stuttu máli í blaðaviðtali. Sömu sögu má segja um nýju húsin go segir Þórir að hann taki oft við húsum beint úr mótunum og steini þau. „Þá slípum við yfirborðið til að slétta og gerum við flekasam-

lysing á steiningu enda sé vinnuferlið kannski ekki eitthvað sem maður lýsir í stuttu máli í blaðaviðtali. Sömu sögu má segja um nýju húsin go segir Þórir að hann taki oft við húsum beint úr mótunum og steini þau. „Þá slípum við yfirborðið til að slétta og gerum við flekasam-

lysing á steiningu enda sé vinnuferlið kannski ekki eitthvað sem maður lýsir í stuttu máli í blaðaviðtali. Sömu sögu má segja um nýju húsin go segir Þórir að hann taki oft við húsum beint úr mótunum og steini þau. „Þá slípum við yfirborðið til að slétta og gerum við flekasam-



Hér sést sallinn sem er notaður í steininguna.



Þórir Magnússon stendur við steingu.

Salaskóli í Kópavogi var tekinn í notkun haustið 2001. Skólinn, sem enn er í byggingu, er hannaður af Sveini Ívarssyni arkitekt. Hann hefur verið byggður í nokkrum áföngum og tekið er tillit til þess að skólahúsið sé nægilega stórt fyrir þau skólábörn sem eru í skólanum hverju sinni. Í þeim byggingaráfanga sem nú er verið að ljúka verður tekinn í notkun samkomusalur, anddyri og rými fyrir skólasafn. Nú eru 420 nemendur í skólanum en gert er ráð fyrir 500 til 600 börnum þegar skólinn er fullbúinn. Húsið skiptist í þrjú hús, eitt húsið er fyrir yngsta stigið, annað húsið fyrir miðstigið og það þriðja fyrir unglingastigið. Í miðhúsinu eru einnig kennarskrifstofur og lista- og verkgreinastofur. Samkomusalur og félagsmiðstöð er í þriðja húsinu, sem ætlað er unglingastiginu. Skólastjóri Salaskóla er Hafsteinn Karlsson.



DRAUMAHÚSIÐ MITT ERÞUR EYVINDARSON

Heitur pottur í Havana


„Draumahúsið er náttúrulega í Havana á Kúbu,“ segur Erpur Eyvindarson, hugsjónamaður og rappari. „Það sem skiptir mestu máli er að í því sé heitur pottur og bar. Ég myndi vilja að það væri hægt að ganga nokkurn veginn beint út á verönd eftir að maður kemur inn, þar sem þetta væri.“

Aðspurður um það hvort að það þurfi ekki að vera eldhús og fleira hagnýtt í húsinu svarar hann: „Það væri ekkert verra ef það væri einhver á barnum sem gæti eldað eitthvað til að hafa með drykkjunum.“ Erpur segir að ef það væru mörg herbergi í húsinu myndi hann vilja hafa bar í þeim öllum. „Ég myndi vilja að þetta væri svipað og maður sér í svona gömlum myndum frá áttunda áratugnum þar sem hægt er að hrista kokkteila inni á herbergi.“



Erpur vill hafa bar í hverju herbergi.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Fyrst um sinn verða milli 50 og 60 nemendur á leikskólanum.

Nýr leikskóli á Egilsstöðum

Glæsilegur 880 fermetra leikskóli sem á eftir að stækka í framtíðinni.

Á dögnum var formlega tekinn í notkun nýr og glæsilegur leikskóli við Skógarlönd á Egilsstöðum. Leikskólinn er 880 fermetrar að stærð og skiptist í fjórar deildir. Hönnunin gerir hins vegar ráð fyrir því að hægt sé að byggja tvær deildir til viðbótar í framtíðinni.

Byggingaframkvæmdir hófust í ágúst í fyrra en það voru menn frá íslenskum aðalverktökum sem byggðu skólann eftir teikningum frá ARKÍS.

Til að byrja með verða 50 til 60 nemendur í skólanum á aldrinum eins til þriggja ára. Leikskólastjóri er Hanna Málmfríður Harðardóttir. ■

? SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Er mikil umferð við húsið þitt?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU:
Er hiti í stéttinni heima hjá þér?

Já	32,9%
Nei	67,1%



295.900

Kæli-/frystiskápur
Electrolux, klakavél, stálklæddur
1839908



69.990
~~74.990~~

Frystiskápur
Electrolux, 173 sm, 268 ltr.
1836956
160 sm, 245 ltr.
1836951
65.990



24.900
~~29.990~~

Frystikista
Frigor, G-150,
1805484

182 ltr. Verð áður 39.990
1805486 **29.900**
272 ltr. Verð áður 42.900
1805487 **34.890**
381 ltr. Verð áður 48.990
1805488 **39.890**
461 ltr. Verð áður 56.990
1805489 **49.890**



Kæli-/frystiskápur
Amica, 144x55 sm
1808309 **49.990**



Kæli-/frystiskápur
Amica, 173x55 sm, til innbyggingar
1808308

Kaldir dagar



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Blóm eða bátar við höfnina

UMRÆÐAN



BIRGIR HÓLM BJÖRGVINSSON
SJÓMAÐUR

Ekki er þess vert að fagna fyrirhuguðum breytingum á hafnar-svæðinu í Reykjavík, þar sem flest sem tengist atvinnuvegum á að víkja fyrir því sem enga sérstöðu hefur og ekkert sem laðar að...

Hvort ætli erlendir ferðamenn sem hingað koma hrífast frekar að blómum í kerjum eða fiskibátum þar sem sjómenn vinna að löndun, veiðarfærum og öðru sem þarf til að viðhalda þeirri merku atvinnugrein sem sjómennska er? Blóm á engjum, blóm í gördum og blóm í kerjum er að finna um allan heim, og sérstaða Íslendinga á sýningu blóma er engin og verður sennilega aldrei nokkur. Við höfum bæði sérstöðu og einkenni í útgerð og sjómennsku og þess vegna er trúlegt að sjómennirnir hrifi fleiri en blómabeðin.

Ekki er þess vert að fagna fyrirhuguðum breytingum á hafnar-svæðinu í Reykjavík, þar sem flest sem tengist atvinnuvegum á að

víkja fyrir því sem enga sérstöðu hefur og ekkert sem laðar að, hvorki Íslendinga né ferðamenn.

Fínheiti eru slík að nú tala þeir sem hafa verið kosnir til að stýra Reykjavík um að best sé að efla Akranes sem fiskihöfn. Þeir sem þannig tala hafa gleymt upprunum. Reykjavík byggðist frá höfninni og ástæðulaust er að gleyma því og afmá þær minningar sem eftir eru.

Stjórnmalamenn þurfa að forgangsraða. Þeir hafa gert það við höfnina, þar sem ekki er hægt að þverfóta fyrir gælverkum. Það er fleira sem hefur farið á forgangslistann og annað sem ekki hefur komist þangað. Það eru ekki nógu mörg rúm til að unnt sé að sinna

geðfötlum börnum, það á að auka enn frekar aðstæður tónlistarunnenda, það eru ekki næg pláss fyrir gamalt fólk á hjúkrunarheimilum, en mikið hefur kostað að auka rými til allskyns listsýninga á meðan biðlistar eru eftir læknaþjónustu, lág laun hrekja fólk frá aðhlyningastörfum og öðrum störfum þar sem unnið er með fólk. Þeir sem þessar ákvarðanir hafa tekið eða ekki, hafa tjáð sig og sýnt hug sinn. Það er svo ykkar hinna að ákveða hvort við treystum þessu fólk áfram, fólk sem virðist telja að alltaf sé sunnudagur. Fínar veislur standi alla daga en aldrei sé ástæða til að huga að því sem hefur gert okkur að þeirri þjóð sem við eigum að vera, það er vinnunni og upprunum.

Höfundur er stjórnarmaður í Sjómannafélagi Reykjavíkur.



JCB 3cx Super Turbo
árg. 1996 Vst. 12.500



JCB 3cx
árg. 1995 Vst. 7.470



Fiat Hitachi Hjólavél
árg. 1998 Vst. 4.782



Komatsu PC340LC
árg. 1996 Vst. 8.900



Komatsu PC03
árg. 1998 Vst. 2.425



HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

PHILIPS TILBOÐ

DVD VIDEO HEIMABÍÓ



Philips MX2500
Fyrirferðalítið HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxial út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

TILBOÐ 19.995

Fullt verð kr. 24.995



Philips HTS3300
Nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

TILBOÐ 24.995

Fullt verð kr. 29.995

Með **DIVX VIDEO**
SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DIVX 3.11/4.X/5.X OG XVID og CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG



Philips HTS3500S
HEIMABÍÓSETT með fjölkerfa DivX DVD spilara, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Progressive Scan, 4x Video Upsampling, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, SCART (með RGB), S-Video og RCA tengi, Component (Y, Pr, Pb) tengi, Aux in og Digital Coaxial in og fjarstýringu.

TILBOÐ 39.995

Fullt verð kr. 49.995

Með **DIVX VIDEO**
SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4 OG DIVX 3.11/4.X/5.X
SPILAR SACD, CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG



Philips HTS8000S
HEIMABÍÓKERFI með SonoWave Surround Sound System - alvöru heimabíóhljómur úr aðeins 2 hátölurum, DVD spilara með Progressive Scan, 550w RMS magnara, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, 4x Video Upsampling, útvarpi með stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart (með RGB), Component, Aux in og Digital Coaxial in og fjarstýringu.

TILBOÐ 79.995

Fullt verð kr. 89.995

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4 og DIVX 3.11/4.x/5.x - Spilar SACD, CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

www.ht.is



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

Krabbamein: áhrif þess á aðstandendur sjúklinga

UMRÆÐAN
KRABBAMEIN



GUNNJÓNA UNA
GUÐMUNDSDÓTTIR

Þörf er á ferli sem fer í gang í skólum eða leikskólum þegar einhver úr fjölskyldu nemenda greinist með lífshættulegan sjúkdóm á borð við krabbamein.

Á sameiginlegum fundi stuðningshópa Krabbameinsfélagsins á miðvikudaginn verður meðal annars fjallað um áhrif krabbameins á líðan barna sem alast upp með langveikum foreldrum. Innan Krabbameinsfélagsins eru starfandi stuðningshópar fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra. Upplýsingar um starfsemi stuðningshópanna er að finna á vefsíðu Krabbameinsfélagsins www.krabb.is. Á höfuðborgarsvæðinu eru starfandi sjö slíkir stuðningshópar sem halda uppi öflugum fræðslu- og félagsstarfi. Einnig heimsækja sjálfboðaliðar stuðningshópanna sjúklinga á spítala eða heim sé þess óskað.

Þegar einstaklingur greinist með krabbamein kemur oft upp ný og áður óþekkt staða hjá fjölskyldu sjúklingsins. Hlutverk innan fjölskyldunnar breytast og fylgt getur ötti og öryggisleysi. Þá gæti það gerst að börnin á heimilinu gleymist þegar athygli allra beinist að þeim sjúka. Það skiptir einnig miklu máli hvernig barni eru sögð þessi alvarlegu tíðindi og getur verið erfitt fyrir foreldra að ákveða hvenær og hvernig þeir geta á sem mildast en skýran hátt sagt barni sínu frá því að mamma eða pabbi sé með krabbamein og hvað slíkt þýðir. Tengsl og umhyggja frá fólki utan heimilis er undirstaða þess að börnin nái að tengjast

öðru fólki í umhverfi þess og þroskast og aðlagast. Nærvera annars fólks sem er til staðar fyrir börnin getur hjálpað þeim að ná stjórn á kvíðanum sem óvissan veldur.

Þörf er á ferli sem fer í gang í skólum eða leikskólum þegar einhver úr fjölskyldu nemenda greinist með lífshættulegan sjúkdóm á borð við krabbamein. Í könnun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2004 á líðan tíu til tólf ára barna í grunnskólum Reykjavíkur kemur fram að um 130 börn segja að sér líði almennt illa og að þau finni fyrir depurð og kvíða, en ekki kom fram í könnuninni hver bakgrunnur þessara barna er. Oft er

ekki hlúð nógu vel að þeim börnum sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa á faglegri hjálp að halda.

Stuðningshópar Krabbameinsfélagsins vilja vekja athygli á að krabbamein hefur mikil áhrif á börn og aðra aðstandendur sjúklinga. Fulltrúar stuðningshópanna munu einnig kynna starfsemi stuðningshópanna á sameiginlegum fræðslu- og kynningarfundum stuðningshópanna í Ými, sal Karlaðs Reykjavíkur Skóga-hlíð 20 miðvikudaginn 21. september kl. 20. Fundurinn er öllum opin.

Höfundur er félagsráðgjafi hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Flugvöllur á krossgötum

Nú virðast allt í einu allir flokkar í borgarstjórn vera orðnir sammála um að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni verði að fara. Sjálfstæðismenn eru jafnvel farnir að tala hispurslaust um það, enda þótt þeir reyni að gera fyrirhugaða samkeppni um skipulag Vatnsmýrarinnar eins tortryggilega og þeim er frekast unnt. Líklega eru þeir þó aðeins að reyna að slá pólitískar keilur og ekki gott að átta sig á því hvað þeir raunverulega meina. En lítum aðeins nánar á flugvallarmálið.

Reykjavíkurlistinn tók þá ákvörðun á sínum tíma að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal borgarbúa um skipulagslega framtíð Vatnsmýrarinnar. Niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu var að meirihluti kjósenda vildi að flugvöllurinn myndi víkja. Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2024 er við þetta miðað. Þar er gert ráð fyrir að stysta flugbrautin (svokölluð NA-SV flugbraut) víki á tímabilinu 2005-2008, að norður-suður flugbrautin víki fyrir árið 2016 en á síðasta hluta skipulagstímans sé rými fyrir austur-vestur flugbrautina. Þannig myndi flugvöllurinn hafa í áföngum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fram fari alþjóðleg hugmyndasamkeppni um nýtingu Vatnsmýrarinnar.

Þegar skipulagið var í vinnslu var Sjálfstæðisflokkurinn andvígur því að flugvöllinum yrði gert að hafa. Það á bæði við um sjálfstæðismenn í borgarstjórn og ríkisstjórn. Nú er að heyrast

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKUR-
FLUGVÖLLUR



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON
BORGARFULLTRÚI

Brotflutningur flugvallarins í Vatnsmýrinni mun færa okkur einstakt tækifæri til að skipuleggja flugvallarsvæðið með alveg nýjar áherslur að leiðarljósi. Við eigum kost á að skipuleggja og byggja sjálfbæra miðborgarbyggð þar sem manneskjan er í forgrunni en ekki bíllinn, þar sem hjóla- og göngustígar eru vel skipulagðir og þar sem sorpmálin eru skipulögð með tilliti til skynsamlegrar flokkunar og endurvinnslu.

annað hljóð sé komið í strokkinn, jafnvel samgönguráðherra telur koma til álita að skoða aðra kosti fyrir flugvöll. Batnandi mönnum er best að lifa. Hins vegar má ekki gleyma því að í tengslum við aðal- og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var unnin ítarleg vinna um flugvallarmálið og margvíslegir kostir um aðra stað-

setningu skoðaðir. M.a. hugmynd um flugvöll á Lönguskerjum. Sú hugmynd fékk ekki góða umsögn, hvorki frá umhverfislegu, fjárhagslegu eða flugrekstrarlegu sjónarmiði. Eg er þeirrar skoðunar að sú hugmynd sé enn jafn vond og hún var þá. Við eigum ekki að sóa milljarðatugum í byggingu nýs flugvallar í nágrenni höfuðborgarinnar. Við eigum þvert á móti að nýta þá ágætu fjárfestingu sem er til staðar í Keflavík og byggja þar upp innanlandsflugði. Samhliða á þá að bæta enn frekar samgöngur milli flugvallarins í Keflavík og höfuðborgarsvæðisins. Þegar hafa verið gerðar nokkrar bætur hvað varðar Reykjanesbrautina en enn betra væri að fjárfesta í vistvænum almenningsamgöngum. Það er þrátt fyrir allt ekki nema 40 km og þá vegalengd er hægt að stytta, og ferðatíminn þarf ekki að vera nema 20-30 mín.

Ög úr því að svo virðist sem þverpólitísk samstaða geti tekist um að flugvöllurinn fari, þá eigum við að einhenda okkur í það að semja við ríkið um að flýta þeim áformum. Við þurfum ekkert endilega að bíða til ársins 2016. Þegar upp verður staðið þá munu allir hagnast á slíkrri ákvörðun. Ekki síst mun umhverfi okkar og komandi kynslóðir hagnast.

Brotflutningur flugvallarins í Vatnsmýrinni mun færa okkur einstakt tækifæri til að skipuleggja flugvallarsvæðið með alveg nýjar áherslur að leiðarljósi.

Við eigum kost á að skipuleggja og byggja sjálfbæra miðborgarbyggð þar sem manneskjan er í forgrunni en ekki bíllinn, þar sem hjóla- og göngustígar eru vel skipulagðir og sjálfsagðir og þar sem sorpmálin eru skipulögð með tilliti til skynsamlegrar flokkunar og endurvinnslu. Ög þar sem við tryggjum grænt belti frá miðborginni að Nauthólsvík en byggðin verður þétt, þó ekki endilega háreist og þar sem við blöndum saman íbúðabyggð og atvinnustarfsemi, ekki síst þeirri sem tengist háskólunum, rannsóknunum og vísindum. Þegar Vatnsmýrin byggist upp eigum við enn fremur að setja nýju Hringbrautina í stökk og nýta landið sem hún tekur nú betur og tengja þá betur saman nýju byggðina í Vatnsmýri við Þingholtin og miðborgina.

Þau tækifæri sem felast í Vatnsmýrinni fyrir þróun höfuðborgarinnar eru afar dýrmæt. Höfuðborgarsvæðið hér á í alþjóðlegri samkeppni við aðrar borgir og borgarsvæði. Það eru hagsmunir landsins alls að vel takist til og að Ísland eigi sér öfluga og sterka höfuðborg sem stenst þá hörðu samkeppni sem borgir eiga í um fólk og fyrirtæki. Sú tíð er löngu liðin að átakalurnar í byggðaprófuninni séu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Það eru sameiginlegir hagsmunir landsbyggðar og höfuðborgar að hlúa hvort að öðru því ella missum við dýrmætustu auðlindina okkar, fólkíð sjálft, úr landi.



Kommaferlíkið rífið

Þeir ætla að fara að rífa Palast der Republik í Berlín. Húsið hefur verið lokað í mörg ár – að sögn vegna asbestmengunar. Margir segja að það sé fyrirsíttur. Heima á ég heila bók um þessa miklu byggingu – keypti hana á fornbókamarkaði í austurhluta Berlínar í fyrra. Bókin sýnir stolt nýtt hús, fullt af flokksbroddum og ungum kommúnistum í hátíðarskapi. Húsið skreytt stórum veggmalverkum sem fjalla um baráttu alþýðunnar og húsbúnaði sem er svo retró að Wallpaperliðið myndi deya fyrir svona dót. Þarna inni voru líka ráðstefnusalir sem gátu rúmað gervallt þing kommúnistaflokksins, veislusalir með miklum kristalsljósakrónum til að taka á móti erlendum póttintátum, kvikmyndasali, diskótek og keiluhöll. Flokkurinn hélt fjöldagöngur á torginu og breiðgötunum þarna í kring. Allt í gígantískum kommastíl – þegar ekki var verið að marséra stóðu Trabantar í röðum á bílastæðinu fyrir utan. Að utanverðu er húsið náttúrulega ógurlegt ferlíki og varla til þróði í miðborginni. Kannski ekki eftirsjá að því. Á þessum tíma var helsta áhugamál gamalla stalinista eins og Honeckers að koma allri þjóðinni í stórar blokkir, plattenbau sem risu út um allt og settu þjóðina nánast á hausinn á endanum. Byggingastíllinn ber ekki bara vitni um smekkleysið sem var kommu líkt og í blóð borði, heldur má segja að þarna hafi móðernísk hönnun eftirstrísáranna endanlega gengið af göflunum. Fólkíð fékk að sönnu íbúðir og nokkuð öryggi, hver sinn kassa. Honecker trúði því til dauðadags að þetta hefðu verið framfarir, en hverfin virka hræðilega mannfjandsamleg nú nokkrum áratugum síðar.

Egill Helgason á visir.is

VAÐA BÍÓ



AV700

40GB Kr. 64.995
100GB Kr. 94.995

- Mögulegt að taka upp sjónvarpsefni beint úr sjónvarpi, af mynbandi eða DVD. Geymir 160 - 400 klst. af myndefni eða 100 - 250 kvikmyndir.
- Innbyggður 7" LCD litaskjár
- Tekur við ljósmyndum úr stafrænum myndavélum og spilar á sjónvarpsskjá.
- Hægt að tengja beint við sjónvarpið. DVD gæða afspilun.
- Tengjanlegur við PC og Mac með USB 2.0 tengi.

MP3 SPILARI



GMINI
XS100

Kr. 23.995

- MP3-spilari með innbyggðan 3 GB harðan disk
- Geymir allt að 1.500 lög
- Tengjanlegur við PC og Mac með USB2.0 tengi.
- Gráskala skjár 128x128 pixlar.
- Rafhljóður endast allt að 14 tíma.
- Stærð 9,1 x 4,3 x 1,4 cm.



Fæst einnig í Frihöfninni

FRÍHÖFNIN

ÍHLUTIR OG UPPFÆRSLUR

SúperTurn 3

Örgjörvi 3000+ AMD Sempron - S754
1600FSB og Hyper Transport

Vinnsluminni 512MB DDR 400 Corsair
400MHz minni með lifstíðarábyrgð

Harðdiskur 160GB 7200RPM - **8MB**
Western Digital Special Edition

Skjákort 128MB ATI Radeon X300
PCI Express x16 og TV-út tengi

Hljóðkort Dolby Digital 5.1 - EAX2
6 rása Dolby Digital hljóðkerfi

Annað Medium Tower Turn kassi
10/100 netkort, SATA, ATA, ofl.

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsögðu gamla skjáinn, lykklaborðið og músina.

HYPER TRANSPORT
AMD Sempron er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrotir

128MB ATI X300
Radeon X300 skjákort sem nýtir 128MB af Dual DDR minni tölvunnar og er PCI Express x16

HLAÐIN NÝJUNGUM
FireWire, USB2, netkort, SATA og ATA harðdiskstýringar og Dolby Digital 5.1 EAX2 hljómur



VL6
Samtals kr. 41.302
6.650

VERÐ 39.900

SÚPERTURN 6

3500+


- 3500+ AMD Athlon64 - S939
- MSI RS480M2- SATA Raid móðurborð
- 1GB DUAL DDR 400MHz minni
- 250 GB 7200RPM WD - **8MB**
- 128MB Radeon X300 skjákort
- 6 rása Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2 og FireWire
- DRAGON Mini/Middle Tower

VERÐ 67.900

VL9
Samtals kr. 70.287
7.544

WD HARDIR DISKAR

WD Western Digital



SPECIAL EDITION
Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer

FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum

WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskarnir í dag á enn betra verði en áður

250GB 9.990 | **320GB 14.900**

SÚPERTURN 1



1.8GHz AMD Duron örgjörvi, 128MB DDR, 40GB WD harðdiskur, 64MB skjákort, hljóðkort, netkort og Medium Turn

VERÐ 24.900

SÚPERTILBOD 5



3000+ AMD Sempron HT örgjörvi, 512MB DDR400 minni, K8N Platinum móðurborð, Dolby Digital 7.1 og netkort

VERÐ 21.900

ADSL ROUTER

ZyXEL



ZyXEL Prestige 660H-61 ADSL / ADSL2 / ADSL2+ modem router innbyggður 4porta switch og eldveggur

VERÐ 6.990

ÞJÓNUSTUBORÐ



- Uppsetning á vélbúnaði
- Ísetning á vélbúnaði
- Ókeypis ráðgjöf
- Opíð á milli 9-15

Eingöngu fyrir vélbúnað keyptan í Tölvulistanum. Aðeins einfaldar ísetningar og uppsetningar á reklum. Miðast við hámark 15 mín.

FRÍTTFRÍTT



2200+ örgjörvi, MSI móðurb. skjákort, netkort

VERÐ 9.990



512MB DDR400 Corsair minni með lifstíðarábyrgð

VERÐ 4.990



ZyXEL þráðlaust netkort 125mbps PCI ZyAIR G360

VERÐ 4.990



MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2)

VERÐ 2.990



Planet 5-Port 10/100Base-TX Ethernet Switch

VERÐ 2.990



Planet 10/100/1000 Gigabit Ethernet Adapter

VERÐ 1.990



Logitech Ultra X lykklaborð hlaðið flýtihnöppum

VERÐ 4.990



Ultra X optical mús frá Logitech hlaðin tökkum

VERÐ 2.790



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við hildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann



TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

ISADORA DUNCAN
(1878-1927) lést þennan dag.



„Besti arfur sem þú getur gefið barni er að leyfa því að fara sínar eigin leiðir, algerlega á eigin fótum.“

Isadora Duncan var bandarísk dansmey sem gerbreytti hugmyndum fólks um ballet á þriðja áratug síðustu aldar. Hún dansaði fálæddari en vant var og pólitískar skoðanir hennar fóru fyrir brjóstid á sumum.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Kristján St. Fjeldsted

Skúlagötu 20, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítala, Landakoti, föstudaginn 16. september.

Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. september kl. 11.00.

Sveinn Fjeldsted	Ingibjörg Kristjánsdóttir
Sturla Fjeldsted	Kristín Þórðardóttir
Stefán Fjeldsted	Helga Gísladóttir
Sverrir Fjeldsted	Christina Fjeldsted
Rúnar Fjeldsted	Björk Sigurðardóttir

barnabörn, barnabarnabörn og systkini.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,

Inga Ingólfssdóttir

Núpalind 6

lést á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut fimmtudaginn 15. september.

Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 23. september kl. 13.00.

Gunnlaugur Guðmundsson	Hulda Sigurbjörnsdóttir
Elín Gunnlaugsdóttir	Kristrún Gunnarsdóttir
Heimir Gunnlaugsson	
Egill Gunnar Ingólfsson	

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Fróðleikur af gardur.is



Listfang alþýðuskáldkona:

Kristín Sigfúsdóttir

Kristín Sigfúsdóttir var fædd á Helgastöðum í Eyjafirði 13. júlí 1876, dóttir Sigfúsar bónda Hanssonar og k.h. Guðrúnar Jónsdóttir, systur Páls Árdal skálds. Var óvenjuvel gefin og bókhneigð; hlaut litla kennslu. Samdi snemma vísur og sögur, t.d. þessa stöku 12 ára: Hvar þú gengur Guðs á storð, / gætt þess, enginn kraftur / liðinn tíma og töluð orð / tekið getur aftur. Stofnaði leikflokk með unglungum, samdi leikrit og æfði til sýninga í baðstofunni. Sem húsfreyja í Skriðu og Kálfaferði bjó hún litlu búi við erfiðar aðstæður, sbr. vísu hennar: Kvíðinn þjáir þreytta lund, / þungt mig beygir stritíð. / Eg hef fáa yndisstund / á ævivegi lítið. Seinna var hún mikið beðin um sögur o.fl. Leikrit hennar Tengdamamma var leikið víða og gefið út. Vakti hún þjóðarathygli með sögum sínum og leikritum. Sig. Nordal kvað hana gera hversdagslegustu atburði heillandi og fatast hvergi tók á list og stíl. Fekk ríttýrk af opinberu fé. Síðasta stórvirkið var leikritið Melkorka. Ritaði og bernskuminningar, með afbrigðum skemmtilegar. Helztu verk: Tengdamamma, Sögur úr sveitinni, Gestir, skáldsaga, Óskastundin, ævintýraleikur, Gömul saga I-II og Ritsafn I-III, 1949-51. Öpr. eru leikrit, sýnd eða flutt í útvarpi. Lézt 28. sept. 1953. Maður hennar (1901) var Pálmi Jóhannesson frá Skriðu (1875-1961). Áttu fimm börn, sem upp komust, og eina föstur dóttur.

Kristín hvílir í Akureyrar-kirkjugarði leiði 20 svæði H 7, sjá nánar á www.gardur.is

Meira um hana á gardur.is

Haggt er að setja inn arvideg láttinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

PETTA GERÐIST > 19. SEPTEMBER 1959

Krúsjoff fær ekki að fara í Disneyland

Á þessum degi árið 1959 tók leiðtogi Sovétríkjanna Nikíta Krúsjoff bræðskast þegar hann fékk að vita að hann fengi ekki að heimsækja Disneyland í Bandaríkjunum.

Krúsjoff kom í opinbera heimsókn til Bandaríkjana 15. september til að ræða við forseta landsins, Dwight D. Eisenhower. Sovétleiðtogið óskaði eftir að fá að skoða Hollywood og var skipulögð ferð þangað. Sér til mikillar ánægju hitti hann þar margt frægra stjarna eins og Shirley MacLaine. Þá snæddi hann hádegisverð með Frank Sinatra.

Skap Krúsjoffs versnaði hins vegar til muna þegar hann hitti forsetja Twentieth Century Fox kvikmyndasamsteyppunnar, Spyros P. Skouras einarðan andstæðing kommúnisma, sem kom með ýmsar atvugasemdir sem leiðtoga stórveldisins líkuðu illa. Það var ekki til að bæta skap hans þegar hann fékk þær fregnir að hann fengi ekki að heimsækja hið fræga Disneyland vegna öryggisráðstafana. Hann

skeytti skapi sínu á þeim sem stóðu nálægt og óskraði: „Hvað verð ég að gera, fremja sjálfsmorð, er farsótt á svæðinu eða hafa glæpamenn tekið garðinn yfir sem gætu orðið mér að bana?“

Krúsjoff yfirgaf Los Angeles daginn eftir og hélt áfram ferð sinni um Kaliforníu án frekari uppákomu. Hann sneri síðan til Washington til að hitta Eisenhower forseta.



Krúsjoff og Eisenhower ásamt eigin-konum.

MERKISATBURÐIR

- 1667** Gullskipið Het Wapen van Amsterdam strandar á Skeiðarársandi. Meira en 300 árum síðar var mikil leit gerð að skipinu sem hlaðið var dýrum farni.
- 1874** Blaðið Ísafold kemur út í fyrsta sinn.
- 1881** James Garfield, forseti Bandaríkjana, lætur lífið vegna skotsárs sem hann hlaut 80 dögum fyrr.
- 1934** Bruno Hauptmann er handtekinn fyrir ránið á barni Lindberghs.
- 1955** Juan Peron, forseta Argentínu, er hrundið frá völdum.
- 1981** Ellefu manna áhöfn Tungufoss er bjargað við erfið skilyrði í fávörðri á Ermarsundi.
- 1985** Tíu þúsund látast í jarðskjálfta í Mexíkóborg.

HALLDÓR JÓHANNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI KEA:

Kominn tími til að fá að stjórna

STJÓRNANDI Í september-byrjun var Halldór Jóhannsson ráðinn framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga. Halldór tók við félaginu úr höndum Andra Teitssonar og biður hans það vandasama verk að stýra KEA inn á nýjar brautir til eflingar byggðar og mannlífs í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Halldór, sem er viðskiptafræðingur að mennt, er aðeins 33 ára en á samt að baki glæsilegan starfsferil. Í fimm ár starfaði Halldór hjá Landsbanka Íslands við fjármál, fjárfestingar og samrunaræðgjöf, en árið 2001 var hann ráðinn aðstoðarkaupfélagsstjóri KEA. Á árunum 2002 til 2004 starfaði hann sem aðstoðar framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Kaldbaks en við samruna Kaldbaks og Burðaráss tók Halldór við starfi fjárfestingastjóra KEA og gegndi því starfi þar til hann var ráðinn framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga.

Halldór á ættir að rekja til Dalvíkur og inn með Eyjafirði en hann er innfæddur Akureyringur. Hann ólst upp á Brekkunni, í hverfi KA-manna, en stíkaði síðar yfir Glerána og býr nú með fjölskyldu sinni í Giljahverfi þar sem Þórsarar ráða ríkjum.

Eiginkonu sinni, Erlu Árnadóttur, upplýsinga- og bókasafnsfræðingi, kynntist Halldór í Verkemntaskólanum á Akureyri og segist Halldór hafa rennt



HALLDÓR JÓHANNSSON Framkvæmdastjóri KEA á sínar bestu stundir með fjölskyldu sinni og vinum.

lengi hýru auga til hennar áður en varanleg kynni tókust. „Það var vel þess virði að bíða,“ segir hann.

Halldór og Erla eiga tvö börn: Kristinn Þey, sjö ára, og Önnu Þyri, fjögurra ára.

Allt fram til 16 ára aldurs lagði Halldór stund á knattspyrnu og handknattleik með KA en segist hafa uppgötvað í tíma að afreksmaður yrði hann seint á íþróttavöllum, þótt gaman hafi hann haft af báðum íþróttagreinunum.

Knattspyrnuáhuginn loðir enn við Halldór og fóbolti er eitt af hans helstu áhuga-

málum enn í dag en auk þess þeysir hann um snævi þaktar sveitir á vélsleðum og ríður út á sumrin.

Halldór segist eiga sínar bestu stundir með fjölskyldu og vinum og Highbury, heimavöllur enska knattspyrnuliðsins Arsenal, hefur einnig veitt honum margar gleðistundir. „Því miður hafa störf mín valdið því að ég hef ekki haft eins mikinn tíma með börnum mínum og ég hefði kosið. Líklega er ég eins og hinn dæmigerði Íslendingur sem hefur það alltaf á tilfinningunni að

hann sé að vanrækja börnin sín,“ segir Halldór.

Það fylgir mikil ábyrgð að stýra stórfyrirtæki á borð við Kaupfélag Eyfirðinga en Halldór segir þá ábyrgð ekki íþyngjandi. „Þetta er ögrandi verkefni en ég hefði ekki sótt um starf framkvæmdastjóra KEA ef ég teldi mig ekki valda verkefninu. Ég hef hingað til verið númer tvö í stjórnunarröðinni en fannst kominn tími til halda um stjórnspottann og ég vona að mér farnist það vel,“ segir Halldór.

kk@frettabladid.is

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020 Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Steinþór Gestsson

fyrirverandi alþingismaður og bóndi á Hæli í Hreppum,

verður jarðsungið frá Skálholtskirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13.30. Jarðsett verður á Stóra-Núpi.

Jóhanna Steinþórsdóttir	Drífa Pálsdóttir
Gestur Steinþórsson	
Aðalsteinn Steinþórsson	
Margrét Steinþórsdóttir	
Sigurður Steinþórsson	Bolette Höeg Koch
barnabörn og barnabarnabörn.	

FYRSTA STARFIÐ > HLÍN HÓLM

Alltmúligmanneskja á unglingsárum

„Fyrsta starfið var þegar ég passaði börn þegar ég var yngri,“ segir Hlín Hólm flugumferðarstjóri. Hún lítur hins vegar ekki á það sem fyrsta „alvöru“ starfið sitt; það var þegar hún fór að vinna í frystihúsi í Sandgerði þegar hún var fjórtán ára. „Þar var ég í heilt sumar og vann í humri og skreið,“ segir Hlín og man ekki betur til en þetta hafi verið skemmtilegt sumar. „Þetta var mjög gaman, það var fjör og hasar og ég kynntist hressu fólki.“

Þá spilti ekki fyrir að launin voru góð, að minnsta kosti í minningunni. „Þetta var mikil tilbreyting að vera með fulla vasa fjár. Sennilega eyddi ég öllum launum í föt og annan lúxus. Ég hef aldrei verið sérlega góð í að safna peningum,“ segir hún og hlær.


Sumarið eftir vann Hlín



HLÍN HÓLM FLUGUMFERÐARSTJÓRI

aftur í frystihúsi, þá í heima-bænum Keflavík en næstu árin kom hún víða við. „Ég var alltmúligmanneskja á unglingsárum, vann í verslun og garðyrkju og svo fát eitt sé nefnt.“

Hlín er ekki í vafa um að starfsreynslan á unglingsárum hafi haft góð áhrif til lengri tíma lítið. „Ég kynntist ýmsu og lærði víðtækt til verka. Ég get til dæmis ræktað minn eigin garð og flakað fisk og það er ekki ónýtt.“



UMVAFINN LITUM OG LJÓSUM Gestur á gangi inni í listaverkinu „The Luminarium Levity II“ í Viktoriugarði í Hong Kong. Verkið er hluti af hausthátíð í borginni.

ANDLÁT

Margrét Ó. Thorlacius, lést á St. Jósefs-
spítala í Hafnarfirði, fimmtudaginn 15.
september.

Gróa Sólberg Jónsdóttir, frá Stóra-
Sandfelli, lést fimmtudaginn 15. sept-
ember.

JARÐARFARIR

11.00 **Sveinbjörg Georgsdóttir**, Hæðar-
garði 35, Reykjavík, verður jarð-
sungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Óli Bergholt Lúthersson**, hús-
vörður, Ásbraut 21, Kópavogi,
verður jarðsunginn frá Kópavogs-
kirkju.

13.00 **Sigríður Gunnarsdóttir**, Dalbraut
27, áður Bogahlíð 10, verður jarð-
sungin frá Háteigskirkju.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

- 86 Antoninus Pius fimmtándi keisari Rómar.
- 1911 William Golding rithöfundur.
- 1922 Damon Knight rithöfundur.
- 1928 Adam West leikari.

AFMÆLI



Viglundur Þorsteinnsson
stjórnarformaður BM Vallá,
er 62 ára.

Þórólfur Sveinsson, for-
maður Lands sambands
kúabænda, er 56 ára.



Agnes Bragadóttir, við-
skiptafréttastjóri hjá Morg-
unblaðinu, er 53 ára.

Jóhann Jóhannsson
tónlistarmaður er 36 ára.



Gylfi Einarsson knatt-
spyrnumaður er 33 ára.

Vantar þig...



**YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. SMÁAUGLÝSING
Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ
SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU
Á SKILABOÐUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK
ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.**

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EDA Á VISIR.IS.

FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

FOTO/SÍA F1013727

**NÚ ER
ÞAÐ ÓDÝRT!**

Ódýrar, ósamsettar innréttingar



Soft Hvid/KF
Smekklegt og hvítt.
VERÐ FRÁ KR. **189.900,-**



RENNIHURÐAFATASKÁPUR
Settu það saman býður einnig
upp á skemmtilegar samstæður
með rennihurðunum vinsælu.
Einfalt að flytja, einfalt í uppsetningu.

Verð sem veitir meira svigrúm.
Margar gerðir skápa.
VERÐ KR. **51.799,-**

Enginn eða mjög stuttur afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.



Átta gerðir af skápahurðum á lager.



Badinnrétting
36.696,-

Á myndinni er eftirfarandi innifalið í verðinu:
Skápar, borðplötur með vaski, spegill og
handföng. Verð á handklæðahengi,
blöndunartækjum og ljósum er ekki innifalið.
Öll verð eru með vsk.

Settu það saman og notaðu afganginn í **AEG** eldhústækin!
AEG heimilstæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.



SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ORMSSON

ORMSSON · SMÁRALIND

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11-18 og sunnudaga frá 13-18. Sími 530 2900



Framarar á æfingu

Leikmenn liðs Fram mættu í gærmorgun galvaskir á æfingu eftir að hafa misst sæti sitt í Landsbankadeildinni daginn áður. Þeir létu það þó ekki hafa mikil áhrif á sig og á meðan flestir knattspyrnumenn landsins sváfu af sér skemmtun gærkvöldsins undirbjuggu Framarar sig af kostgæfni fyrir bikarúrslitin um næstu helgi.

sport
sport@frettabladid.is

JÓNATAN MAGNÚSSON, FYRIRLIÐI KA: ÆTLAR SÉR STÓRA HLUTI Í VETUR

Jónatan stefnir á Evrópumeistaratitil

Jónatan Magnússon, fyrirliði handboltaliðs KA, lýsti því yfir á fundi með stuðningsmönnum liðsins um helgina að stefna liðsins í vetur væri að verða Evrópumeistari! Jónatan sagði að þetta væri alls ekki fjarlægt markmið.

„Jónatan var nú ekki grafalvarlegur þegar hann sagði þetta en hann var heldur ekki að grínast. Þetta var finasta peppræða hjá honum þar sem hann hvatti alla KA-menn til dáða. Við erum stórhuga fyrir norðan og hér stefna menn hátt,“ sagði Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar KA, við Fréttablaðið.

KA tekur þátt í Evrópukeppni í fyrsta sinn í sjö ár en KA verður í eldlninni í áskorendakeppni Evrópu í nóvember nk. KA náði ágætum árangri á sínum

tíma í Evrópukeppnum og segir Hannes að félagið njóti góðs af því þar sem KA situr hjá í tveimur fyrstu umferðunum og fer beint inn í 32ja liða úrslit. Dregið verður í byrjun október.

„Það er aldrei að vita hvað getur gerst í Evrópukeppninni, það veltur auðvitað á því hversu heppnir við erum í drættinum,“ sagði Hannes.

Jónatan fyrirliði sagði enn

fremur á fundinum með stuðningsmönnum liðsins að KA-liðið væri vel skipað og það væri ekkert lið á landinu þar sem væri að finna betri mórál.

„Það var engin æfingaferð farin að þessu sinni í sumar þar sem við ákváðum að fara í Evrópukeppnina í staðinn. Þessir ungu og bráðefnilegu strákar þurfa að öðlast reynslu og fin eldskírni að fara í Evrópuslag,“ sagði Hannes.

KA mætir grönnum sínum í Þór í 1. umferð DHL-deildarinnar á miðvikudaginn. Formaður KA á von á hörkuleik. „Það verður fullt hús og mikil stemmning.“



> Við hrósum ...

... Ásthildi Helgadóttur sem í gær skoraði sitt fimmtánda mark í sænsku úrvalsdeildinni er lið hennar, Malmö, vann 5-1 sigur á Gautaborg. Ásthildur er nú fjórði markahæsti leikmaðurinn í deildinni sem er frábær árangur.



> Við hrósum ...

... Helga Sigurðssyni sem virðist ekki ætla að setja það fyrir sig að leika í íslensku 1. deildinni eftir ellefu ára viku í atvinnumennskunni í Evrópu. Helgi lék með Fram áður en hann hélt ytra og virðist ætla að halda tryggð við sitt gamla félag.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

16 17 18 19 20 21 22

Mánudagur

■ SJÓNVARP

- 15.40 Helgarsportíð á Rúv.
- 15.55 Fótboldakvöld á Rúv.
- 16.10 Ensku mörkin á Sýn.
- 16.40 Ameríski fótboldinn Seattle – Atlanta á Sýn.
- 18.50 Spænski boltinn Espanyol – Real Madrid á Sýn.
- 20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 21.00 Ensku Championship mörkin á Sýn..
- 21.30 Spænsku mörkin á Sýn.
- 22.00 Olissportíð á Sýn.
- 22.30 Ítalski boltinn Sampdoria – AC Milan á Sýn.

Dregið í Evrópukeppninni:

Valur mætir meisturunum

FÓTBOLTI Kvinnaliði Vals í knattspyrnu mætir sjálfum Evrópumeisturunum í þýska liðinu Turbine Potsdam í 8 liða úrslitum Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu. Valur mætir þýska liðinu á Laugardalsvelli 8. október og ytra 19. október.

Þýska liðið er firmasterkt enda leika í því sex þýskar landsliðskonur sem urðu Evrópumeistarar landsliða í sumar. Sigurvegarinn úr þeirri rímu mætir annaðhvort Spórtu Prag frá Tékklandi eða Djurgården/Álvsjö frá Svíþjóð í undanúrslitum. Aldrei áður hefur íslensku liði tekist að komast svo langt í Evrópukeppni. Aðrar viðureignir í 8 liða úrslitunum eru: Montpellier og Brøndby D, Arsenal og Frankfurt, Sparta Prag og Djurgården/Álvsjö frá Svíþjóð. - hh

Fallið kostar 15 milljónir

Fall úr úrvalsdeild karla í þá fyrstu kostar fimmtán milljónir að sögn Brynjars Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Fram fótboldafélags. Endurskoða verði alla hliðar rekstursins – líka þjálfarasamning Ólafs Kristjánssonar.

FÓTBOLTI „Þetta þyngir róðurinn mikið,“ sagði Brynjar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Fram fótboldafélags, sem sér um rekstur meistara- og 2. flokks Fram. Liðið féll sem kunnugt er úr Landsbankadeildinni á laugardag og keppir í 1. deildinni á næsta ári. „Nú er ekkert annað framundan en að skoða stöðuna og ráðgera þær breytingar sem þarf nú að gera á rekstri félagsins. Við ætlum okkur vissulega upp strax aftur en það er að mörgu að huga.“

Brynjar segir að landslagið í rekstrinum breyttist mikið nú þegar fall í 1. deildina er orðið að veruleika. „Þetta er gríðarlegt tekjutap sem við erum að horfa upp á. Þetta er tala sem er nálægt fimmtán milljónum sem fara út um gluggann og er það afar varlega áætlað,“ segir Brynjar. Hann segir að tekjurnar sem félagið verði af tengist fyrst og fremst aðgangseyri á leiki, sjónvarpsrétti og styrktarsamningum við fyrirtæki. Það sé því breytinga að vænta, bæði hjá leikmönnum og þjálfurum, en hann segir ljóst að endurskoða þurfi alla samninga í þessu ljósi.



HELGI SIGURÐSSON Á leiðinni í Safamýrina.



SVEIKTIR Framaramir Johann Karlefjard (til vinstri) og Gunnar Þór Gunnarsson voru vitanlega sveiktir eftir að í ljós kom að liðið var fallið í 1. deildina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, sagði í samtali við Guðjón Guðmundsson á Sýn um helgina að ekki bæri á öðru en að hann héldi áfram með liðið, enda með tveggja ára óuppsægjanlegan samning. Brynjar segir hins vegar að mál Ólafs séu, eins og hjá öllum öðrum, í uppnámi. „Við eigum eftir að ræða við Óla en það er ljóst að við þurfum að gira okkur niður og hann þarf að svara því sjálfur hvort hann sé tilbúinn í þann pakka með okkur,“ sagði Brynjar. Spurður hvort framtíð Ólafs ráðist af því hvort hann treysti sér til að taka á sig launalækkun sagði hann að vissulega þyrfti félagið að hafa efni á því að hafa hann í vinnu. „Eins og í öllum rekstri þá þurfum við að geta staðið við skuldbindingar okkar.“

Það þýðir lítið að segja bara ekkert mál og svo er ekkert hægt að borga mönnum sín laun. Við höfum alltaf staðið við okkar og við viljum ekki halda inn í tímabil þar sem við ráðum ekki við neitt. Við verðum bara að vera hreinskilnir og skoða öll þessi mál.“

Helgi Sigurðsson er á leiðinni heim aftur til Íslands eftir ellefu ára viku í atvinnumennskunni í Evrópu og segir Brynjar að Helgi sé á leiðinni heim í Fram, þrátt fyrir breytt rekstrarumhverfi. „Mál Helga var unnið á öðruvísi máta þannig að ég á ekki von á öðru en að hann komi og verði með okkur. Það eru ákveðnir velunnarar Fram sem koma að því máli og standa að því að fá hann. Það breyttist ekki.“

eirikurst@frettabladid.is



GRÉTAR RAFN Sáttur við sitt nýja félag, AZ Alkmaar. Hér er hann með forseta félagsins en hann skrifaði undir samninginn í lok ágúst.

AZ Alkmaar fór létt með Ajax:

Grétar sáttur í Hollandi

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, spilaði síðustu tíu mínúturnar í leik AZ Alkmaar og Ajax Amsterdam í hollensku úrvalsdeildinni í gær. Grétar og félagar í AZ unnu leikinn, 4-2, og eru því enn með fullt hús stiga eftir fimm umferðir rétt eins og Feyenoord sem vann Heerenveen, 5-1.

Grétar Rafn segir í samtali við Fréttablaðið að hann sjái ekki eftir að hafa komið til Hollands. „Það var mjög erfitt að taka þetta skref, að fara frá því að spila vikulega í mjög góðu liði í Sviss þar sem mér leið þar að auki mjög vel og koma svo hingað í virkilega stóran klúbb sem er með sterkt lið. En þetta á eftir að koma sér til góðs í framtíðinni,“ sagði Grétar.

Grétar Rafn kom inn á stöðu bakvarðar gegn Ajax en hann spilaði allan leikinn þegar AZ tafaði, 5-3, fyrir rússneska liðinu Krylia Sovetov í Evrópukeppni félagsliða fyrr í vikunni. „Þetta tekur nokkrar vikur að koma sér almenninglega inn í hlutina hér en þetta kemur á endanum. Ég er mjög ánægður.“ - esá

Framkvæmdastjóri KR-Sports þurfti að lýsa leik KR og ÍA vegna forfalla:

Leiðinlegt að lýsa í útvarpi

FÓTBOLTI „Þessi útvarpslýsing í KR-útvarpinu er leiðinlegasta starf sem ég hef nokkurn tíma gegnt hjá KR. Mig langaði að segja fullt af hlutum en ég varð að passa mig svo ég færi ekki yfir strikið. Það er víst ekki við hæfi að láta allt flakka í útvarpi,“ segir Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KR-sports, sem tók stöðu Páls Sævars Guðjónssonar í KR-útvarpinu á laugardaginn þegar KR mætti ÍA á Akranesi í Landsbankadeildinni.

Lýsing í útvarpi var að sögn kunnugra líklega eina sviðið innan knattspyrnunnar sem þjálfarinn, leikmaðurinn, dómari og framkvæmdastjórinn Sigurður Helgason hefur ekki áður fengist við.

„Þetta kom óvænt upp á. Ég var beðinn um þetta 40 mínútum fyrir leik. Það var kannski best að



EKKI FRAMTÍÐARLÝSARI HJÁ KR-ÚTVARPINU Þrátt fyrir góð tilþríf í útvarpinu um helgina ætlar Sigurður ekki að gera lýsingar að ævistarfinu.

hafa það þannig og henda sér í djúpu laugina,“ segir Sigurður.

Hann viðurkennir að starf lýsanda í útvarpi sé mun erfiðara en hann átti von.

„Ég reyndi að upplýsa fólk sem ekki er á leikum um gang mála svo það áttaði sig á því hvað var að gerast. Þetta var ágætis

reynsla en ég mun ekki endurtaka leikinn. Ég er betur til þess fallinn að gegna öðrum stöfum innan KR, við erum með úrvalssveit manna sem sér um þessa lýsingar,“ sagði Sigurður sem stóð sig með þryði að sögn kunnugra enda þekkir hann vel alla innviði knattspyrnunnar. - þg

ICELAND



Ertu sannur stuðningsmaður?

Skráðu þig strax í öflugasta stuðningsmannaklúbb landsins:

Árgjaldið fyrir 2005-2006 er eftirfarandi:
kr. 1.500 fyrir börn og unglina • kr. 2.500 fyrir fullorðna

Meðal þess sem er innifalið:

- Forgangur í ferðir á vegum klúbbsins.
- Öðryrara í ferðir á vegum klúbbsins allt að kr. 10.000.
- Aðstoðum og reynum að útvega klúbbfélögum miða á leiki.
- Glæsileg fréttabréf send heim.
- Veglegt félagsskirteini gefið út árlega.
- Afsláttur af Manchester United vörum í Ástund Megastore.
- Ýmsar smágjafir eins og limmiðar í bíla, músamottur ofl.
- Nánari upplýsingar fást hjá steinn@manutd.is.

Skráning á www.manutd.is



LOKSINS STIG Gary Breen skorar mark Sunderland gegn WBA um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

Loksins stig hjá Sunderland: 20 tapleikir í röð hjá Sunderland

FÓTBOLTI Sunderland náði loksins stigi í úrvalsdeildinni um helgina eftir 20 tapleiki í röð en það er met hjá liði í efstu deild í Englandi. Liðið tapaði fimmtán síðustu leikjum sínum þegar það féll úr úrvalsdeildinni vorið 2003 og svo byrjuðu það tímabilið í ár á fimm tapleikjum í röð en liðið gerði um helgina jafntefli við WBA, 1-1.

Metið átti Manchester United sem tapaði fjórtán leikjum í röð árið 1930 og verður það því að teljast heldur ólíklegt að met Sunderland verði nokkurn tímann slegið. Leikmenn liðsins hafa ekki unnið í 26 leikjum í röð eða síðan liðið vann Liverpool, 2-1, 15. desember árið 2002. Metið á Portsmouth, 28 leiki, og eiga því leikmenn Sunderland enn möguleika á að sleppa við að slá það vafasama met.

- esá

Markalaust á Anfield

Hún var ekki merkileg knattspyrnan sem boðið var upp á þegar Liverpool og Manchester United mættust í gær. Jafntefli var sanngjörn niðurstaða.

FÓTBOLTI Liverpool og Manchester United gerðu markalaust jafntefli á Anfield, heimavelli Liverpool, í ensku úrvalsdeildinni í gær. Þetta var í fyrsta skipti í fjórtán ár þar sem viðureign þessara liða endar með jafntefli. Hart var barist og m.a. fótbrotnaði Roy Keane, fyrirliði Manchester United.

Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, er harkalega gagnrýndur þessa dagana en liðið þykir ekki spila skemmtilega knattspyrnu, hefur gert eitt mark í fyrstu fjórum leikjum liðsins í deildinni. „Ég veit það að við þurfum að skora til að vinna leiki en stundum gengur bara ekkert að skapa færi.


Það er ekki hægt að segja að við séum með lélegt lið eða lélegt leikskipulag, í dag vorum við einfaldlega að mæta mjög góðu liði,“ sagði Benitez að leik loknum en stuðningsmenn Manchester United hrópuðu „Wimbledon, Wimbledon“ að Benitez en leikur liðsins þótti minna á spilamennsku Wimbledon-liðsins sem lék í úrvalsdeildinni fyrir nokkrum árum.

Owen búinn að brjóta ísinn

Michael Owen og Alan Shearer skorðu báðir fyrir Newcastle sem vann útisigur á Blackburn 3-0.

Graeme Souness, knattspyrnustjóri Newcastle, var hæstánægður með Owen sem var að gera sitt fyrsta mark fyrir félagið.

„Það var frábært að Owen skyldi skora í dag og þar með bú-



HAGAÐU ÞÉR EINS OG MAÐUR Rob Styles dómari lés hér villingnum Wayne Rooney lífsreglurnar á Anfield í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

inn að brjóta ísinn. Það er mikilvægt fyrir Owen að fá 90 mínútur því hann er ekki í því formi sem hann vill vera í. Leikur okkar batnaði mikið eftir að við skorudum fyrri markið. Þá fóru

menn að spila boltanum betur og greinilegt að sjálfstraust er að koma í liðið,“ sagði Souness en sigurinn í gær var sá fyrsti hjá þeim röndóttu á tímabilinu.

hjarvar@frettabladid.is



LIÓTT BROT Steven Gerrard gerði sér lítið fyrir og fótbraut Keane í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Áfall fyrir Man. Utd:

Roy Keane fót- brotinn

FÓTBOLTI Roy Keane, fyrirliði Manchester United í ensku úrvalsdeildinni, fótbrotnaði í leik liðsins gegn Liverpool í gær í ensku úrvalsdeildinni. Keane braut sama bein og þeir Steven Gerrard, Gary Neville og David Beckham hafa áður brotið. Búist er við því að Írinn verði frá keppni næstu tvo mánuði. United má illa við þessum meiðslum þar sem það á fáa menn á miðsvæðinu. Þá er þetta mikið áfall fyrir írsku landsliðið en liðið leikur mikilvæga leiki gegn Kypur og Sviss í næsta mánuði.

Meiðslalisti United lengist þar með enn frekar en fyrir eru þeir Gary Neville, Gabriel Heinze, Louis Saha og Ole Gunnar Sol-skjær allir frá í langan tíma og útlit fyrir að Heinze leiki ekkert meira með á tímabilinu. Eflaust nagar Sir Alex Ferguson sig í handarbökin fyrir að hafa ekki keypt miðjumann á meðan félagskiptagugginn var opin.

- hh

www.toyota.is

Við viljum bjóða þér meira
en þú hefur látið þig
dreyma um

ISLENSKA AUGTÍSINGSTOFAN SÍSLAS TÖL 2944 017485



RAV4 aukahlutapakki að andvirði 185.000 kr. fylgir með

Nú færð þú glæsilegan RAV4 með veglegum aukahlutapakka að andvirði 185.000 kr., heilsársdekk, dráttarbeisli, vindskeið, aurhlífar og krómgrind á afturljós. Komdu, prófaðu RAV4 og upplifðu meira en þú hafðir látið þig dreyma um. Þú gerir ekki betri kaup fyrir veturinn!

Verð frá 2.690.000 kr.

Mánaðarleg greiðsla frá 35.990 kr.*



Heilsársdekk



Krómgrind á afturljós



Vindskeið



Aurhlífar



Dráttarbeisli

50% afsláttur af lántökugjaldi.

* m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning hjá Glitni.

Í samstarfi við



TODAY TOMORROW TOYOTA



Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

Ólöf María í 39. sæti:

Óvíst hvort Ólöf haldi kortinu

GOLF Ólöf María Jónsdóttir, kylfingur úr GK, varð í 39. sæti á KLM-mótinu í Hollandi í gær og varð í 39. til 45. sæti en þetta var lokamót sumarsins á evrópsku mótaröðinni. Óvíst er hvort þetta dugi Ólöfu Maríu til þess að halda þátttökukortinu á mótaröðinni.

„Við vonum það besta en það er alveg á mörkum að hún hangi inni. Árangur hennar í sumar er í samræmi við væntingar en markmið hennar var að halda kortinu á mótaröðinni,“ segir Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GSÍ. Nái Ólöf María ekki að halda kortinu á Evróputúrnum þarf hún að fara á úrtökumót á Spáni í nóvember. Ólöf María lék lokahringinn í Hollandi á 73 höggum eða 2 höggum yfir pari. Fyrsta hringinn lék hún á 79 höggum en annan hringinn á 75 og komst í gegnum niðurskurðinn.

Þetta var 12. mótið sem Ólöf María tekur þátt í á evrópsku mótaröðinni og í fimmta sinn sem hún kemst í gegnum niðurskurðinn.

Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG fór á kostum á lokahringnum á áskorendamótaröðinni í Hollandi. Birgir Leifur fór lokahringinn á 66 höggum eða 6 höggum undir pari en þetta var besta skor dagsins. Hann fór hringina fjóra samtals á fjórum höggum undir pari og varð í 11.-12. sæti.

Næstbesta aðsóknin

Ekki tókst að slá áhorfendametið í Landsbankadeildinni frá 2001. FH-ingar fengu langflesta áhorfendur á heimaleikina í sumar eða 1.973 að meðaltali og veltu KR af stalli. Helmingsfækkun hjá KR frá meistaraárinu 1999.

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH fengu langflesta áhorfendur á heimaleiki í Landsbankadeildinni í sumar og skutu KR-ingum, sem hafa einokað efsta sætið undanfarið ár, niður í 2. sæti. Alls mættu 96.327 áhorfendur á leikina 90 í Landsbankadeild karla í sumar en meðaltalið á hvern leik var 1.070 sem er næstbesta aðsókn frá upphafi. Ekki tókst að slá metið frá 2001 þegar 96.854 sáu leikina í deildinni, eða 1.076 að meðaltali. Þetta er í fjórða skiptið sem meðaltal áhorfenda fer fyrir þúsund en það gerðist fyrst 2001.

KSÍ hefur ekki endanlega staðfest aðsóknartölurnar í lokaumferðinni en Fréttablaðið fékk þær staðfestar af starfsmönnum félaga. Aðsókn í Landsbankadeildinni hefur rétt tæplega tvöfaldað á 10 árum.

Aðeins mættu 4.210 manns á leikina í lokaumferðinni á laugardaginn sem var nokkuð undir væntingum því sáralítið vantaði upp á að bæta metið. Athygli vekur að aðeins 360 manns fylgdust með viðureign Vals og Þróttar en sá leikur hafði reyndar enga þýðingu en þetta var lélegasta aðsóknin í sumar. Hefði verið meðaltalsaðsókn á Hlíðarenda hefði



FLESTIR Í FIRÐINUM Aldrei þessu vant mættu ekki flestir áhorfendur á KR-völlinn. Besta mætingin var í Kaplakrika í sumar hjá Íslandsmeisturum FH. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

metið fallið. Þá hefði aðsóknarmetið eflaust verið slegið ef baráttan um Íslandsmeistarattitlinn hefði verið alveg fram í lokaumferðina.

Íslandsmeistarar FH fengu langflesta áhorfendur á sína heimaleiki eða 1.973 á hvern leik, samanborið við 1.574 í fyrra þegar félagið varð Íslandsmeistari í

fyrsta sinn. Því fjölgar um 399 að meðaltali á hvern heimaleik FH sem gerir félagið það vinsælasta hér á landi.

Það verða að teljast stórtíðindi að KR-ingar, sem hafa fengið langflesta áhorfendur á heimaleiki í Landsbankadeildinni, detta niður í 2. sætið. Alls mættu 1.333 að meðaltali á heimaleiki KR sem er fækkun um 258 á milli ára. Segja má að algjört hrun hafi verið í aðsókn á KR-völlinn frá 1999 þegar KR varð meistari í fyrsta sinn í rúma þrjátíu áratugi. Íslandsmeistaraárið 1999 mættu 2.501 að meðaltali á heimaleiki KR. Það hefur því orðið tæplega helmingsfækkun á 6 árum.

Athygli vekur mikil fækkun áhorfenda hjá Fram en Keflavík og ÍBV bæta töluvert við sig.

thorsteinngunn@frettabladid.is

MEDALADSÓKN 1995-2005

2005	-	1.070
2004	-	1.026
2003	-	1.025
2002	-	996
2001	-	1.076
2000	-	899
1999	-	897
1998	-	728
1997	-	646
1996	-	586
1995	-	606

AÐSÓKN 2005 2004

FH	1.973	1.574
KR	1.333	1.591
Valur	1.145	-
Fylkir	1.045	1.104
ÍA	1.035	1.146
Keflavík	989	830
Fram	836	1.127
Þróttur	856	-
Grindavík	795	805
ÍBV	697	537

VERÐLAUNAFÉ LANDSBANKANS 2005:

FH	1.000.000
Valur	700.000
ÍA	500.000
Keflavík	300.000
Fylkir	300.000
KR	300.000
Grindavík	300.000
ÍBV	300.000
Fram	200.000
Þróttur	200.000

X-ite
unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

September tilboð í Lyfjaval APÓTEK

Bílaapótek í Hæðarsmára og Mjódd

One guy walks the walk
The other talks and talks...

Samuel L. Jackson Eugene Levy

The MAN

Frábær grín- og spennumynd
Frumstýnd 16.09.05

Sendu SMS keytið

BTC TMF

á númerið 1900

og þú gætir unnið

Vinningar

Bíomiðar fyrir 2

DVD myndir

Coca Cola



POWERED BY



Vinningar verða afhendir hjá BÍÓ Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 149 kr./keytið.



MARKI FAGNAÐ Leikmenn Juventus fagna marki Alessandro Del Piero en hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri á Ascoli um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ítalski boltinn um helgina:

Del Piero á skotskónum

FÓTBOLTI Alessando Del Piero var maður helgarinnar í ítalska boltanum. Fabio Capello, þjálfari Juventus, setti Del Piero í byrjunarliðið á kostnað Zlatans Ibrahimovic gegn Ascoli og Del Piero þakkaði traustið og skoraði bæði mörk Juventus sem vann 2-1. Fyrra mark Del Pieros kom út vítaspyrnu en sigurmarkið beint úr aukaspyrnu. Capello hefur verið gagnrýndur fyrir að halda Del Piero úti í kuldanum.

„Ég sagði alltaf að Del Piero

væri í góðu formi. Ég hef líka alltaf sagt að hann er okkar liði mjög mikilvægur,“ sagði Capello eftir leikinn. Juventus hefur fullt hús stiga eða 9 eftir þrjár umferðir.

Stórlið AC Milan tapaði óvænt fyrir Sampdoria 2-1. Alberto Gilardino, sem kom frá Parma í sumar, skoraði sitt fyrsta mark fyrir AC Milan en það dugði skammt og stórliðið er nú 5 stigum á eftir toppliði Juventus.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

LIVERPOOL-MANCHESTER UNITED	0-0
BLACKBURN-NEWCASTLE	0-3
0-1 Shearer (62.), 0-2 Owen (66.), 0-3 N'Zogbia (85.).	
MANCHESTER CITY-BOLTON	0-1
0-1 Speed, víti (90.).	

STADAN:

CHELSEA	6	6	0	0	12-0	18
CHARLTON	5	4	0	1	8-3	12
MAN. UTD.	5	3	2	0	6-1	11
BOLTON	6	3	2	1	7-4	11
MAN. CITY	6	3	2	1	7-5	11
WEST HAM	5	3	1	1	10-4	10
TOTTENHAM	6	2	3	1	5-3	9
M'BORO	6	2	2	2	6-7	8
WIGAN	5	2	1	2	4-4	7
ARSENAL	4	2	0	2	7-4	6
LIVERPOOL	4	1	3	0	1-0	6
ASTON VILLA	6	1	3	2	5-9	6
PORTSM.	6	1	2	3	5-8	5
NEWCASTLE	6	1	2	3	4-7	5
BIRMINGH.	6	1	2	3	5-9	5
WEST BROM	6	1	2	3	6-11	5
BLACKBURN	6	1	2	3	3-8	5
EVERTON	4	1	0	3	1-4	3
SUNDERL.	6	0	1	5	3-10	1

Enska 1. deildin:

DERBY-SOUTHAMPTON	2-2
IPSWICH-NORWICH	0-1

STADA EFSTU LIÐA:

SHEFF. UTD	9	8	0	1	20-9	24
READING	9	6	2	1	18-6	20
WATFORD	9	5	2	2	21-12	17
LUTON	9	5	2	2	12-8	17
STOKE	9	5	1	3	10-11	17
S'HAMPTON	9	3	5	1	12-9	16

Spænska úrvalsdeildin:

ATHLETIC BILBAO-MALAGA	1-2
0-1 Edgar (84.), 1-1 Lacruz (89.), 1-2 Antonio (90.).	
ALAVES-GETAFE	3-4
1-0 Nene, víti (6.), 1-1 Belenguier (7.), 2-1 Nene (12.), 2-2 Riki (22.), 2-3 Riki (37.), 2-4 Pernia (50.), 3-4 Nene (65.).	
CADIZ-VILLAREAL	1-1
0-1 Jose Mari (37.), 1-1 Oli (45.).	
CELTA VIGO-RACING SANTANDER	0-1
0-1 Casquero (60.).	
ESPANYOL-REAL MADRID	1-0
1-0 Jarque (70.).	
OSASUNA-SEVILLA	1-0
1-0 David Lopez (62.).	
REAL BETIS-REAL ZARAGOZA	0-0
ATLETICO MADRID-BARCELONA	2-1
0-1 Eto'o (6.), 1-1 Torres (17.), 2-1 Kezman (46.).	

STADA EFSTU LIÐA:

GETAFE	3	2	1	0	7-4	7
DEPORTIVO	3	2	1	0	4-2	7
CELTA	3	2	0	1	5-3	6
OSASUNA	3	2	0	1	3-2	6
ESPANYOL	3	2	0	1	3-3	6
VALENCIA	3	1	2	0	5-4	5
BILBAO	3	1	1	1	5-3	4
BARCELONA	3	1	1	1	3-2	4

Ítalska úrvalsdeildin:

CAGLIARI-MESSINA	1-1
0-1 Donati (30.), 1-1 Suazo (41.).	
FIorentina-UDINESE	4-2
0-1 Muntari (28.), 1-1 Fiore (39.), 2-1 Toni (43.), 3-1 Donadel (79.), 4-1 Doni (86.), 4-2 Iaquinta, víti (90.).	
JUVENTUS-ASCOLI	2-1
1-0 Del Piero, víti (13.), 1-1 Cariello (32.), 2-1 Del Piero (38.).	
LAZIO-TREVISO	3-1
1-0 Rocchi (20.), 2-0 Pandev (25.), 2-1 Pinga (44.), 3-1 Oddo (86.).	
REGGINA-CHIEVO	1-3
1-0 Cozza (10.), 1-1 Franceschini (18.), 1-2 Franceschini (63.), 1-3 Madelli (77.).	
SAMPDORIA-AC MILAN	2-1
0-1 Gilardino (18.), 1-1 Bonazzoli (36.), 2-1 Tonetto (58.).	
SIENA-PALERMO	1-2
0-1 Terlizzi (19.), 1-1 Locatelli (20.), 1-2 Makinwa (58.).	
LIVORNO-ROMA	0-0

STADA EFSTU LIÐA:

JUVENTUS	3	3	0	0	7-1	9
FIorentina	3	2	1	0	8-5	7
LAZIO	3	2	1	0	5-2	7
PALERMO	3	2	1	0	6-4	7
LIVORNO	3	2	1	0	3-1	7

Norska úrvalsdeildin:

AALESUND-BODØ/GLIMT	1-1
Haraldur Freyr Guðmundsson var ekki í leikmannahópi Aalesund.	
HAM-KAM-LYN	1-0
Stefán Gíslason lék allan tímaminn í liði Lyn.	
ODD GRENLAND-VIKING	1-0
TROMSØ-FREDRIKSTAD	2-0
VÅLERENGA-LILLESTRØM	0-0
Árni Gautur Arason lék allan tímaminn í liði Vålerenga.	

Sænska úrvalsdeildin:

GEFLE-ÖRGRYTE	0-2
Jóhann B. Guðmundsson var ekki í leikmannahópi Örgryte.	
ASSYRISKA-KALMAR	0-7



ÓTRÚLEGUR Paolo Maldini setti enn eitt metið í gær.

Stóráfangi hjá Maldini: Maldini jafnaði met Zoffs

FÓTBOLTI Paolo Maldini, leikmaður AC Milan, jafnaði met Dino Zoff, fyrrum landsliðsþjálfara, þegar hann lék sinn 570. leik í ítölsku A-deildinni þegar Milan tapaði óvænt fyrir Sampdoria 2-1 á úti-velli.

Maldini, sem er 37 ára, lék sinn fyrsta leik í A-deildinni 20. janúar árið 1985 þegar Milan gerði 1-1 jafntefli gegn Udinese. Maldini mun slá met Zoffs ef hann spilar með Milan gegn Lazio á San Siro á miðvikudag.

Maldini hefur sjö sinnum orðið ítalskur meistari og alls fjórum sinnum Evrópumeistari. Einu vonbrigðin á glæsilegum ferli hans eru þau að hann hefur aldrei fagnað sigri á stórmóti með landsliði sínu.

Zoff sem átti metið fyrir var markvörður en markmenn eiga yfirleitt leikjamat í flestum löndum því ferill þeirra er oftast lengri en útileikmanna. - hh



UMDEILT MARK Leikmenn Espanyol sjást hér fagna marki sínu gegn Real Madrid. FRÉTTABALDIÐ/GETTY

Risarnir á Spáni töpuðu báðir:

Enn tapar Real Madrid

FÓTBOLTI Espanyol sigraði Real Madrid 1-0 á heimavelli sínum í spænsku úrvalsdeildinni í gær. Mark Espanyol gerði Daniel Jarque en það var afar umdeilt því dómari leiksins hafði flautað aukaspyrnu andartaki áður en Jarque skallaði boltann í netið. Þetta var þriðja tap Real í röð á leiktíðinni og þykir Wanderley Luxemburgo, þjálfari Real Madrid, afar valltur í sessi. Deim Sergio Ramos og Julio Baptista, sem liðið fékk í sumar fyrir háar upphæðir, var báðum vísað af velli. Zinedine Zidane var ekki með Real í leiknum en hann á við meðsli að stríða.

Spænsku meistaranir í Barcelona töpuðu óvænt fyrir Atletico Madrid á úti-velli. Atletico sigraði með tveimur mörkum gegn einu. Kamerúninn Samuel Eto'o kom meisturunum yfir á 6. mínútu en þeir Fernando Torres og Mateja Kezman svöruðu fyrir heimamenn. Kezman og Torres voru mjög ógnandi í leiknum og hefðu hæglega getað gert fleiri mörk. Lið Barcelona fann sig aldrei þrátt fyrir að hafa verið einum fleiri síðasta hálf tímann.

Að leikjum helgarinnar loknum er Getafe í efsta sæti ásamt Deportivo La Coruna með sjö stig en aðeins þrjár umferðir hafa verið leiknar. Getafe er efst því það hefur hagstæðara markahlutfall en Deportivo. Barcelona hefur hlotið fjögur stig en Real Madrid aðeins þrjú. - hh

Markahæsti leikmaður ÍBV frá upphafi er fluttur til Reykjavíkur og búinn með kvótann:

Steingrímur leggur skóna á hilluna

FÓTBOLTI „Ég held að þetta sé orðið gott. Ég hef verið að velta framtíðinni mikið fyrir mér í sumar og ég held að ég sé ekkert að rembast við þetta lengur. Það er gott að skilja við ÍBV á meðal þeirra bestu,“ segir Steingrímur Jóhannesson, markahrókur ÍBV, sem hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna, í bili að minnsta kosti.

Steingrímur skoraði 5 mörk í 17 leikjum í sumar og er markahæsti leikmaður ÍBV frá upphafi með 72 mörk í 189 leikjum. Steingrímur lék tvö ár með Fylki og skoraði 9 mörk í 32 leikjum.

Þá er hann næstleikjahæsti leikmaður ÍBV í efstu deild ásamt Þórði Hallgrímssyni en Ingi

Sigurðsson er leikjahæstur með 206 leiki. Alls lék Steingrímur 221 leik í efstu deild og skoraði 81 mark og er í sjöunda sæti yfir markahæstu leikmenn efstu deilda.

Steingrímur varð tvívegis Íslandsmeistari með ÍBV, 1997 og 1998, og markakóngur efstu deilda 1998 með 16 mörk. Þá varð hann einnig bikarmeistari 1998 með ÍBV og aftur með Fylki 2001 og 2002. Steingrímur lék einu sinni með íslenska landsliðinu, gegn Suður-Afríku undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar.

„Það hefði verið enn erfiðara að hætta ef ÍBV hefði fallið. Það var ótrúlegt að fagna þrátt fyrir

að tapa gegn Fylki í lokaumferðinni. En þetta hefur verið frábær tími í boltanum og margs að minnast. Sumarið 1998 stendur þó upp úr þegar við Eyjamenn unn- um bæði deild og bikar og ég varð markakóngur. Bikarævintýrið hjá Fylki var líka skemmtilegt. Ég hef lent í erfiðum meiðslum undanfarin misseri og lappirnar farnar að gefa eftir. Þá er ég fluttur með fjölskylduna frá Eyjum til Reykjavíkur og búinn að kaupa mér íbúð þar. Það kitlar kannski að halda áfram ef lappirnar eru í lagi en er þetta ekki spurning um að hætta á réttum tíma,“ sagði Steingrímur.

thorsteinngunn@frettabladid.is



STEINGRÍMUR JÓHANNESSON Hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna. Hann skoraði 72 mörk í 189 leikjum fyrir ÍBV.



Nú stjórnar þú hvenær prentað er í lit

Canon iR5800CN SMARTCOLOUR


Hagkvæmari litamöguleikar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Ávinningur fyrirtækja og stofnana af því að nota lit er augljós en margir stjórnendur hafa þó áhyggjur af litanotkun sökum kostnaðar. Með tímamóta tækni frá Canon þurfa stjórnendur hins vegar ekki lengur að hafa áhyggjur af þessu.

Canon iR5800CN er ný prentlausn sem sameinar ódýra svarthvíta prentun og litaprentun. Vélín prentar í svörtu nema annað sé valið, en velja þarf sérstaklega litaprentun sem tryggir að þú prentar aðeins út í lit þegar það á við. Þú getur einnig gefið notendum prentkvóta sem gerir þér kleift að stjórna hver getur prentað í lit og hversu mikið.

Með Canon iR5800CN getur þú prentað, ljósritað, skannað, faxað* og sent tölvupóst* í svörtu eða allt í lit... þitt er valið og valdið.

*Aukabúnaður



Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á réttu prentlausninni.

Síminn er 569 7700 og netfang canon@nyherji.is

Söluaðilar um land allt.



NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík
Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Engin íslensk verðlaun á Norðurlandamótinu í golfi: Klúður hjá Heiðari Davíð

GOLF Íslendingar fóru illa að ráði sínu á Norðurlandamótinu í golfi sem fram fór á Hauger-vellinum skammt norðan við Osló í Noregi um helgina. Íslendingar hlutu engin verðlaun að þessu sinni en Heiðar Davíð Bragason, sem var í 2. sæti fyrir lokahringinn, spilaði sig úr verðlaunasæti.

Hann lék lokahringinn á 77 höggum eða 5 yfir pari og varð að sætta sig við sjötta sætið, samtals á 8 höggum yfir pari. Aðrir íslenskir kylfingar náðu sér ekki á strik en yngsti landsliðsmaðurinn, Pétur Freyr Pétursson úr GR, vakti athygli en hann lék síðasta hringinn á einu höggi yfir pari en hann er aðeins 15 ára. Pétur fékk

fjóra fugla á lokahringnum, þar af þrjá á seinni nýu holunum. Pétur endaði í 10. sæti en hann lék fyrsta hringinn á 84 höggum og annan hringinn á 80 höggum.

Íslenska karlalandsliðið varð í 4. sæti í liðakeppninni en Norðmenn urðu Norðurlandameistarar. Íslenska kvennalandsliðið, sem var í 3. sæti fyrir lokahringinn, varð að sætta sig við 4. sætið. Tinna Jóhannesdóttir úr GK lék best íslensku stúlknanna á lokahringnum og varð í 7. sæti í einstaklingskeppninni. Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR náði sér ekki á strik og varð í 11. sæti. Finnland varð Norðurlandameistari kvenna.

- Þg

Breiðablik er stórveldi íslenskrar knattspyrnu

Breiðablik vann 11 titla í fótboltaum í sumar. Galdurinn er vel menntaðir þjálfarar og öflugt foreldrararf. Formaður unglíngaráðs Breiðabliks vill að HK fái sína eigin knattspyrnuhöll.

FÓTBOLTI Breiðablik sópaði til sín Íslands- og bikarmeistararitlum í fótboltaum í sumar og er sigursælasta lið landsins og stórveldi íslenskrar knattspyrnu. Alls unnu meistara- og yngri flokkar Breiðabliks 11 titla í sumar og reyndar gæti einn bæst við í sarpinn í viðbót. Þá varð félagið í 2. sæti í fimm flokkum. „Galdurinn á bak við árangurinn er vel menntaðir þjálfarar og öflugt foreldrararf,“ segir Ingólfur Sigmundsson, formaður unglíngaráðs Breiðabliks.

Líklega er árangur Breiðabliks í sumar Íslandsmet. Íslandsmeistararitlarnir eru sex. Kvinnalið Breiðabliks varð Íslands- og bikarmeistari, karlalið félagsins vann 1. deildina, félagið varð Íslandsmeistari í öllum kvennaflokkunum nema einum, þrjú bikarmeistararitlar komu í hús, 3. flokkur drengja varð Íslandsmeistari og nokkrir flokkar urðu í 2. sæti.

Tvö B-liðagull komu einnig í hús. Alls eru 686 iðkendur skráðir í yngri flokkum Breiðabliks, þriðjungurinn er stúlkur. Fjöldinn er slíkur að farið er að þrískipta yngstu flokkunum á æfingum og í 11 manna bolta er flokkunum getuskipt.

„Iðkendafjöldinn er ansi mikill og mikill vandi að halda utan þetta. Verði fjölgunin mikið meiri munum við lenda í talsverðum vandræðum því þá sprengjum við allt utan af okkur. Búast má við iðkendasprengju í haust því Kópavogsbær mun niðurgreiða æfingagjöld sem nemur 10.000 kr. á hvern haus hjá börnum fæddum 1993 til 1999.“

Aðstaðan er frábær en við fáum 60% af tímunum í Fífunni á móti HK. Þá er bærinn, því miður vil ég segja, að reyna að leigja út einhvern hluta af tímunum í hús.



DROTNINGARNAR Í BOLTANUM Meistaraflokkur kvenna hjá Breiðablik vann tvöfalt í sumar en þeir titlar eru aðeins tveir af fáum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

inu. Þetta þýðir að yngstu flokkar Breiðabliks fá aðeins eina til tvær æfingar á viku í Fífunni en æfa á móti í íþróttahúsum. Eldri flokkarnir fá tvær æfingar í Fífunni og æfa svo á malarvelli tvisvar í viku á móti,“ sagði Ingólfur.

Hann neitar því ekki að óska staðan væri ef HK fengi sína eigin knattspyrnuhöll. „Við getum allveg fullnýtt Fífuna og vel það.“

Umgjörð Breiðabliks er til mikillar fyrirmyndar. Hver flokkur hefur umsjónarmann sem samman mynda unglíngaráð, ráðið myndar stjórn og formaður henn-

ar er hluti af stjórn knattspyrnu-deildar.

Um 20 þjálfarar starfa hjá knattspyrnu-deild Breiðabliks undir stjórn yfirþjálfara.

„Við reynum að vinna eftir ákveðnu skipulagi. Breiðablik er í samstarfi við hollenska liðið Feyenoord og þeir hjálpa okkur að leggja línurnar. Við viljum geta sagt að eftir hvert ár hafi iðkendar lært ákveðinn hlut. Samstarfið hófst fyrir einu ári og er í þróun. Í haust er ætlunin að stíga stærri skref og leggja skýrari línur,“ segir Ingólfur.

thorsteinn@frettabladid.is

MERI GRILLHÚS

Nú er hægt að grilla allt árið
Fullbúið grillhús 8-kantað
með bekkjum



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Helsinki bjálkahús



Óvenjuleg og falleg bjálkahús
alls 54 fm. með 13 fm. verönd
LÆKKAÐ VERÐ



goddi.is Auðbrekku 19, 200 Kópavogur. sími 544 55 50

Garðhús Eskola 2 - 11,5fm

ætlað fyrir heitan pott
eða grill með 6 gluggum
og tvíbreiðri hurð
Einnigsem geymsluhús
heikklætt
MIKIL VERÐLÆKKUN



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Finnskir sauna ofnar

Raf- eða
viðarkyntir.
Einnig arinofnar.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

BÁTAKERRA LCI-880

392x134cm, galv.
Burðarg. 270 kg.
Fleiri gerðir.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Áklæðaúrvalið er hjá okkur.

Leður og leðurlíki. Auk þess pöntunarþjónusta
eftir ótal sýnishornum.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Knattspyrnufélag Evrópu græða fánalegar fjárhæðir í stærstu keppni heims: Bayern græðir mest á Meistaradeild Evrópu

FÓTBOLTI Bayern München frá Þýskalandi er það félag sem hefur grætt mest allra á þátttöku í Meistaradeild Evrópu síðustu 12 ár, eða frá því að deildin tók á sig þá mynd sem almenningur þekkir í dag. Fram að árinu 1992 þekktist Meistaradeildin einfaldlega sem Evrópukeppni meistaraaliða þar sem keppt var með hefðbundnu útsláttarformi. En frá því að deildarfyrikomulagið var tekið upp fyrir 12 árum hefur velta keppinnar aukist ár frá ári og í dag er hún hreinræktuð gróðalind fyrir þau lið sem komast í gegnum forkeppnina.

Alls hefur Bayern fengið 131 milljón punda af þátttöku sinni í Meistaradeildinni þessi 12 ár en



SIGURVEGARARNIR ÁRIÐ 2001 Sigur Bayern í Meistaradeildinni árið 2001 skilaði félaginu 31 milljón punda í kassann, sem er hæsta greiðsla sem UEFA hefur nokkru sinni greitt félagi á einni leiktíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÞAU HAFNA GRÆTT MEST:

Félag	upphæð*
Bayern München	131,0
Manchester Utd.	121,3
Real Madrid	119,9
Juventus	103,1
AC Milan	92,6
Arsenal	91,4
Barcelona	80,1
B. Leverkusen	77,7
Lyon	68,1
Valencia	60,2
Deportivo	60,1
B. Dortmund	59,9
Chelsea	59,9
Lazio	50,9
FC Porto	49,4
Monaco	49,0
Liverpool	45,4
PSV	43,3
Ajax	43,2
Inter	39,5
*í milljónum punda	

næst kemur Man. Utd. með rúm 121 milljón punda. Real Madrid kemur í þriðja sæti með rétt tæpar 120 milljónir punda og hafa þessi þrjú lið nokkra yfirburði á toppi listans.

Staða Bayern á toppnum kemur nokkuð á óvart þar sem liðið er alls ekki það sigursælasta í sögu Meistaradeildarinnar. Hins vegar fara greiðslur Knattspyrnusambands Evrópu til liðanna í keppninni eftir umfangi sýnvarpsmarkaðarins í landi viðkomandi liðs, og þar sem sá markaður er stærstur í Þýskalandi fá lið sem koma þaðan gríðarlegar tekjur af því að selja sýnvarpsréttinn á leikjum sín-

um. Til marks um það má nefna að árið 2001, þegar Bayern fór alla leið í keppninni, var liðið með 31 milljón punda í hreinar tekjur af þátttöku sinni í keppninni. Er það langstærsta upphæð sem UEFA hefur greitt einu félagi á einni leiktíð.

Staða Porto á listanum sýnir glögglega hversu stærð sjónvarpsmarkaðarins skiptir miklu máli. Liðið hefur tíu sinnum komist í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og unnið hana þar auki einu sinni, en samt er félagið með minni innkomu en Chelsea, sem hefur aðeins þrívægis tekið þátt í deildinni og aldrei komist lengra en í undanúrslitin.

- víg

ÚR SPORTINU

Rafael Nadal sigraði á opna kínverska meistaramótinu í tennis um helgina. Hann vann Argentínumanninn Guillermo Coria í úrslitaleik á sunnudag. Nadal hefur nú unnið tíu titla á mótaroðinni í tennis í ár eða jafn marga og Roger Federer sem er númer eitt á heimslistanum. Nadal, sem er 19 ára frá eyjunni Mallorca á Spáni, er í öðru sæti heimslistans.



Pétur Mar Pétursson, 18 ára gamall miðvallarleikmaður, var í fyrsta skipti í leikmannahópi KR í Landsbankadeild



karla. Pétur Mar er sonur Péturs Péturssonar sem gerði garðinn frægan í knattspyrnunni hér á árum áður. Pétur lék með ÍA

, KR og Tindastól hér á landi en með Feyenoord, Anderlecht, Antwerpen og Hercules Alicante erlendis. Þá þjálfaði hann KR í tvö ár og gerði þá að Íslandsmeisturum árið 2000.

Dýrasti leikmaður í sögu Íslendingaliðsins Stoke City, Sambegou Bangora frá Gíneu, sem félagið keypti í lok ágúst mánaðar var handtekinn á Nottingham-flugvelli í Bretlandi í lok síðustu viku. Hann er grunaður um að hafa reynt að smygla ólöglegum innflytjenda inn í landið en Bangoura neitar sök og var leystur gegn tryggingu á laugardag. Bangoura hefur enn ekki leikið með Stoke en spilar líklega með þeim gegn Wolves næsta laugardag á heimavelli Stoke, Britannia Stadium.



Atli Sveinn Þórarinnsson, Baldur Aingimar Aðalsteinsson og Steinþór Gíslason, leikmenn Vals í Landsbankadeild



karla, voru allir hvíldir vegna hættu á leikbanni í leiknum gegn Þrótti á laugardag. Valur á að leika gegn Fram í úrslitaleik bikarkeppinnar á laugardaginn

nk. og því vildi Willum Þór Þórsson ekki taka neina áhættu og hvíldi því þremmingana.

David James, markvörður Manchester City og fyrrverandi landsliðsmarkmaður, vill að Wayne Rooney leiti sér aðstoðar íþróttasálfræðings en Rooney hefur gengið afleitlega að hemja skapið í undanförunum leikjum. „Hann ætti að vera óhræddur við að leita sér aðstoðar íþróttasálfræðings, ég gerði það á sínum tíma og það hjálpaði mér mikið. Fólk má ekki halda að maður þurfi að eiga eitthvað verulega erfitt þótt maður leiti sér aðstoðar hjá fagmanni. Sálfræði er stór partur af því að vera heimsklassaleikmaður í nútímabólta. Rooney er með afbrigðum orkumikill leikmaður og stundum held ég að hann viti ekki hvað hann á að gera við alla þessa orku,“ sagði James.



Markvörðurinn Emir Dervic, 23 ára gamall frændi Izudin Daða Dervic, þjálfara Hauka í 1. deild karla, lék lokamínúturnar með Haukum gegn KA á



föstudagskvöld í einhverjum ótrúlegasta knattspyrnuleik sem hefur verið háður hér á landi á undanförunum árum. Emir kom inná þegar aðalmarkverði Hauka, Amir Mehica var vísað af leikvelli á 80 mínútu. KA vann leikinn 5-4 en Haukar voru 3-0 yfir í hálfleik. Fimm mörk voru skorud á síðustu sjö mínútum leiksins.



Fimm leikir í norska boltanum í gær:

Stefán við hlið Mikel hjá Lyn

FÓTBOLTI Fimm leikir fóru fram í norsku úrvalsdeildinni í gær og komu Íslendingar við sögu í tveimur þeirra sem og einn Íslandsvinur. Árni Gautur Arason var að venju í marki Vålerenga sem tók á móti Lilleström í gærkvöld. Leiknum lyktaði með markalausum jafntefli en Árni Gautur átti góðan leik og kom sínum mönnum oft til varnar.

Stefán Gíslason lék við hlið Nígeríumansins John Obi Mikel á miðjunni hjá Lyn sem að vísu tapaði fyrir Ham-Kam, 1-0. Stefán

spilaði allan leikinn en Lyn er í fimmta sæti deildarinnar með 34 stig. Haraldur Freyr Guðmundsson var ekki í leikmannahópi Álasunds sem gerði 1-1 jafntefli við Bodö/Glimt.

Að síðustu má geta þess að Allan Borgvardt, fyrrum FH-ingur, kom inn á sem varamaður í lið Vikings sem tapaði 1-0 fyrir Odd Grenland þegar fimm mínútur voru eftir.

Í kvöld er svo á dagskrá Íslendingaslagur þegar Brann, með Kristján Örn Sigurðsson innanborðs, mætir Jóhannesi Harðarsyni og félagum í Start. Ólafur Örn Bjarnason leikur einnig með Brann en hann er frá vegna meiðsla.

JOHN OBI MIKEL Er á leið til Manchester United en hann sagði í vor að hann hefði verið þvingaður til að skrifa undir samning við félagið. NORDIC PHOTOS/AFP

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FORMÚLA

& GOLF

ALLA NÆSTU HELGI

FORSETABIKARINN
FIMMTUDAG - SUNNUDAG

A1 GRAND PRIX

HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU
LAUGARDAG - SUNNUDAG

besta sætið



allt markvissar auglýsingar

...um heilsu

á þriðjudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍJALUS · VEF 20223 · 04/2005

STUÐ MILLI STRÍÐA :: Versti dagur vikunnar?

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR MÁNUÐÖGUM FYRIR SÉR



MYND: HELGI SIGURSSON

Þessi ágæti dagur sem rann upp í morgun hefur pirrað marga. „Það er einhver mánudagur í mér,“ hefur einhver hugsað þegar blessaða vekjarklukkan vakti hann með angurværu pípi. Reif sig nú samt á lappir enda hefur afsökunin um að það sé mánudagur aldrei verið tekin gild. Mánudagurinn tekinn með sér í vinnuna. Til að bæta gráu ofan á svart þurftu margir að húka í bévítans umferðartepunni enda allir skólakrakkarnir komnir á kreik.

Enn verra er náttúrulega að það er byrjað að kólna. Fljótlega þurfum við að taka fram sköfurnar, hita bílana áður en við setjumst upp í þá og jafnvel setja á okkur húfur og vettlinga. Yfirleitt gerast þessar veðurbreytingar á mánudögum. Ekki er það deginum til framdráttar. Þegar loksins er komið í vinnuna blasir við stafli af verkefnum sem við sjáum ekki fram úr. Einhver sefur yfir sig og annar er bara ekki í stuði. „Það er mánudagur,“ segir hann örþreyttur eftir skemmtanir helgarinnar í 101.

Mánudagsleiðindin hafa ratað í popplög. Boomtown Rats sungu um stúlkuna sem skaut skólafélaga sína af þeirri ein-

földu ástæðu að hún kunni ekki við mánudaga. Við Íslendingar eigum okkur vísu þar sem sunnudagur er til sælu en mánudagur til mæðu. Er það nema von að enginn á þessu landi kunni vel við mánudaga.

Lausnin við þessu hatri liggur ekki í augum uppi. Þegar ég var í grunnskóla ræddum við krakkarnir um að sleppa mánudögum eins og sumir kennarar gerðu reglulega. Okkur varð þó snemma ljóst að okkar mánudagur kæmi bara í staðinn á þriðjudegi. Baráttan gegn mánudögum er því fyrirfram töpuð. Eina lausnin er að gera sem best úr honum, hann er jú í hverri viku.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biðdu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	2	4	5	1	8	7	6	9
6	9	1	3	4	7	5	2	8
8	7	5	9	6	2	4	3	1
1	4	2	6	9	3	8	5	7
7	6	8	2	5	4	1	9	3
9	5	3	7	8	1	2	4	6
4	3	6	8	7	5	9	1	2
2	1	7	4	3	9	6	8	5
5	8	9	1	2	6	3	7	4

		4		5	3	8	9	
8			7		9			
9	2		1		6		7	
5	7						4	
2		1		8		3		9
	3						2	8
3	6		4		9			1
		8		5				4
	2	5	9	6		7		

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Skólástyrkur

- fyrir alla!

Reiknaðu dæmið til enda...

ADSL tengi í 6 mánuði - 23.340 kr.
Full nýting á biókorti - 19.200 kr.
Full nýting á tónlist.is - 8.940 kr.
Afgangur 4.800 kr.

Fáðu greitt fyrir að vera með ADSL hjá okkur!

4 Mb/s

extra light

V16

ADSL

Pú færð BTnet í næstu verslun BT!

V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.

á mánuði allt innifalið auk biókorts og áskrift af tónlist.is!

- líka fyrir þá sem eru í skóla lífsins.

Skólástyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- • **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- • **Frítt í bió** (gildir í sex mánuði).
- • **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tónlist.is).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!
Nánar á www.btnet.is

Við hjálpum þér í gegnum námið á fullum hraða!



TÓNLIST.IS

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN

BORGARBÍÓ

BTNET

www.btnet.is

HUGSABU STÓRT

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

DEUCE BIGALOW
EUROPEAN GIGOLO

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

MAN

SAMUEL L. JACKSON
EUGENE LEVY

Harðasta löggan í bænum er í þann mund að fá stórskrýttinn félag!

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á lagginn sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!

NIGHT WATCH

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

DEUCE BIGALOW
EUROPEAN GIGOLO

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ára

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

THE MAN

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 8 og 10:15

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

LAND OF THE DEAD

Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 16 ára

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

AVACIN FERDIN

Sýnd kl. 4 og 6 í Þríviðd

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000

THE NEW FACE OF TERROR IS "COOL AS HELL"

Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á lagginn sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!

Fyrsti hluti í epískum fantasíu þrileik

Hið nýja andlit óttans

Aldrei annað eins hefur sést í bíó hérlendis áður!
Mynd sem slegið hefur í gegn!
Missið ekki af þessari!
Night Watch is F***ING COOL!
Quentin Tarantino

NIGHT WATCH

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

DEUCE BIGALOW
EUROPEAN GIGOLO

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ára

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

THE MAN

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 8 og 10:15

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

LAND OF THE DEAD

Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 16 ára

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

AVACIN FERDIN

Sýnd kl. 4 og 6 í Þríviðd

Borgarbíó Deuce Bigalow b.i. 14 ára kl. 6 og 8
The Man kl. 6, 8 og 10
Land of the Dead kl. 10

LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

- bara lúxus

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

MAN

Sýnd kl. 6, 8 og 10

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 8 og 10:15

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

LAND OF THE DEAD

Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 16 ára

FRÁÆR GRÍN- OG SPENNUMYND

AVACIN FERDIN

Sýnd kl. 4 og 6 í Þríviðd

www.laugarasbio.is

- TÓNLEIKAR**
- 14.00 Hørsholm Fløjteensemble kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu og flytur meðal annars verk eftir Haydn, Debussy, Ibert og Brahms. Stjórnandi er **Nina Udсен**. Aðgangur er ókeypis.
- FYRIRLESTRAR**
- 12.30 Kínverska myndlistarkonan og sýningarstjórnin **Yean Fee Qaiy** flytur fyrirlestur um asíska nútímalist í Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegí 91, stofu 024.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HDV

Hlín Mogensdóttir varð milljarðamæringur í síðustu viku

Maðurinn hennar stofnaði Skype

Þeirir þegar aðrir þegja!

KYNNINGARKVÖLD VIÐ HAMRAHLIÐ

Kynningarkvöld fyrir forráðamenn nýnema MH

fimmtudaginn 22. september kl. 20:00 - 21:30

Rektor og námsráðgjafi flytja stutt ávörp, kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur og að því loknu fara umsjónarkennarar með foreldrum í kennslustofur og ræða málin stutta stund. Kórfélagar framreiða kaffi og með því gegn vægu gjaldi. Ágóðinn rennur í ferðasjóð kórsins. Við hvetjum ykkur til þess að taka frá þetta kvöld og nýta ykkur tækifærið til að koma í MH og kynnst starfinu hér.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýr og grimmarí Bond

Það hefur mikið verið rætt og ritað um þau vandræði sem James Bond kvikmyndabákurinn er kominn í um þessar mundir. Bákurinn var síðast uppfærður hressilega árið 1995 þegar Pierce Brosnan birtist fyrst sem Bond í Goldeneye. Þar var Bond tengdur betur við nútímann. Hann var látinn horfast í augu við það að hann væri stöðnuð risaöla frá kalda stríðsárunum og yfirmaður hans, M, var nú orðinn kona.

Það hefur hins vegar fjarð hratt undan Bond og eftir fjórar myndir hefur Brosnan verið rekinn og leit stendur yfir af arftaka hans. Bákurinn hefur ekki þótt standast ferskari hetjum snúníng og þar þykir Jason Bourne, sem Matt Damon leikur í The Bourne Identity og Bourne Supremacy, helst skyggja á breska leyniþjónustumanninn.

Ákveðið hefur verið að byggja næstu Bond-mynd á fyrstu skáldsögu Ian Flemming um kappann, Casino Royale. Þessi bók er ofbeldisfyllri en allar síðari bækur höfundarins og þar kynnast les-



endur ungum og vægast sagt kaldrifjuðum James Bond. Það er ekkert glens og grín, engin undrætki frá Q. Andstæðingar Bonds eru hreinræktaðir sadistar og geðheilsa Bonds síður en svo í lagi.

Paul Haggis vinnur að handriti myndarinnar en hann á að baki handrit að ekki ómerkari myndum en Million Dollar Baby eftir Clint Eastwood og hina mjög svo athyglisverðu Crash.

„Þetta verður gott,“ segir Haggis um Casino Royale. „Við erum að reyna að enduruppgötva Bond. Hann er 28 ára og hefur engin tófratöl sér til stuðnings.“

James Bond er því í áhuga-verðri naflaskoðun og allt útlit er fyrir að sá Bond, hver sem mun leika hann, verði ólíkur öllum þeim Bondum sem hingað til hafa heillað bíógesti.

JAMES BOND Alvöru handritshöfundur hefur verið fenginn til að gera handrit eftir fyrstu skáldsögu Ian Flemming um njónsarrann. Sá Bond sem þar birtist er illskeyttari og kaldranalegr en bíógestir hafa nokkurn tíma séð hann.

Rithöfundurinn Brando

Áður óbirt skáldsaga sem leikarinn Marlon Brando skrifaði í samvinnu við félag sinn til margra ára, leikstjórnann Donald Cammell, er kominn í hillur bókaverslana fjórum mánuðum eftir andlát leikarans. Þetta er sjóræningjasaga sem þykir gefa ágæta innsýn í hugarheim og líf Brandos sem heillaðist mjög af Kyrrahafinu og eyjum þess þegar hann lék í Uppreisninni á Bounty árið 1962 á Tahítí.

Það var árið 1979 sem Brando bað Cammell um að skrifa með sér sjóræningjasögu en það er fyrst nú sem kvikmyndafraeðingurinn David Thomson var fenginn til að slípa til og ganga frá ókláruðu handriti félaganna, enda kærði Brando sig aldrei um að bókin yrði gefin út.

Sagan gerist árið 1927 og Thomson segir að hún sé ágætis ævintýri þótt hún geti verið talist til virðulegra bókmennta. „Það kemur hins vegar mjög á óvart að Brando skuli hafa átt þetta til og bókin segir okkur margt um hann,“ segir Thomson.



MARLON BRANDO Er þekktastur fyrir afrek sín á hvíta tjaldinu en honum var margt til lista lagt og nú er kominn út sjóræningjaskáldsaga eftir leikarann, fjórtán mánuðum eftir andlát hans.

Angelina gæti orðið ofurfyrirsæta

Leikkonan og ofurstjarnan Angelina Jolie gæti orðið hæstlaunaða leikkonan sem haslar sér völl í fyrirsætubransanum náist samningar milli hennar og tiskuvörumerkisins St. John í Kaliforníu. Fregnir herma að þökkagjöfunni, sem hefur gert garðinn frægan í Tomb Raider-myndunum og Mr. and Mrs. Smith með Brad Pitt, hafi verið boðnar 12 milljónir dollara fyrir að gerast andlit St. John.

Jolie myndi þá leysa Gisele Bündchen, unnustu leikarans Leonardo DiCaprio, af hólmi en Gisele verður í fylkingarbrjósti þegar St. John kynnir haust- og vetrarlínu sína. Það er ofurljósmyndarinn Mario Testino sem tekur myndirnar af Gisele fyrir St. John og það er almennt talið að ef Angelina muni fylla skrað hennar þá opnast Hollywood-leikkonum áður óþekktar dyr inn í heim ljósmyndafyrirsætna enda er upphæðin sem Angelinu býðst töluvert hærri en áður hefur þekkt hjá stallsysturum hennar.

Gwyneth Paltrow og Elizabeth Hurley fengu 5,4 milljónir dollara fyrir störf sín fyrir Estee Lauder og Nicole Kidman fékk greiddar 5 milljónir dollara fyrir að vera andlit Chanel.



ANGELINA JOLIE Þessari eftirsóttu þökkagjöfu bjóðast nú fáheyrdar upphæðir fyrir að gerast ljósmyndafyrirsæta. Landi hún samningnum munu væntanlega aðrar leikkonur hækka sínar launakröfur á þessu sviði.

HÁDEGISBÍO 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓLUNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVIKMYNDAMÓÐS LANDSINS • HAGATORGI • S. 533 1919 • www.hoykalebbia.is

HAF ERU TIL STAÐIR SEM HESINUM VAS ALOREI JETLAD AD FARA A

HAF ERU TIL STAÐIR SEM HESINUM VAS ALOREI JETLAD AD FARA A

HELCI BJÖRNS BJÖRN HLYVINDI SIGURDUR SKULASON

HELCI BJÖRNS BJÖRN HLYVINDI SIGURDUR SKULASON

HELCI BJÖRNS BJÖRN HLYVINDI SIGURDUR SKULASON

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
THE CAVE KL. 6.15-8.20-10.30 B.I. 16	SKY HIGH KL. 8-10	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 5.45-8-10.15
THE CAVE VIP KL. 8.20-10.30	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 8-10.15	SKY HIGH KL. 5.45-8-10.15
SKY HIGH KL. 3.50-6-8.15-10.30		STRÁKARNIR OKKAR KL. 8-10.15 B.I. 14
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.30-6-8.15-10.30		RACING STRIPES isl. tal KL. 5.45
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY VIP KL. 3.30-6		
STRÁKARNIR OKKAR KL. 6-8-10.10 B.I. 14		
THE DUKES OF HAZZARD KL. 8.15-10.30		
RACING STRIPES enskt tal KL. 6		
RACING STRIPES isl. tal KL. 4		
HERBIE FULLY LOADED KL. 3.50		
MADAGASCAR isl. tal KL. 4		

FRÁÐER SKEMMTUN SAMBÍÓLUNUM

ÁLFABAKKI ☎ 387 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 463 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

Háskólabíó

Crowe hótar útleið

Ástralska buffið og Óskarsverðlaunahafinn Russell Crowe hefur hótað því að snúa baki við Hollywood og Bandaríkjunum verði hann fundinn sekur í líkamsárasmáli sem höfðað hefur verið gegn honum. Crowe er gefið að sök að hafa kastað síma í andlit hótélstarfsmanns í New York í júní og gæti lent í vandræðum með landvistarleyfi í Bandaríkjunum verði hann dæmdur sekur. Ef marka má leikar-

ann sjálfan mun honum ekki sviða það enda segist hann tilbúinn til að snúa endanlega bakinu við Bandaríkjunum og Hollywood. „Kannski er bara best að ég sé ekkert að koma til Bandaríkjanna,“ sagði leikarinn í viðtali við breska blaðið Daily Mirror. „Það er ef til vill best að ég starfi ekki í svona umhverfi sem laðar að sér svona mörg aðskotadýr. Ef mér er sagt of oft að drulla mér í burtu þá geri ég það sennilega.“



RUSSELL CROWE Er í bölvuðum vandræðum og hefur hótað því að hætta að vinna í Bandaríkjunum verði hann fundinn sekur í líkamsárasmáli.

Tökin hert THE TURN OF THE SCREW
BY BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - ýsýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í Óperunni.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Lingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

FRÉTTIR AF FÓLKI

Unglingspilturinn og tölvusénið sem „hakkadi“ sig inn á farsíma Paris Hilton fyrr á þessu ári og birti símaskrá leikkonunnar á netinu hefur verið dæmdur til 11 mánaða vistar á heimili fyrir vandræðaunglinga. Hinn dæmði er 17 ára gamall piltur frá Massachusetts en saksóknari vill ekki gefa upp nafn hans vegna ungs aldurs sakborningsins. Yfirvöld hafa hins vegar staðfest að drengurinn játaði á sig sekt í nju ákæruatriðum þar á meðal tölvuinnbrot, þjófnað á persónuupplýsingum og að hafa sent sprengjuhótanir til menntaskóla.

Meðan á afplánum piltins stendur og næstu tvö ár eftir að hann losnar er honum óheimilt að nota tölvur, farsíma og öll önnur töl sem gera honum mögulegt að tengjast netinu.



Keramik fyrir alla

Dömu kvöld

Fimmtudag 22. sept. kl. 20-23.
Opið hús með mat.
Verð kr. 850 + keramik.
Bókið núna.

Keramik fyrir alla
